2




28–29




30–31




# Bændablaðið

9. tölublað 2019 ● Fimmtudagur 16. maí ● Blað nr. 538 ● 25. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is



Þeir virtust sáttir við lífið og tilveruna, grísirnir sex sem sugu mömmu sína af miklum móð í Húsdýragarðinum í Reykjavík þegar ljósmyndara Bændablaðsins bar að garði á þriðjudag. Hjá geitahuðnunni var líka nóg að gera við að passa upp á sína kiðlinga og gefa þeim kjarngóða mjólk. Mikil aðsókn hefur verið að garðinum að undanförnu og mun meiri en á sama tíma í fyrra þegar það rigndi hvern einasta dag maímánaðar. Myndir / HKr.

## Dýr í borg

**Húsdýragarðurinn í Laugardal átti 25 ára afmæli á síðasta ári og segir Þorleifur Máni Þorkelsson, verkefnastjóri hjá Húsdýragarðinum, alltaf mjög mikla aðsókn að garðinum. Hún aukist svo enn þegar hlýnar tekur og sól sést á lofti.**

„Það er búið að vera mikið að gera í apríl og það sem af er maí og mun meiri aðsókn en á sama tíma í fyrra. Enda var veðrið þá afskaplega leiðinlegt. Í fyrra rigndi alla daga í maí svo strax 2. maí nú í ár var mánuðurinn orðinn þurrari en allur maí í fyrra.

Hingað koma nokkur þúsund manns um helgar og um leið og það skín sól þá fyllist hér allt.“

Þorleifur segir að skólar í Reykjavík og nágrenni nýti sér mjög að koma í garðinn yfir veturinn og á vorin.

„Hér er skipulagt fræðslustarf í gangi allt árið og sér í lagi á veturna meðan skólarnir eru í gangi. Við erum að taka inn í þetta starf um tíu þúsund krakka á hverjum vetri.“

Um 15 manns starfa við garðinn allt árið en starfsmannafjöldinn eykst mjög yfir sumarið og getur þá farið í 80 manns. */HKr.*

# Skagfirðingar hafa verulegar áhyggjur af uppgangi villiminks í náttúrunni

## – Dýrin orðin stærri en áður var, hundar ráða ekki við þau og refurinn ekki heldur

**„Það er alveg full ástæða til að hafa verulegar áhyggjur, það hafa mikil umskipti orðið til hins verra,“ segir Jón Númason á Þrasastöðum í Fljótum og minkaveiðimaður í Skagafirði.**

Landbúnaðarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur áhyggjur af uppgangi minks innan sveitarfélagsins og hvetur hún menn til að halda vöku sinni. Drög að áætlun um minka- og refaveiði fyrir árið 2019 voru lögð fram á síðasta fundi nefndarinnar. Samþykkt var að greiða 20 þúsund krónur fyrir grendýr vegna refaveiða ráðinna veiðimanna og 7 þúsund krónur fyrir hlaupadýr og vetrarveiði. Verðlaun til annarra fyrir unninn ref verða 7 þúsund krónur. Ráðnir minkaveiðimenn fá 7.200 krónur fyrir unnið dýr og verðlaun til annarra verða 1.800 krónur.

### *52 dýr veidd í Fljótum í fyrra*

Jón sá áður um veiðar í um það bil helmingi Skagafjarðar en hefur nú eingöngu Fljótin á sinni könnu. Á liðnu ári veiddi hann 52 dýr í Fljótum og segir að mink úti í



Jón Númason í leit að mink á fjallsbrún fyrir ofan Þrasastaði í Fljótum.

náttúrunni fjölgi ár frá ári. Ekki sé lengur hægt að skella skuldinni á dýr sem sleppi úr búrum á minkabúum því þeim hafi fækkað gríðarlega á liðnum árum og sé til að mynda einungis eitt slíkt eftir í Skagafirði. Búrdýrin þekkist líka úr hópnum, þau eru gæfari en hin.

„Fyrst og fremst má rekja uppgang minks í íslenskri náttúru til þess að veiðum er ekki sinnt sem skyldi. Það má svo eflaust rekja til þess að launin eru ekki ýkja góð, þau eru byggð þannig upp að greitt er fyrir veidd dýr, en oft er staðan sú að maður er á ferðinni heilan dag við leitir og finnur ekki neitt, veiðir ekkert dýr og fær þá engin laun. Það verður svo til þess að áhugi á veiðum dalar, minkurinn fær frið og honum fjölgar,“ segir Jón.

### *Dýrin um kílói þyngri en áður*

Jón segir að dýrin hafi stækkað og séu að jafnaði um einu kílói þyngri en þau voru áður. Nefnir hann að í fyrra hafi hann náð tveimur karldýrum sem voru yfir 4 kíló að þyngd. Vígtennur dýranna eru um 3 sentímetrar.

„Þetta eru allt önnur dýr en maður sá hér á árum áður, stærri og öflugri, og hundarnir ná ekki lengur að drepa þessa stóru minka. Ég tek líka eftir að tófan er að gefa eftir, hún drepur þá ekki heldur lengur,“ segir hann. Minkur sem áður fyrr hélt sig við vötn og ár hefur víkkað búsvæði sitt og er í töluverðum mæli upp til fjalla. Þar er hann í samkeppni við refinn um rjúpuna.

### *Í yfir 1.000 metra hæð*

Segir Jón að minka megi finna á ótrúlegustu stöðum, einn hafi hann séð í yfir 1.000 metra hæð, þannig að þeir víla ekki fyrir sér að fara hátt upp til fjalla í ætisleit.

„Minkarnir eru nú orðið alveg óhræddir við tófuna sem áður fyrr hélt þeim svolítið í skefjum en þannig er það ekki lengur. Eftir því sem minkarnir stækka þurfa þeir meira að éta og leita í auknum mæli upp til fjallanna.“ Þá segir Jón minkinn þannig skepnu að hann drepi sér til skemmtunar, iðulega hafi hann fundið dauða fugla sem virðast hafa drepist eðlilegum dauðdaga en þegar betur er að gáð finnist á þeim för eftir vígtennur minksins á haus þeirra.

„Hann virðist stundum drepa að gamni sínu, en stundum drekkur hann líka blóðið úr fuglunum.“

### *Minkar sáust í Svarfaðardal eftir sjö ára hlé*

Jón segir að gefa þurfi í þegar að minkaveiðum kemur, en sveitarfélög þurfi að koma á samstarfi sem ekki er fyrir hendi nú. Sums staðar sé veiðum ágætlega sinnt en annars staðar ekki, minkurinn ferðist hins vegar á milli og virði ekki sveitarfélagamörk. Þannig hefur í vetur sést til 11 minka í Svarfaðardal, en dalurinn var laus við mink eftir mikið átak sem þar var gert fyrir um áratug. Enginn minkur sást þar í sjö ár fyrr en honum skýtur upp kollinum á ný nú í vetur. Telur Jón líklegast að þeir minkar sem eru á þvælingi í Svarfaðardal komi úr Skagafirði og ferðist yfir Heljardalsheiði á því ferðalagi. Það sýni að sveitarfélög verði að stilla saman strengi sína. */MÞÞ*

**FRÉTTIR**

### Hafrarækt að Sandhóli í Skaftárhreppi:

# Tvöfaldar ræktunina milli ára

**Ræktun og vinnsla á höfrum til manneldis að Sandhóli í Skaftárhreppi gengur vel og og anna ábúendurnir ekki eftirspurn. Örn Karlsson, bóndi að Sandhóli, segist því hafa ákveðið að tvöfalda ræktunina og sáði höfrum í 130 hektara í vor.**

„Ræktunin hefur gengið vonum framar," segir Örn, sem hefur undanfarin ár prófað sig áfram með að rækta hafra. „Landið sem við sáðum í var fremur blautt í vor og því tók lengri tíma að sá en venjulega, eða frá miðjum apríl og fram að 5. maí."

***Höfrum sáð í 130 hektara***

Örn segir að hann hafi tvöfaldað ræktun á höfrum í ár frá því í fyrra og sáð í um 130 hektara í vor. „Ræktunin á síðasta ári gekk mjög vel. Sérstaklega í gömlum túnum,



Búin er að sá höfrum til manneldis í 130 hektara að Sandhóli í Skaftárhreppi. Mynd / Úr einkasafni



Örn Karlsson, bóndi að Sandhóli í Skaftárhreppi. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

og á bestu stykkjunum erum við að fá sjö tonn af þurrkuðum höfrum á hektara en niður í 2,5 tonn af nýrækt.

Eftirspurnin eftir unnum höfrum er slík í dag að við getum ekki annað henni og því ekkert annað að gera en að auka ræktunina. Ég hef prófað mig áfram með að rækta hafra í níu ár og uppskeran hefur verið mjög góð flest árin. Fyrstu árin var það í smáum stíl, á þremur eða fjórum hekturum og til skepnufóðurs. Ég ákvað því að fara alla leið og fullrækta og vinna hafrana."

***Annar ekki eftirspurn***

„Eftirspurnin eftir höfrunum er meiri en svo að við getum annað henni. Ég hef því miður þurft að neita verslunum, mötuneytum og bökurum um hafra undanfarið þar sem þeir eru einfaldlega búnir hjá mér. Til mín hafa einnig leitað aðilar sem hafa áhuga á ýmiss konar vinnslu með hafra eins og að búa til próteinstangir, haframjólk og annað slíkt og möguleikarnir óendanlegir. Það lá því beint við að auka ræktunina," segir Örn.

Auk þess að rækta hafra ræktar Örn fimmtíu hektara af byggi og fjóra hektara af rúgi.

Örn segist ekki vita til þess að aðrir ræktendur hafi farið út í að fullrækta hafra til manneldis þótt talsvert af honum sé ræktaður til sláttar sem skepnufóður. Hann segir hafrafræin vera innflutt en að hann hafi gert spírunarpróf á fræjum úr eigin ræktun og að spírunarprósentan hafi ekki verið nógu góð.

***Mikil sól best***

„Til þess að ræktun á höfrum takist vel þarf helst að vera sólríkt sumar og ekki mikil vætutíð og ekki mikil næturfrost í ágúst.

Hafrar þurfa lengri ræktunartíma en bygg og algengt að við séum að þreskja þá um mánaðamótin september og október," segir Örn Karlsson, bóndi að Sandhóli að lokum. /VH

### Lokaskýrsla um átaksverkefni í byggrækt á Íslandi 2013–2018:

# Vaxandi áhugi á byggrækt

**Byggrækt á Íslandi hefur jafnt og þétt vaxið fiskur um hrygg undanfarin ár og skiptir þar án efa mestu máli almennur áhugi bænda á nýsköpun í ræktun.**

Aukinn áhuga má einnig merkja í ræktun annarra nytjaplantna svo sem repju og hafra. Þann ágæta árangur sem íslenskir bændur hafa náð í ræktun byggs má án efa skýra með ýmsum þáttum eins og batnandi umhverfisskilyrðum til ræktunar, bættum búskaparháttum, prófunum á erlendum byggyrkjum auk kynbóta sérstaklega fyrir íslenskar aðstæður.

***Niðurstöður 30 ára ræktunar***

Í frétt á vef Landbúnaðarháskóla Íslands vegna útkomu skýrslu um átaksverkefni í byggrækt á Íslandi á árunum 2013–2018 segir að starfsmenn skólans Íslands leggi, eftir fremsta megni, lóð á vogarskálar nýsköpunar í landbúnaði á ýmsum sviðum og hafa meðal annars stundað rannsóknir á byggi undanfarna áratugi.

Í skýrslunni birta höfundar yfirlit yfir niðurstöður úr samanburðartilraunum á byggi sem fram hafa farið víðs vegar um landið á yfir 30 ára tímabili. Farið er yfir helstu niðurstöður sjúkdómsrannsókna, ásamt því að framtíð byggrannsókna og nýtingar eru reifaðar.

***Uppskera aukist og ræktunartímabilið styst***

Niðurstöður sýna að uppskera í tilraunum hefur aukist á sama tíma og ræktunartímabilið styttist. Íslenskar kynbótalínur skila ekki



Næsta stóra áskorun kynbótafólks er að auka sjúkdómsþol í byggyrkjum.

aðeins meiri uppskeru í tilraunum heldur skríða þær einnig fyrr sem leiðir til þess að þær eru uppskornar fyrr.

Niðurstöðurnar sem kynntar eru í skýrslunni undirstrika bæði kosti og galla íslenska kynbótaverkefnisins og eru því mikilvægar fyrir áframhald yrkjatilrauna hérlendis. Niðurstöðurnar undirstrika jafnframt að næsta stóra áskorun kynbótafólks er að auka sjúkdómsþol í íslenskum byggyrkjum, enda sýna rannsóknir að fjölbreytileiki sjúkdómsvaldandi sveppa er mun meiri hérlendis en ætla mætti og fyrirsjáanlegt að sjúkdómsálag aukist umtalsvert eftir því sem byggrækt eykur útbreiðslu sína.

Skýrsluna í heild má finna á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands. /VH

### Norðlendingar bregðast vel við áskorun Búnaðarsambands Eyjafjarðar:

# Skólamötuneyti noti sem mest af íslensku hráefni

**„Við vitum ekki nákvæmlega hvernig staðan er hjá skólamötuneytum í Eyjafirði, en fannst ástæða til að minna á kosti þessa að versla inn íslenskt hráefni," segir Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar.**

Sambandið skoraði á bæjar- og sveitarstjórnir í Eyjafirði að beita sér fyrir því að mötuneyti grunn- og leikskóla noti sem mest af íslensku hráefni.

Sigurgeir segir eðlilegt að sveitarfélög setji sér þá stefnu að nota sem mest af íslensku hráefni í skólamötuneytum, þannig fái nemendur hollan mat og um leið sé hægt að auka vitund þeirra á íslenskri framleiðslu og gildi hennar fyrir samfélagið. Ekki síst bendir Sigurgeir á að matur úr héraði fari betur með umhverfið, fótsporið sem flutningur matvæla frá útlöndum er sé mun meira.

***Ekki horft á heildarmyndina***

„Okkur er kunnugt um að veitingastaðir bjóða upp á kjöt frá útlöndum, það á meðal annars við um nautakjöt og helstu rökin þá að



Horft yfir á Hrafnagil í Eyjafirði. Mynd / HKr.

það sé ódýrara. Þá er kannski ekki verið að horfa á heildarmyndina og kolefnisfótsporið sem innflutningurinn veldur. Með þessari ályktun viljum við vekja athygli á þessu máli og að við Eyjafjörð er stundaður öflugur landbúnaður sem og einnig sjávarútvegur, það er okkar hagur að matarinnkaup séu sem mest úr heimahéraði," segir Sigurgeir.

„Það þarf að skapa metnað fyrir því að nota heimafengnar vörur, mat úr héraði eins og stundum er sagt. Víða erlendis er greinilegt að slíkur hugsunarháttur er sterkur en sú hefð hefur ekki skapast hér að mér finnst."

***Áhersla á góða og holla næringu***

Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri í Dalvíkurbyggð, segir að sveitarfélagið sé með samning við verktaka um rekstur mötuneytis í grunnskólum og öðrum leikskóla af tveimur, en hinn sé með matráð. Í skólastefnu Dalvíkurbyggðar sé áhersla lögð á að nemendur fái góða og holla næringu, þ.e. lagt er upp með að nemendum bjóðist fjölbreytt, holl og heilbrigð fæða og hráefnið sé vandað. Annað sé ekki tilgreint í samþykktum stefnum.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar tekur í svari til BSE undir með sambandinu, en í sveitarfélaginu er í gildi samningur við rekstraraðila um rekstur mötuneytis. Ályktun sambandsins var komið á framfæri í útboðsgögnum sem verið er að vinna varðandi áframhaldandi rekstur mötuneytisins.

Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, segir að sveitarstjórn taki undir með sambandinu og að hún muni kappkosta að nýta íslenskt hráefni og hráefni úr nærumhverfi hér eftir sem hingað til. Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur komið skilaboðum bréfsins áleiðis til þeirra sem sjá um innkaup á matvælum á vegum Svalbarðsstrandarhrepps.

***Mögulega er eitthvað innflutt***

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, segir í sínu svari til sambandsins að fram hafi komið í samantekt frá fjárýslusviði að mest allt hráefni sem keypt sé í mötuneyti á vegum Akureyrarbæjar sé innlent og eftir fremsta megni sé reynt að kaupa afurðir úr héraði. Allt kjöt og álegg sem notað er í mötuneytum skólanna á Akureyri er keypt af aðila í héraði, að því er fram kemur í svarinu, en einnig að mögulegt sé að eitthvað af því sé innflutt, svo sem svína- og nautakjöt. Allur fiskur er keyptur á Akureyri, kjúklingur keyptur af innlendum aðila, en hugsanlegt að eitthvað af honum sé innflutt. Sama gildi um grænmeti og ávexti sem að hluta eru innfluttir en reynt að kaupa grænmeti úr heimahéraði. Nýjar kartöflur komi frá Sílastöðum í nágrenni Akureyrar, en forsoðnar kartöflur séu frá Hollandi. Þurrvara sé að mestu leyti innflutt en hluti af henni pakkað hér á landi.

„Akureyrarbær er sífellt að endurskoða innkaup sín og sjálfsögðu er reynt að kaupa af aðilum í heimahéraði," segir Ásthildur, bæjarstjóri á Akureyri, í svari sínu.

Sigurgeir segir að greinilega vilji menn bjóða upp á íslensk matvæli í mötuneytum skólanna, en vekur á því athygli að í sumum tilvikum viti þeir kannski ekki hvað verið er að kaupa, samanber að Akureyrarbær kaupi hráefni af aðila heima í héraði, en mögulega sé eitthvað af því innflutt. Þeir aðilar séu ef til vill að flytja inn kjöt en viðskiptavinur stendur í þeirri trú að um innlenda vöru sé að ræða. /MÞÞ

LELY HEYVINNUVÉLAR

## Welger RPC 245 Tornado



Bara 1 stk.

**Verð:** *kr. 9.300.000 án vsk.*

## Welger RPC 445 Tornado



Bara 1 stk.

**Verð:** *kr. 8.590.000 án vsk.*
*Notuð 300 rúllur*

# Seljum síðustu Lely heyvinnuvélarnar á frábærum verðum sem ekki bjóðast aftur

### Lely Lotus 520 Stabilo



Bara 2 stk.

**Listaverð:** *kr. 1.187.000 án vsk.*
**AFSLÁTTUR:** **kr. 204.000**
**Verð:** *kr. 980.000 án vsk.*

### Lely 240 Classic



Bara 2 stk.

**Listaverð:** *kr. 1.070.000 án vsk.*
**AFSLÁTTUR:** **kr. 370.000**
**Verð:** *kr. 700.000 án vsk.*

### Lely 280 Classic



Bara 2 stk.

**Listaverð:** *kr. 1.239.000 án vsk.*
**AFSLÁTTUR:** **kr. 389.000**
**Verð:** *kr. 850.000 án vsk.*

### Lely Hibiscus 485 S



Bara 2 stk.

**Listaverð:** *kr. 1.351.000 án vsk.*
**AFSLÁTTUR:** **kr. 301.000**
**Verð:** *kr. 1.050.000 án vsk.*

### Lely 280 M



Bara 1 stk.

**Listaverð:** *kr. 1.500.000 án vsk.*
**AFSLÁTTUR:** **kr. 250.000**
**Verð:** *kr. 1.250.000 án vsk.*

### Lely Lotus 600 Stabilo



Bara 1 stk.

**Listaverð:** *kr. 1.474.000 án vsk.*
**AFSLÁTTUR:** **kr. 111.000**
**Verð:** *kr. 1.363.000 án vsk.*

### Lely 320 M



Bara 5 stk.

**Listaverð:** *kr. 1.660.000 án vsk.*
**AFSLÁTTUR:** **kr. 250.000**
**Verð:** *kr. 1.410.000 án vsk.*

### Lely Hibiscus 425 S



Bara 1 stk.

**Listaverð:** *kr. 1.070.000 án vsk.*
**AFSLÁTTUR:** **kr. 170.000**
**Verð:** *kr. 900.000 án vsk.*

***Verð miðast við staðgreiðslu án uppítöku – Samsettar og keyrðar heim á hlað***

***Eins árs verksmiðjuábyrgð***

## Lely Center Ísland

*farming innovators*

LELY

Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414-0000 • Óðinsnes 2 • 603 Akureyri • Sími: 464-8600

FRÉTTIR



Einar Örn Jónsson garðyrkjufræðingur var starfsfólki Stofnunar Árna Magnússonar til aðstoðar við upptöku á plöntunum.

# Trjáplöntum bjargað úr Holuskógi

**Tilkynnt var á ársfundi Stofnunar Árna Magnússonar í síðustu viku að ríkið væri búið að samþykkja tilboð í að reisa Hús íslenskunnar. Grunnur húss var grafinn 2013 og hefur staðið auður síðan þá og ýmiss konar gróður, þar á meðal trjáplöntur, hafið landnám í holunni.**

Af þeim tegundum sem vaxa í grunninum eru dúnurt, arfi, gras og víðir mest áberandi og af einstökum tegundum má nefna augnfró, krossfífil, hóffífil, vætudúnurt, akurarfa, blóðarfa, njóla, baldursbrá og garðamaríustakk. Þar fundust einnig sex trjátegundir, grávíðir, gulvíðir, alaskaösp, birki, reynir og greni.

***Búið að taka tilboði í að reisa húsið***

Eva María Jónsdóttir, upplýsingafulltrúi Árnastofnunar, segir að á ársfundinum 8. maí hafi meðal annars verið tilkynnt um að framkvæmdir við húsið mundu hefjast fljótlega.

„Á fundinum voru kynntar nýjungar í starfi stofnunarinnar og svo skemmtilega vildi til að daginn fyrir fundinn varð ljóst að ríkið væri búið að taka tilboði verktaka til að reisa húsið.“ Eva segir að oft hafi verið talsverð spenna á ársfundunum vegna áralangrar biðstöðu við byggingu hússins. „Að þessu sinni var því raunverulega hægt að gleðjast og fagna þessum tímamótum.“



Stæðileg ösp sem verður flutt á nýjan stað innan borgarlandsins.

***Auðlegðin í holunni***

„Líkt og aðrar stofnanir er Árnastofnun að reyna að gera starfsemi sína umhverfisvænni og taka græn skref og kolefnisjafna að minnsta kosti vinnuferðir starfsmanna. Okkur þótti því sjálfsagt að nýta þá auðlegð sem hefur myndast í holunni og bjarga eins miklu af trjáplöntum og hægt er og flytja þær annað.

Við tókum því upp rúmlega hundrað plöntur, víði, ösp, greni og birki, og færðum Skógræktarfélagi Reykjavíkur að gjöf og mun félagið sjá um að finna þeim stað innan borgarlandsins.“ /VH

# Bleikjuveiði í Norðfjarðará dregst saman

**Talsverð hnignun hefur orðið á bleikjuveiði í Norðfjarðará og var veiði síðasta sumar í sögulegu lágmarki, en þá veiddust 531 bleikja í ánni og er veiðin talsvert undir meðaltali í annars gjöfulli bleikjuá.**

Efnt var til íbúafundar um stöðu Norðfjarðarár á dögunum, en meginefni fundarins voru niðurstöður rannsóknar Hafrannsóknastofnunar sem sýna fram á hnignun árinnar.

Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun, kynnti stöðuna út frá niðurstöðum áfangaskýrslu Hafró á vöktun laxfiskastofnun Norðfjarðarár í kjölfar efnistöku. Fram kom í máli hans að mikilvægt væri að sýna ám skilning og þrengja ekki um of að þeim, þær þyrftu sitt svæði til að geta þrifist sem búsvæði fyrir þær lífverur sem þar lifa, þar með talið bleikjuna.

Sagði Guðni mikilvægt að hlúa að búsvæðum bleikjuseiðanna en efnistaka hefur neikvæð áhrif. Nefndi hann að ekki væri ástæða að svo stöddu að óttast niðurstöður rannsóknarinnar, en nauðsynlegt að huga að góðri umgengni við þessa gjöfulu bleikjuá. /MÞÞ



Dimma með lömbin sín fimm, þrjár gimbrar og tvo hrúta, sem hún bar að morgni sunnudagsins 12. maí síðastliðinn í fjárhúsinu í Skarði. Mynd / Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir.

# Fimmlemba í Skarði – hefur átt 37 lömb

**Ærin Dimma á bænum Skarði í Landsveit hjá Guðlaugu Berglindi Guðgeirsdóttur og Erlendi Ingvarssyni er alvöru kynbótakind því hún hefur átt 37 lömb í gegnum tíðina.**

Dimma, sem er tíu vetra gömul, bar nýlega fimm fallegum lömbum. Ellefu af lömbum Dimmu hafa verið sett á.

Meðalfallþungi hjá Dimmu er 18 kg, 10.3 fyrir gerð og 6.8 fyrir fitu. Í Skarði eru 1.050 kindur á fóðrum og þar er reiknað með um 1.800 lömbum í sauðburði vorsins.

Um síðustu helgi áttu um 300 ær eftir að bera. /MHH

# AB mjólk gefin nýfæddum lömbum í stað sýklalyfja

**Sala á AB mjólk tekur alltaf mikinn kipp á vorin en ástæðan er sú að fjölmargir sauðfjárbændur gefa mjólkina nýfæddum lömbum til að reyna að sporna gegn slefsýki og kemur í stað pensilíns áður.**

Lömb sem veikjast af slefsýki verða sinnulaus, þau hætta að sjúga, leggjast niður, eru blaut um nasir og munn og kviður þeirra er oft útblásinn. AB mjólkin hefur sannað gildi sitt og kemur í veg fyrir þessi einkenni, enda inniheldur hún mikið af góðum gerlum. Á bænum Teigi í Fljótshlíð fá lömbin AB mjólkina um leið og þau fæðast en meðfylgjandi mynd var tekin í fjárhúsinu þar. /MHH




Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga:

# Matthías frá Brún heiðraður fyrir hrossarækt

**Matthías Eiðsson, lengst af kenndur við bæinn Brún ofan Akureyrar, var heiðraður á sýningu sem Hestamannafélagið Léttir efndi til á dögunum með yfirskriftinni Hestaveisla. Það voru Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga sem stóðu að heiðrun Matthíasar fyrir ævistarf hans við hrossaræktun hér á landi.**

Matthías hefur í áratugi stundað hrossarækt og hefur ræktun hans skipt sköpum í hrossarækt á landinu „og skilað þeim árangri að nú er um allt land mikill fjöldi hrossa sem eiga með einum og eða öðrum hætti tengsl sín og ættir að rekja við hross Matthíasar og formóður farsæls ræktunarstarfs hans,“ segir í umsögn hrossaræktarsamtakanna um Matthías.

Hekla frá Árgerði í Eyjafirði er formóðir þessarar ræktunar og dóttir hennar og eina folald, Ósk frá Brún, hefur skilað af sér mörgum afkvæmum og farsælum stóðhestum sem svo sannarlega hafa sett svip sinn á hestaheiminn á Íslandi á liðnum áratugum.

Með þessu vilja Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga þakka Matthíasi af heilum hug framlag hans til hestamennskunnar í landinu,“ segir enn fremur í umsögninni. /MÞÞ



Sigfús Ólafur Helgason, framkvæmdastjóri Hestamannafélagsins Léttis, afhenti Matthíasi Eiðssyni viðurkenninguna. Mynd / Þórir Tryggvason

www.n1.is facebook.com/enneinn

ENNEMM / SÍA / NM93633





# Rétti tíminn til að panta

## Pantaðu kornsýru núna

N1 býður bændum að kaupa própíónsýru (kornsýru) til sýringar á fóðurkorni. Sýran stöðvar örverumyndun í korninu þannig að það heldur fóðureiginleikum sínum. Nauðsynlegt er að leita tilboða og festa kaup á sýrunni fyrir 15. júní en eftir það er lokað á pantanir. Afhending sýrunnar fer fram um mánaðamótin ágúst/september.

Nánari upplýsingar:
Sigurður Gunnar Gunnarsson, viðskiptastjóri N1,
s. 440 1042/660 3453, sigurdurg@n1.is




## Eldsneytispantanir á tanka

Þú getur nýtt þér fjölbreyttar samskiptaleiðir til að panta eldsneyti á tankinn. Veldu þá leið sem hentar þér best.

Tölvupóstur: n1@n1.is
Heimasíða: www.n1.is
Símanúmer: 440 1100
Netspjall: www.n1.is

Alltaf til staðar N1

# Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.450 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

# Hafa 62% á móti

**Stór hluti Íslendinga er upptekinn af söngvakeppni Eurovision þessa dagana og herma heimildir að fólk sé þegar farið að koma sér fyrir á bílastæðinu við Egilshöllina í Reykjavík til að tryggja sér aðgang þegar keppnin verður haldin á Íslandi vorið 2020. Það er þó annað mál sem er mun stærra og alvarlegra þar sem stjórnvöldum er að takast að kljúfa þjóðina í tvennt, í stað þess að sameina hana eins og Hatarar eru nú að gera.**

Þetta mál stjórnvalda er orkupakki þrjú. Pakki sem ríkisstjórn Íslands hyggst innleiða hér á landi með stuðningi Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar, þrátt fyrir vitneskju um meirihlutaandstöðu þjóðarinnar gegn þeim áformum, þar á meðal frá Alþýðusambandi Íslands og nokkrum sveitarfélögum.

Það er dapurlegt að horfa þar upp á hversu lágt ríkisstjórnarflokkarnir eru tilbúnir að leggjast til að þjóna erlendum hagsmunum og þröngum hagsmunum fjárfesta og persónulegra vina í þessu máli.

Í könnun MMR sem gerð var dagana 30. apríl til 3. maí kom berlega í ljós andstaðan við þessi áform ríkisstjórnarinnar um valdaafsal í orkumálum. Þar voru 50% svarenda mjög eða frekar andvígir, 30% voru frekar eða mjög fylgjandi og 19% tóku ekki afstöðu. Í kosningum eru það hins vegar einungis þeir sem afstöðu taka sem hafa áhrif á endanlega niðurstöðu. Af þeim 81 prósenti sem tók afstöðu í könnun MMR voru 61,7% andvígir og 26,6% fylgjandi. Athygli vekur að í hópi þeirra sem afstöðu taka eru 41% harðir í andstöðu sinni en einungis 16% harðir stuðningsmenn orkupakka 3. Það er því afar sorglegt að horfa upp á meirihluta þingmanna á Alþingi Íslendinga ætla að valta með ofstæki yfir meirihlutavilja Íslendinga og innleiða jafn afdrifaríkt regluverk hér á landi og þessi orkupakki 3 er fyrir orkumálin í landinu.

Hvar eru nú allar ræðurnar um að lýðræðislegur vilji þjóðarinnar eigi að ráða för, einnig að þjóðin eigi að njóta vafans þegar svo ber undir? Er sú orðræða bara sýndarmennska og upp á punt þegar það hentar að vera töff og rífa kjaft í ræðustól Alþingis?

Það verður fróðlegt að sjá hvernig þeir sem samþykkja innleiðingu á þessum orkupakka munu rökstyðja lagningu þess sæstrengs sem er þegar á stefnuskrá Landsvirkjunar og þeir hafa reynt að telja þjóðinni trú um að sé alls ekki hugmyndin að leggja. Sæstreng sem krefst bygginga virkjana á Íslandi sem samsvara rúmlega tvöföldu afli Kárahnjúkavirkjunar. Þar hafa menn líka reynt að beita þeim blekkingum að þetta sé bara til að nýta ónýtt launafl í kerfinu.

Ríkisstjórnin stærir sig líka af því sem kallað hefur verið „Græn framtíð" og felur m.a. í sér orkuskipti í samgöngum á Íslandi. Þau áform útheimta mikla orkuþörf. Samkvæmt raforkuspá er gert ráð fyrir að raforkunotkunin á Íslandi muni meira en tvöfaldast fram til 2050. Þar er sæstrengur til útlanda ekki inni í myndinni. Raforkuvinnsla á árinu 2018 var 19.830 GWh og jókst um 591 GWh, eða um 3,1%, frá 2017. Aukningin er álíka mikil og öll raforkunotkun á Suðurlandi.

Augljóst er að að sala raforku um sæstreng, þegar af verður eftir innleiðingu á orkupakka 3, verður í beinni samkeppni við orkuþörf Íslendinga sjálfra fyrir innlenda starfsemi. Eftirspurnin verður þá miklu meiri en framboðið. Hvað verður þá um grænu framtíðaráformin, gagnaverin, rafbílana, fiskimjölsverksmiðjurnar, garðyrkjuna og fleira? – Er ekki rétt skilið að samkvæmt öllum gildandi hagfræðikenningum þá leiðir umframeftirspurn nær undantekingalaust til stórhækkunar á verði? */HKr.*

# Bændur vilja þriggja ára aðlögunartíma



Guðrún S. Tryggvadóttir
formaður Bændasamtaka Íslands
gst@bondi.is


**Lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar sem heimilar innflutning á hráu ófrosnu kjöti, eggjum og ógerilsneyddri mjólk og mjólkurafurðum er nú til umfjöllunar á Alþingi. Bændasamtök Íslands hafa í umsögnum sínum og umfjöllun um málið lagst gegn samþykkt þess. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur kynnt aðgerðaáætlun í fimmtán liðum sem ætlað er að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu.**

Nú þegar stefnir í afgreiðslu málsins er ljóst að óraunhæft er með öllu að aðgerðaáætlun ráðherra hafi einhver raunveruleg áhrif fyrir gildistöku laganna sem áætluð er 1. september næstkomandi. Mikil vinna er eftir til þess að útfæra og innleiða tillögur sem þar er að finna og jafnframt á eftir að svara veigamiklum spurningum um fjármögnun.

Í ljósi stöðu málsins fara Bændasamtökin fram á að gildistöku laganna verði frestað og um leið að gripið verði til ákveðinna aðgerða til að lágmarka það tjón sem hlotist getur af. Í fyrsta lagi að tryggja fjármögnun og framkvæmd þeirra mótvægisaðgerða sem ráðherra hefur lagt til. Aðgerðalistinn sjálfur getur skilað árangri en það þarf að vinna hann betur. Í öðru lagi er nauðsynlegt að þar til bærri stofnun verði á aðlögunartíma falið að gera greiningarmörk vegna sýklalyfjaónæmra bakteria í matvælum (þ.á m. kjöti og grænmeti) og að markaðssetning á afurðum sem í ræktast sýklalyfjaónæmar bakteríur verði gerð óheimil. Ljóst er að skilgreint og aukið fjármagn þarf í þá vinnu og eftirlit. Að öðru leyti þarf að fara í stórátak til að draga úr eða stöðva aukningu á útbreiðslu á sýklalyfjaónæmi í landbúnaðarafurðum.



### Vilja stjórnvöld taka áhættuna?

Rök Bændasamtakanna gegn innflutningi á hráu kjöti, eggjum og ógerilsneyddri mjólk hafa komið fram í ræðu og riti undanfarin misseri. Aðstaða íslensks landbúnaðar til að keppa við erlenda framleiðslu getur ekki talist jöfn og greinin býr yfir ýmiss konar sérstöðu sem auðvelt er að glata. Sérfræðingar hafa bent á að afnám takmarkana á innflutningi, svo sem frystiskyldu, muni þýða verulega aukna áhættu á ýmsum sviðum fyrir heilsu manna og dýra. Matarsýkingum fjölgi og meiri hætta verði á að hingað berist bakteríur sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum.

### Kynnum okkur hvaðan maturinn kemur

Bændasamtökin hafa, ásamt fleiri samtökum og fyrirtækjum í landbúnaði, tekið þátt í verkefni sem vakið hefur nokkra athygli. Á oruggurmatur.is eru dregin fram sjónarmið sem við teljum skipta máli í þessari umræðu. Lesendur eru hvattir til að kynna sér efnið sem þar er að finna. Þar skiptir ekki síst máli að neytendur séu vakandi og kalli eftir upplýsingum um hvaðan maturinn kemur, hvernig framleiðsluaðstæður eru, umhverfisfótspor, lyfjanotkun og annað sem hefur þýðingu. Þetta er ekki ákall um að við hættum að flytja inn matvæli – enda flytjum við nú þegar inn um helming þess sem við neytum – en við þurfum að gæta að því sem við eigum ef við ætlum ekki að tapa því.

### Óljós fyrirheit duga ekki til

Það hefur verið fjallað mikið um málið á þessum vettvangi. Saga þess er löng og verður ekki endurtekin hér. Það var þó ljóst að Alþingi hugðist fara aðra leið í málinu þegar það samþykkti matvælalöggjöf ESB árið 2009. Dómstólar voru á öðru máli og við því er ekkert að segja. Við virðum þá niðurstöðu þótt við séum ekki sammála henni. Sú staðreynd breytir ekki efnislegum rökum bænda í málinu. Af þeim sökum gerum við þá skýru kröfu að ef ekki verður hjá því komist að afgreiða málið þá sé í það minnsta tryggt að búið sé að útfæra og fjármagna þær aðgerðir sem fylgja því. Það er einfaldlega ekki raunin núna. Það þarf að klára verkið svo það skili árangri. Óljós og ófjármögnuð fyrirheit duga ekki til.

Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Það er ekki allt í lagi að stefna því í hættu. Vilji Alþingi sýna ábyrgð gagnvart íslenskum landbúnaði og innlendri matvælaframleiðslu verður að fresta gildistöku laganna.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Flateyri við Önundarfjörð tilheyrir nú sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ. Þorpið byggðist upp í kringum sjósókn en á síðustu áratugum 19. aldar var þar umtalsverð þilskipaútgerð og mikil hákarlaveiði. Árið 1889 reisti Norðmaðurinn Hans Ellefsen hvalveiðistöð á Sólbakka við Flateyri. Stöðin var hin stærsta sinnar tegundar við Norður-Atlantshaf og veitti fjölda manns atvinnu. Hún var starfrækt til ársins 1901 er hún brann til kaldra kola. Annað húsið frá hægri á myndinni er hinn frægi veitingastaður Vagninn þar sem fjölmargir landsþekktir tónlistarmenn hafa komið fram. Heimsfrægastir í þeim hópi í augum Flatreyringa eru þó án efa meðlimir hljómsveitarinnar Æfingar.** Mynd / HKr.

LÍF & STARF



Frá tónleikum Æfingar frá Flateyri í Bæjarbíói á lokadeginum 11. maí. Talið frá vinstri, Halldór Gunnar Pálsson, gítar og söngur, Jón Ingiberg Guðmundsson, gítar og söngur, Árni Benediktsson, gítar og söngur, Óskar Þormarsson, trommur og Sigurður Björnsson (Siggi Björns), gítar og söngur. Mynd / Hörður Kristjánsson.

**Hljómsveitin Æfing frá Flateyri fagnaði 50 ára afmæli sínu í Bæjarbíói í Hafnarfirði:**

# Fínn kall kellingin hans

## – Púki að vestan, Kemur eftir rétt strax, og Allabúð voru meðal laga sem trylltu vel stálpaða áheyrendur

**Hljómsveitin Æfing frá Flateyri fagnaði 50 ára afmæli sínu með lokadagstónleikum í Bæjarbíói, Hafnarfirði laugardaginn 11. maí síðastliðinn. Uppselt var á tónleikana og greinilegt að núverandi Flateyringar og brotttfluttir ætluðu ekki að láta þennan viðburð fram hjá sér fara.**

Það var velt til fundið að halda tónleikana á lokadag vetrarvertíðar 11. maí, en allir eiga meðlimir hljómsveitarinnar með einum eða öðrum hætti rætur í sjómennsku, beitningu, fiskvinnlu eða öðrum tengdum athöfnum. Segja má að gleðin hafi skinið úr hverju andliti á tónleikunum. Ekki var laust við að þarna væri í bland stemning eins og hún gerðist best á veitingastaðnum Vagninum á Flateyri á árum áður og eins og best gerist á góðu ættarmóti.



Meðlimir Æfingar þakka fyrir sig í lok tónleika og sjáanlega hrærðir yfir frábærum móttökum. Mynd / Björn Ingi Bjarnason

### *Fyrsta „giggið“ á fundi Skjaldar á Flateyri*

Í stuttu máli má segja að saga sveitarinnar sé rakin til 27. desember 1968 þegar hljómsveitin Æfing á Flateyri kom fram í fyrsta sinn á fundi Verkalýðsfélagsins Skjaldar í Samkomuhúsinu á Flateyri. Í hljómsveitinni voru: Árni Benediktsson, Kristján J. Jóhannesson, Sigmar Ólafsson, Eiríkur Mikkaelsson og Gunnlaugur Mikkaelsson.

Hljómsveitin Æfing starfaði á tveimur tímaskeiðum, þ.e. á Flateyri frá 1968 og fram yfir 1980 og lék þá á dansleikjum um alla Vestfirði og reyndar víðar um land. Meðlimir Æfingar á þessu tímabili voru allmargir en Árni Benediktsson og Kristján J. Jóhannesson voru með alla tíð.

Seinna tímabilið er frá 1990 og þá bæði á samkomum sem Önfirðingafélagið í Reykjavík kom að með einum eða öðrum hætti og við önnur sérstök tækifæri, s.s. afmæli, brúðkaup og útgáfutónleika.

Í hljómsveitinni Æfingu á þessu tímabili hafa verið:

Árni Benediktsson, Kristján J. Jóhannesson, Sigurður Björnsson, Jón Ingiberg Guðmundsson, Ásbjörn Björgvinsson, Halldór Gunnar Pálsson, Önundur Hafsteinn Pálsson auk Óskars Þormarssonar og Magnúsar Magnússonar.

### *Gömlu góðu lögin slá enn í gegn*

Árið 2013 ákváðu félagarnir í Æfingu að taka upp plötu eða geisladisk sem fékk nafnið: Æfing – fyrstu 45 árin. Meðal laga á þessum diski Æfingar eru: Fínn kall kellingin hans, Kem eftir rétt strax, Allabúð, Púki að Vestan og Heima er best.

Sá sem á gríðarlega mikið í tilurð texta og laga hljómsveitarinnar er Guðbjartur Jónsson sem lengi rak veitingastaðinn Vagninn á Flateyri og var þá oftast titlaður Vagnstjóri. Hann á ótal marga óborganlega frasa sem urðu tilefni að mörgum af bestu lagatextum sveitarinnar. Á Guðbjartur mikinn heiður skilið fyrir sín skemmtilegu orðatiltæki sem hafa verið sem yndislegt krydd í tilveruna fyrir marga.



Áheyrendur skemmtu sér greinilega vel. Mynd / Björn Ingi Bjarnason

### *Brandarinn sem varð að veruleika*

Siggi Björns greindi frá því á tónleikunum að þegar Flateyringurinn Björn Ingi Bjarnason, sem nú býr á Eyrarbakka, kom með hugmyndina að plötuútgáfu sveitarinnar hafi þeir allir skellihlegið og litið á það sem afbragðsgóðan brandara. Björn gaf sig ekki og geisladiskurinn varð að veruleika. Reyndar er Björn ekki vanur því að gefa sig þegar honum dettur eitthvað í hug og er Hrútavinafélagið Örvar



Það var troðfullur salur í Bæjarbíói. Mynd / Björn Ingi Bjarnason

gott dæmi um það. Félagið var stofnað árið 1999. Tilgangur félagsins er að viðhalda og efla þjóðlega menningararfleifð til sjávar og sveita. Félagar eru yfir þúsund talsins og að sjálfsögðu er Björn Ingi Bjarnason formaður í félaginu.

Á tónleikunum í Bæjarbíói lék hljómsveitin Æfing fyrrnefnd lög, ásamt ýmsum þekktum slögurum og nokkur fleyri lög sem m.a. hafa komið út á diskum Sigga Björns.

Áheyrendur voru vel með á nótunum og létu ekki segja sér það tvisvar að taka hressilega undir söng félaganna á sviðinu þegar þeir óskuðu eftir stuðningi.

Meðlimir Æfingar á þessum tímamóta-tónleikum voru:

***Árni Benediktsson*** *- gítar og söngur*
***Sigurður Björnsson (Siggi Björns)***
*- gítar og söngur*
***Ásbjörn Björgvinsson*** *- bassi og söngur*
***Jón Ingiberg Guðmundsson***
*- gítar og söngur*
***Halldór Gunnar Pálsson*** *- gítar og söngur*
*Óskar Þormarsson - trommur*

/HKr.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 225

Í síðasta þætti var ögn byrjað á birtingu afmælisvísna. Afmælisvísur hafa verið ortar lengi, misjafnlega nærfærnar eftir því hver aldurinn er eða sá er kveðjuna fær. Á síðustu öld tíðkaðist að semja og flytja afmælisbörnum löng ljóð og jafnvel mikið í þau lagt. Þessi þáttur verður helgaður afmælisvísum. Páll Ásgeir Ásgeirsson, mágur minn, flutti mér útúrsnúinn skírnarsálm á síðasta afmælisdegi mínum, sem jafnframt var staðfestingarstund á hinu tilkomumikla millinafni mínu:

*Ó blíði Jesú blessa þú*
*bónina sem þú heyrir nú:*
*Vesaling þennan vantar nafn*
*svo verði hann loksins öðrum jafn.*

*Ef því á hér að öðlast líf*
*útvegaðu því stál og hníf*
*svo geti það fiskinn feitan stýft*
*og flotinu þar við ekki hlíft.*

*Ó gef það vaxi í visku og náð,*
*vænkist þess hagur og auraráð,*
*og nú verði Geirhjörtur nafnið þitt*
*notadrýgra og betra en hitt.*

Og Páll flutti söngbróður sínum úr karlakórnum Fóstbræðrum, Jóni Þorsteini Gunnarssyni, svofellda afmæliskveðju 65 ára:

*Aldur hækkar, virðing vex*
*og verður fært í letur,*
*að tórt þú hefur tugi í sex*
*og tel þó hálfum betur.*

*Ellimerki engin vel*
*ennþá sjást á kappanum.*
*Nýtur sín um næturþel*
*og nær úr flösku tappanum.*

Óli heitinn á Gunnarsstöðum sendi sveitunga sínum, Eggerti í Laxárdal, þessa einstöku afmælisósk:

*Nær þér elli ekki í var*
*að þó svelli í hylnum.*
*Haltu velli hetjunnar*
*að hinsta fellibylnum.*

Ein af íburðarmeiri afmæliskveðjum er eftir Rósberg G. Snædal, send Birni á Kotá sextugum:

*Nú skal syngja Birni brag,*
*byrja hringhenduna.*
*Húnvetninginn hylla í dag,*
*harma þvinga úr muna.*

*Yfir brot og ótal sker*
*alltaf flotið glaður.*
*Björn á Kotá ekki er*
*ellilotinn maður.*

*Vandist skælur aldrei á*
*eða þvælingshætti,*
*berð því hæla heila frá*
*heimsins þrælasætti.*

*Laus við flysjung, fals og dár,*
*fengið misjafnt gaman.*
*Þraukað í tvisvar þrjátíu ár,*
*þér er ei fisjað saman.*

*Jafnan haldið horfinu,*
*hitt fyrir kalda strengi,*
*alltaf valdið orfinu,*
*aldrei tjaldað lengi.*

*Aldrei vikið undan blæ,*
*aldrei hik í neinu.*
*Heims í kviku hefurðu'æ*
*haldið striki beinu.*

*Vörður hlaðið, vegi rutt,*
*verkahraður, traustur.*
*Yfir vaðið veikan stutt,*
*vörðinn staðið hraustur.*

*Best þinn glæði gæfan hag,*
*gagnleg fræði lestu.*
*Nóttu bæði og nýtan dag*
*njóttu gæða bestu.*

*Þú, sem dáir dagsins glóð,*
*draumabláar vökur,*
*þiggðu frá mér þetta ljóð,*
*þessar fáu stökur.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*



**FRÉTTIR**



Gæludýr eru jafnan í mikilli snertingu við eigendur sína og því líklegt að bakteríur berist þeirra á milli.

Matvælastofnun:

# Sýklalyfjaónæmi hefur greinst í innfluttum gæludýrum

**Sýklalyfjaónæmar bakteríur greinast í gæludýrum á Íslandi og er ónæmi algengara í innfluttum dýrum. Algengi ESBL/AmpC myndandi E. coli í hundum og köttum er svipað og í kjúklingum, svínum og lömbum á Íslandi. Um er að ræða E. coli bakteríur sem bera með sér gen sem hafa þann eiginleika að mynda ónæmi gegn mikilvægum sýklalyfjum.**

Í nýrri skýrslu Matvælastofnunar segir að bakteríur sem bera þessi gen séu líklegri til að vera fjölónæmar. Einnig voru E. coli bendibakteríur rannsakaðar til að meta algengi ónæmis í viðkomandi dýrategund. Gæludýr eru jafnan í mikilli snertingu við eigendur sína og því líklegt að bakteríur berist þeirra á milli.

### *Fjölónæmar bakteríur*

ESBL/AmpC myndandi E. coli greindist í 5,2% sýna sem voru tekin úr gæludýrum innanlands, 5 af 97 sýnum. Fjórir stofnar reyndust fjölónæmir, þar af tveir mjög fjölónæmir eða fyrir 8 sýklalyfjaflokkum. E. coli bendibakteríur reyndust 10,4%, 5 af 48 stofnum, ónæmar fyrir einu eða fleiri sýklalyfjum, enginn stofn var þó fjölónæmur. Bakteríur eru fjölónæmar ef þær eru ónæmar fyrir þremur eða fleiri sýklalyfjaflokkum.

Algengi ESBL/AmpC myndandi E. coli í innfluttum gæludýrum var nær helmingi hærra en í gæludýrum innanlands, eða í 9,7% sýna sem voru tekin úr innfluttum gæludýrum í einangrunarstöð,7 af 72 sýnum. Sex stofnar voru fjölónæmir, þar af einn mjög fjölónæmur, en hann reyndist ónæmur fyrir 7 sýklalyfjaflokkum. E. coli bendibakteríur reyndust 14%, 7 af 50 stofnum ónæmar fyrir einu eða fleiri sýklalyfjum. Tveir stofnar voru fjölónæmir.

### *Tilvist þessara stofna í þörmum er í sjálfu sér ekki skaðleg*

Matvælastofnun og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum könnuðu algengi sýklalyfjaónæmra E. coli í hundum og köttum á Íslandi. Verkefnið var hluti af meistaraverkefni við Dýralæknaháskólann í Kaupmannahöfn.

Kannað var algengi ESBL/AmpC myndandi E. coli og sýklalyfjaónæmi E. coli bendibaktería í saursýnum gæludýra. Sýnum var safnað úr hundum og köttum í samvinnu við dýralækna á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Auk þess fengust saursýni úr hundum og köttum sem þá dvöldu í einangrunarstöð vegna innflutnings til landsins.

Tilgangur verkefnisins var að kanna algengi sýklalyfjaþolinna saurgerla, E. coli, í þarmaflóru heilbrigðra gæludýra á Íslandi. Saurgerlar eru náttúrulegur hluti heilbrigðrar þarmaflóru í mönnum og dýrum en sýklalyfjaþolnir stofnar geta verið til staðar í heilbrigðum einstaklingum. Þessir ónæmu stofnar geta komið til vegna utanaðkomandi smits frá umhverfi, frá öðrum dýrum eða jafnvel frá mönnum, auk ónæmismyndunar vegna sýklalyfjanotkunar. Tilvist þessara stofna í þörmum er í sjálfu sér ekki skaðleg, en vandamál vegna þeirra í meðferð sýkinga, til dæmis þvagfærasýkinga og blóðeitrana, hefur aukist.

### *Ógn við lýðheilsu*

Sýklalyfjaónæmi er ein stærsta ógn við lýðheilsu í heiminum í dag og hafa alþjóðastofnanir hvatt þjóðir heims til að efla rannsóknir sem nýta mætti til að stemma stigu við þessari ógn. Aukið ónæmi baktería fyrir sýklalyfjum veldur vandamálum við meðferð sýkinga og hefur þannig slæmar afleiðingar fyrir heilsu manna og dýra, auk þess sem það veldur auknum kostnaði við heilbrigðisþjónustu. Sýklalyfjaónæmar bakteríur og ónæmisgen geta borist milli manna og dýra til dæmis með snertingu, í gegnum umhverfið og í gegnum matvæli. Enn skortir þó þekkingu að hversu miklu leyti sýklalyfjaónæmi í mönnum kemur frá dýrum og umhverfi og öfugt.

Skýrslu Matvælastofnunar í heild má nálgast á heimasíðu stofnunarinnar: http://www.mast.is/library/Skýrslur/skyrsla_syklalyfjaonaemi_2018v2.pdf. /VH

# Alþingi bannar plastburðarpoka

## – Óheimilt að afhenda hvers kyns plastpoka án endurgjalds frá og með 1. september

**Alþingi hefur samþykkt breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem meðal annars kveða á um að óheimilt verði að afhenda plastburðarpoka í verslunum frá og með 1. janúar 2021. Óheimilt verður að afhenda hvers kyns plastpoka án endurgjalds frá og með 1. september næstkomandi.**

Burðarpokar úr plasti eru hvoru tveggja þykku pokarnir sem fást í stykkjatali á afgreiðslukössum verslana og þunnu pokarnir sem hefur verið hægt að fá endurgjaldslaust í grænmetiskælum matvörubúða. Bannið tekur ekki til plastpoka sem eru söluvara í hillum í verslunum, svo sem nestispoka og ruslapoka sem seldir eru margir saman í rúllum.



Lögin ná til allra burðarpoka úr plasti.

### *Ekki allsherjarlausn*

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra segir á heimasíðu ráðuneytisins að banni við burðarplastpokum sé ekki ætlað að vera allsherjarlausn á plastvandamálinu, heldur ein aðgerð af mörgum. „Í mínum huga er þetta sérstaklega mikilvæg aðgerð því hún snertir daglegt líf okkar og eykur þannig vitund okkar um plast og notkun þess í okkar daglega lífi. Ég fagna því líka að með þessum lögum gengur Ísland á undan með góðu fordæmi og tekst af enn frekari krafti á við plastmengun og neyslu en alþjóðasamningar okkar segja til um.“

### *Fylgt tillögum samráðsvettvangs*

Með samþykkt laganna er fylgt eftir tillögum samráðsvettvangs um aðgerðir í plastmálefnum sem í sátu fulltrúar atvinnulífs, sveitarfélaga, umhverfisverndarsamtaka, félagasamtaka, opinberra stofnana, Alþingis, ráðuneyta og fleiri. Hópurinn skilaði umhverfis- og auðlindaráðherra tillögum að 18 aðgerðum í nóvember síðastliðnum og bann við burðarplastpokum var ein þeirra.

Lögin kveða jafnframt á um að umhverfis- og auðlindaráðherra setji fram töluleg markmið varðandi árlega notkun burðarpoka úr plasti í reglugerð.

### *Gengið skrefinu lengra en Evróputilskipunin*

Með lögunum er innleidd Evróputilskipun er lýtur að því að draga úr notkun á burðarpokum úr plasti. Frumvarpið gengur þó lengra en lágmarkskröfur tilskipunarinnar gera ráð fyrir. Þannig ná þau til allra burðarpoka úr plasti, óháð þykkt þeirra, m.a. þunnu plastpokanna sem m.a. hafa verið fáanlegir við grænmetiskæla verslana. Lögin kveða einnig á um að óheimilt verði að afhenda burðarpoka úr plasti, hvort sem er með eða án endurgjalds, á sölustöðum vara frá og með 1. janúar 2021, en þó tilskipunin kveði ekki á um þetta er í henni tiltekið að aðildarríkjum sé heimilt að grípa til slíkra ráðstafana. Þá eru allir burðarpokar gerðir gjaldskyldir, óháð því úr hvaða efni þeir eru. Þetta er gert til að reyna að auka hlut fjölnota poka, draga úr ofneyslu burðarpoka og koma í veg fyrir að ein einnota neysla færist yfir á aðra. /VH

# Unnið að gerð skipulagsstefnu um loftslag, landslag og lýðheilsu

**Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur falið Skipulagsstofnun að vinna að gerð skipulagsstefnu um loftslag, landslag og lýðheilsu.**

Stefnan verður viðauki við gildandi Landsskipulagsstefnu 2015–2026 sem Alþingi samþykkti árið 2016. Þótt skipulagsgerð sé fyrst og fremst á ábyrgð sveitarfélaga er einnig sett fram stefna í skipulagsmálum á landsvísu sem mótuð er af Skipulagsstofnun fyrir hönd umhverfis- og auðlindaráðherra. Rík áhersla verður lögð á víðtækt samráð við sveitarfélög, opinberar stofnanir, félagasamtök og almenning og hefst því landsskipulagsferlið með kynningar- og samráðsfundum á sjö stöðum víðs vegar um landið. /MHH

# Ölfus og Hveragerði í hár saman vegna sveitarfélagamarka

**Andrúmsloftið á milli Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar er ekki upp á marga fiska þessa dagana vegna deilna um landamörk þessara nágrannasveitarfélaga.**

Ástæðan er sú að bæjarráð Ölfuss hefur hafnað Hveragerðisbæ um breytt sveitarfélagamörk en erindið var fyrst sent 2015. Bæjarráð Hveragerðisbæjar hefur lýst yfir miklum vonbrigðum með afstöðu bæjarfulltrúa í Ölfusi við beiðni bæjarins um viðræður um breytt sveitarfélagamörk.

„Það getur aldrei verið slæmt að ræða málin með það að markmiði að ná niðurstöðu sem allir geta sætt sig við. Það hafa bæjarfulltrúar Hveragerðisbæjar ítrekað gert þegar kemur að því að veita íbúum í dreifbýli Ölfuss þjónustu og er nærtækast að rifja upp gerð samkomulags um að börnum í dreifbýli Ölfuss bjóðist leikskólapláss á leikskólum bæjarins til jafns við Hvergerðinga.



Deilt er um sveitarfélagamörk, en Hveragerði er eins og eyja í landi Ölfuss.

Slíkt samkomulag var gert því hagsmunir íbúa voru hafðir að leiðarljósi. Bæjarráð vill fullyrða að hagsmunir íbúa séu ekki hafðir að leiðarljósi þegar jafn afdráttarlaust er hafnað beiðni um viðræður um breytingu á sveitarfélagamörkum og hér hefur verið gert“, segir m.a. í bókun ráðsins um leið og Hveragerðisbær óskar eftir endurupptöku á málinu í sveitarstjórn Ölfuss með það fyrir augum að farsæl lausn finnist sem fyrst. /MHH

# Hafa sungið í sama kórnum í 67 ár

**Það er ótrúlegt en dagsatt, þrír félagar í kór Miðdalskirkju í Bláskógabyggð hafa í vor, eða 18. apríl, sungið saman í kórnum í 67 ár. Allir voru þeir hluti af stofnfélögum kórsins.**



Kórfélagarnir Hörður Guðmundsson, Guðmundur Rafnar Valtýsson og Böðvar Ingi Ingimundarson.

Hér erum við að tala um Hörð Guðmundsson, bónda á Böðmóðsstöðum, Guðmund Rafnar Valtýsson, fyrrverandi skólastjóra og kennara á Laugarvatni og Böðvar Inga Ingimundarson, húsasmið á Laugarvatni.

Nú eru um tuttugu í kórnum. Stjórnandi og undirleikari er Jón Bjarnason, organisti í Skálholti. Á myndinni eru söngfélagarnir frá vinstri, Hörður, Guðmundur Rafnar og Böðvar Ingi. /MHH




## Gerður - 107 m²

**Gerður er stórt og glæsilegt, 107 m² einingahús. Húsið er vel skipulagt, mjög rúmgott og einkar fallegt.**

# Einingahús

Vönduð hús á ótrúlega góðu verði

**Húsasmiðjan hefur áratuga reynslu af sölu einingahúsa og byggingarefna á Íslandi og býður til sölu falleg, vönduð einingahús. Húsin eru hönnuð af íslenskum arkitektum og byggingatæknifræðingum fyrir íslenskar aðstæður og að sjálfsögðu í samræmi við íslenska byggingareglugerð.**

Mjög einfalt og fljótlegt er að reisa húsin en þau afhendast í einingum, tilbúin til uppsetningar. Húsasmiðjan er í nánu samstarfi við hönnuði húsanna og vísar fúslega á þeirra þjónustu sé óskað frekari ráðgjafar við hönnun, skil á teikningum til sveitarfélaga o.þ.h. Við leggjum okkur fram við að ferlið sé einfalt og í góðu samráði við kaupanda. Allar einingar afhendast samsettar með hurðum og gluggum. Þakstál, flasningar, þakkantaefni og festingar fylgja með. Vandaður frágangur og hús sem hentar vel íslenskum aðstæðum.

Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar á netfanginu serverkefni@husa.is eða í síma 525 3000. Verð, teikningar, skilalýsingu og fleira má finna wwá **husa.is**.



## Frigg 27 m²

Frigg er fallegt 27 m² einingashús með einu svefnherbergi.





## Freyja - 40 m²

Freyja er fallegt 40 m² einingahús með einu svefnherbergi.





## Sif - 60 m²

Sif er rúmgott og fallegt 60 m² einingahús með tveimur svefnherbergjum.





## Gígja - 80 m²

Gígja er mjög rúmgott og fallegt 80 m² einingahús með þremur svefn-herbergjum.



**Byggjum á betra verði**

FRÉTTIR



Frá fyrstu skóflustungu nýju slökkviliðsstöðvarinnar frá Hellu. Frá vinstri, Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþingi ytra, Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Ásahrepps, Hjalti Tómasson, varaoddviti Rangárþings ytra og formaður stjórnar Brunavarna, Leifur Bjarki Björnsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Rangárvallasýslu, Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra og Guðmundur Gíslason, stjórnarmaður í Brunavörnum Rangárvallasýslu. Mynd / Eiríkur Vilhelm Sigurðarson

Brunavarnir Rangárvallasýslu:

## Byggja slökkviliðsstöð á Hellu

**Brunavarnir Rangárvallasýslu hafa fest kaup á hluta af iðnaðarhúsi sem BR Sverrisson ehf. er að byggja á Hellu. Fyrsta skóflustunga að húsinu og þar með nýrri slökkvistöð fyrir Brunavarnir Rangárvallasýslu var tekin nýlega að viðstöddum sveitarstjórum og oddvitum í Rangárvallasýslu, ásamt Slökkviliðsstjóra og stjórnarmönnum Brunavarna Rangárvallssýslu.**

„Húsið er alls 554 fm2 en Brunavarnir kaupa 319 fm2 með 110 fm2 millilofti. Húsið verður algjör bylting í aðstöðu fyrir Brunavarnir þar sem það leysir af hólmi eldra húsnæði sem nýtt hefur verið frá 1969 og er í miðju íbúðarhverfi á Hellu. Við gerum ráð fyrir að taka nýja húsið í notkun snemma árs 2020," segir Leifur Bjarki Björnsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Rangárvallasýslu. /MHH



Reynir Hauksson og spænska flamencolistafólkið spilar í Salnum í Kópavogi dagana 25. og 26. maí.

## Borgfirskur gítarleikari slær tóninn með spænsku listafólki

**Reynir Hauksson, gítarleikari frá Hvanneyri, sem búsettur er í Granada á Spáni, kemur heim til lands í mánuðinum og heldur flamenco-tónleika ásamt fríðu föruneyti.**

Í Salnum í Kópavogi munu Íslendingar og Spánverjar sameinast í eldheitum dansi, tilfinningaþrungnum söng og suðrænum gítarleik. Boðið verður upp á það allra helsta úr heimi flamenco með nokkrum fremstu listamönnum Granada.

Til þess að hita upp fyrir sýningarnar í Kópavogi verða þrennir dúettatónleikar haldnir nokkrum dögum áður, í Borgarnesi, á Hvanneyri og í Reykjavík. Þá munu Reynir og spænsku listamennirnir bjóða upp á sk. „masterklass" þar sem þátttakendum býðst að fræðast um ýmis grunvallaratriði tón- og danslista.

Kristinn R. Ólafsson verður kynnir á sýningunum í Salnum. Miðasala er á vefnum tix.is.

*Dúett-tónleikar*

Landnámssetrið – þri. 21. maí kl. 20.30
Mengi – mið. 22. maí kl. 21.00
Hvanneyri Pub – fim. 23. maí kl. 20.30

*Sýningar*

Salurinn í Kópavogi, lau. 25. maí kl. 21.00
Salurinn í Kópavogi, sun. 26. maí kl. 21.00 (aukatónleikar)

Masterklass í Salnum, 25. maí kl. 15.00. Dans-, söng- og gítarkennsla ásamt fyrirlestri.

Byggðasafnið Garðar á Akranesi:

## Eldsmiðir hamra járnið

**Íslenskir eldsmiðir halda hina árlegu eldsmíðasamkomu á Byggðasafninu að Görðum á Akranesi 31. maí til 3. júní.**

Boðið verður upp á örnámskeið í eldsmíði fimmtudaginn 30 maí og laugardaginn 1. júní. Nánari upplýsingar á Facebook-síðu Íslenskra eldsmiða: https://www.facebook.com/islenskireldsmidir/



Íslandsmótið í eldsmíði verður haldið sunnudaginn 2. júní kl. 10.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar:

# Miðhálendisþjóðgarður skerðir skipulagsvald sveitarfélaganna

**Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar harmar að nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu óski aðeins eftir umsögnum um þætti sem lúta að skipulagi og mörkum slíks þjóðgarðs en ekki um kosti og galla þess yfir höfuð að stofna þjóðgarðinn.**

Fram kemur í fundargerð byggðarráðs að stofnun og rekstur þjóðgarðs kalli á mikið fjármagn ef vel eigi að standa að málum varðandi uppbyggingu innviða, viðhald m.a. vega, merkinga, fráveitumála og eigna.



Hálendisþjóðgarður eins og hann er dregin upp á vefsíðunni halendid.is sem 27 samtök standa að. Þar hefur verið safnað yfir 15.700 undirskriftum til stuðnings við stofnun slíks þjóðgarðs.

*Útfæra þarf samstarf við heimamenn*

„Ef þjóðgarður á að geta byggt upp atvinnu og stutt við búsetu á nærsvæðum þjóðgarðs þarf fjármagn að fylgja slíkri fyrirætlan. Einnig ef þjóðgarður á að bjóða upp á aðgengi og möguleika til útivistar, sérstakar aðgerðir gagnvart öryggismálum og vöktun, og að laða að ferðamenn," segja Skagfirðingar um stofnun miðhálendisþjóðgarðs.

Útfæra þurfi með skýrum hætti hvernig samstarfi við heimamenn á hverjum stað verði háttað, m.a. hver þeirra réttindi verða til að mynda varðandi nytjarétt, beitarstýringu og veiði. Í umræddum drögum sem nú eru til umsagnar er t.d. aðeins tekið þannig til orða að stefnt sé að því að „viðhalda réttindum sem nú þegar eru tryggð í þjóðlendum, s.s. fyrir sveitarfélög og/eða aðila sem stunda atvinnurekstur" í stað þess að kveða skýrt á um að þau réttindi haldist.

*Sporin hræða*

Með stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu er verið að færa hluta skipulagsvalds sveitarfélaganna yfir til stjórnunar- og verndaráætlana sem binda hendur sveitarfélaganna hvað varðar uppbyggingu innviða og vernd og nýtingu á umræddum svæðum segir í bókun Skagfirðinga. „Með öðrum orðum er verið að skerða skipulagsvald sveitarfélaganna. Sporin hræða í þeim efnum."

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar telur rétt að áður en lengra er haldið með undirbúning stofnunar þjóðgarðs á miðhálendinu verði hugað að stöðu, hlutverki og vilja sveitarfélaganna til verkefnisins. Jafnframt verði teknar saman upplýsingar um stöðu annarra þjóðgarða, rekstrargrundvöll þeirra og hvernig mat heimamanna á hverjum stað fyrir sig er á að til hafi tekist. /MÞÞ

Sveitarstjórn Húnaþings vestra:

# Hugmynd um fleiri smærri þjóðgarða á miðhálendi

**Sveitarstjórn Húnaþings vestra fjallaði um hugmyndir um þjóðgarð á miðhálendi Íslands á fundi sínum á dögunum og bendir á að í drögum um hann sé einungis miðað við einn stóran þjóðgarð fremur en að skoðaður sé með raunverulegum áhuga hvernig smærri og fleiri þjóðgarðar kæmu út til samanburðar.**

Stofnun og rekstur þjóðgarðs kalli á gríðarmikið fjármagn ef vel eigi að að standa að hlutum, ekki virðist sýnt samkvæmt þessum drögum hvernig þjóðgarður á að vera fjármagnaður.

Þá bendir sveitarstjórn á að töluverður hluti af skipulagsvaldi sveitarfélaga sé tekinn í burtu með þeim drögum sem fyrir liggi og það geti ekki talist viðunandi að sveitarfélögin á svæðinu missi beint skipulagsvald og feli það svæðis- og umdæmisráðum líkt og gert sé ráð fyrir í drögunum, sérlega ekki þegar ekkert sé vitað um það hvernig viðkomandi ráð verða skipuð.

Þá sé í drögunum lítið gert úr vægi sveitarfélaga og landeigenda þegar kemur að atvinnustefnu þjóðgarðsins, helst megi lesa úr drögunum að allir atvinnurekendur á svæðinu þurfi sérstakt atvinnuleyfi frá stjórn þjóðgarðsins, burtséð frá hver atvinnustarfsemi sé og hverjar skoðanir heimafólks séu.

*Hamlandi skorður*

„Verður því að líta svo á að þarna séu sveitarfélögum og landeigendum settar verulegar og hamlandi skorður, til dæmis varðandi beitarrétt og veiðar, og að viðkomandi aðilar missi þar með drjúgan umráðarétt yfir sínu landi. Ef sami tónn verður viðhafður í atvinnustefnu miðhálendisþjóðgarðs, sem ekki er ósennilegt verði drög að atvinnustefnu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð samþykkt, getur Húnaþing vestra einfaldlega ekki fellt sig við slíka verðfellingu skipulagsmála í heimahéraði," segir í bókun sveitarstjórnar Húnaþings vestra. /MÞÞ

Skoðanakönnun Gallup:

## Meirihluti landsmanna telur að Hvalárvirkjun muni hafa góð áhrif á búsetu á Vestfjörðum

**Rúm 62% landsmanna telja að fyrirhuguð virkjun Hvalár á Ströndum muni hafa góð áhrif á búsetu á Vestfjörðum, 66,6% að hún muni hafa góð áhrif á atvinnuuppbyggingu. Þá telja 73% að hún muni hafa góð áhrif á raforkumál í fjórðungnum og 64,9% telja að Hvalárvirkjun muni hafa góð áhrif á samgöngur á Vestfjörðum.**



Hvalárvirkjun mun nýta vatn sem miðlað verður úr stöðuvötnum á Ófeigsfjarðarheiði. Mynd / Verkís/Vesturverk

Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýlegri könnun sem Gallup gerði fyrir Vestfjarðastofu á viðhorfum landsmanna til orkumála og til Hvalárvirkjunar. Um netkönnun var að ræða sem gerð var á tímabilinu frá 8.–20. mars síðastliðinn.

Í úrtaki könnunarinnar voru 1.424 manns af öllu landinu, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Af þeim svöruðu 798 og var þátttökuhlutfallið því 56%. Samkvæmt könnuninni eru 40,9% landsmanna hlynntir virkjun Hvalár á Ströndum, en 31,4% eru andvígir og 27,7% eru hvorki hlynntir né andvígir.

Karlar eru almennt hlynntari virkjun Hvalár en konur og voru 55% karla hlynntir virkjuninni en 25% kvenna. /MHH







# Við framlengjum tilboðunum!

# 600.000

## KRÓNA AFSLÁTTUR

Vegna mikilla eftirspurna framlengjum við tilboðum 70 ára afmælis Massey Ferguson og 25 ára afmælis Valtra á Íslandi. Allar nýjar Massey Ferguson og Valtra vélar til afgreiðslu strax á allt að 600.000 króna afmælisafslætti. Einnig fylgir ferð fyrir tvo til Finnlands með öllum nýjum Valtra dráttarvélum.



**FERÐ FYRIR 2 TIL FINNLANDS FYLGIR NÝJUM VALTRA DRÁTTARVÉLUM!**

Vegleg skemmtiferð til Finnlands með viðkomu í höfuðstöðvum Valtra að verðmæti

**290.000**

fylgir í kaupbæti. Farið verður í ágúst/september 2019.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Selfoss // Akureyri // Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

FRÉTTIR

Rangárþing ytra:

# Kanna samstarf um kolefnisjöfnun

**Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra fundaði nýlega með Landgræðslustjóra og starfsfólki Landgræðslunnar um mögulegt samstarf í umhverfismálum, aðallega sem snúa að kolefnisspori sveitarfélagsins og möguleikum til þess að minnka það og jafna út.**


Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra.

Niðurstaða fundarins var sú að miklir möguleikar væru til samstarfs en fyrsta skrefið væri að láta reikna út kolefnissporið af til þess bærum aðilum. Einnig var rætt um annað mögulegt verkefni sem snýr að uppgræðslu á landi sveitarfélagsins á Strönd í samstarfi við Sorpstöð Rangárvallasýslu þar gætu verið möguleikar að nýta moltu nú þegar hafist verður handa við að safna lífrænum úrgangi í sýslunni. Ágúst hefur í kjölfar fundarins kannað hvað það myndi kosta að reikna út og meta kolefnisspor sveitarfélagsins. Kostnaður fer eftir útfærslu en reikna má með 30-50 klukkustunda vinnu sérfræðings við slíkt verk. Þess ber að geta að Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hefur hrundið af stað verkefni um að meta kolefnisspor Suðurlands en ekki er ljóst hvenær því verki mun ljúka. Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að fela Ágústi sveitarstjóra að útfæra verkefni um útreikning á kolefnisspori vegna starfsemi sveitarfélagsins og leggja verkefnaáætlun fyrir næsta fund byggðarráðs til staðfestingar. /MHH

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga:

## Landbúnaður er Sunnlendingum sérstaklega mikilvægur

**Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) nýverið var m.a. til umræðu skýrsla Vífils Karlssonar, ráðgjafa hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, sem tekin var saman um stöðu landbúnaðar og heitir „Landfræðilegt og efnahagslegt litróf landbúnaðar á Íslandi - Staðbundið efnahagslegt mikilvægi landbúnaðar á Íslandi“.**


Eva Harðardóttir, oddviti Skaftárhrepps og formaður stjórnar SASS, sem segir sunnlenskan landbúnað mjög mikilvægan fyrir landshlutann.
Mynd / MHH

Markmið og viðfangsefni skýrslunnar er að veita yfirlit yfir umfang landbúnaðar í einstaka landshlutum á Íslandi. Tilefni viðfangsefnisins má rekja til nokkurra atriða og tengjast breyttu ytra umhverfi atvinnugreinarinnar en þau helstu eru:

- Stóraukinn innflutningskvóti á erlendum landbúnaðarafurðum – einkum fersku kjöti.
- Aukin áhersla og meðvitund á tengsl landbúnaðar og loftslagsmála ásamt annarra áskorana í umhverfis- og auðlindamálum.
- Versnandi afkoma innan landbúnaðarins og horfur – einkum í sauðfjárrækt og minkarækt.
- Endurskoðun á samningum um starfsskilyrði ýmissa búgreina.

Á fundinum ályktaði stjórn SASS um mikilvægi landbúnaðar á Suðurlandi með eftirfarandi bókun með vísan í nýframkomið frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru að lögum verður innflutningur heimilaður á ófrystu kjöti.

„Stjórn SASS verkur sérstaka athygli á efnahagslegu mikilvægi landbúnaðar á Suðurlandi og að bein og óbein áhrif hans í landshlutanum eru samfélaginu afar mikilvæg auk þess sem landbúnaður hefur líka mikil áhrif á vöxt og viðgang annarra atvinnugreina. Verði frumvarpið að lögum er mikilvægt að landbúnaðarvörur verði merktar upprunalandi með tryggum hætti og að sömu kröfur gildi við framleiðslu innlendra landbúnaðarvara og þeirrar innfluttu, t.d. varðandi aðbúnað og lyfjagjöf. Í ljósi mikillar umræðu um neikvæð áhrif innflutnings á ófrystu kjöti á búfénað og lýðheilsu er mikilvægt að þau séu metin út frá fyrirliggjandi gögnum. Einnig er mikilvægt að viðhalda varnarlínum þannig að hægt verði að vernda ákveðin svæði ef upp koma sjúkdómar.“ /MHH

## Leiðrétting á myndatexta

**Í grein Landssamtaka skógarbænda í síðasta tölublaði Bændablaðsins birtist meðfylgjandi mynd, en myndatexti var ekki alls kostar réttur.**



Hið rétta er að á myndinni er María E. Ingvadóttir að færa Sigríði Hjartar þakklætisvott fyrir störf í þágu Félags skógareigenda á Suðurlandi.

Vegna misskilnings slæddist þarna inn nafn Maríönnu Jóhannsdóttur, skógarbónda í Snjóholti, í stað Maríu og eru viðkomandi beðnar velvirðingar á þessum mistökum.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar:

# Vill jöfnun raforkuverðs milli þéttbýlis og dreifbýlis

**Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti ályktun á fundi sínum 9. maí um að beina því til ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar að raforkuverð í dreifbýli og þéttbýli verði jafnað.**


Bláskógabyggð vill að dreifbýlið njóti sama orkuverðs og þéttbýlisbúar, enda sé uppspretta raforkunnar og nær allar virkjanir í dreifbýlinu.

Í ályktuninni segir að frá því að skipulagsbreytingar voru gerðar á raforkukerfinu árið 2005 hafa fyrirtæki sem annast dreifingu á raforku í þéttbýli og dreifbýli haft tvær mismunandi gjaldskrár, aðra fyrir dreifingu raforku í þéttbýli og hina fyrir dreifingu raforku í dreifbýli. Þrátt fyrir niðurgreiðslu frá ríkinu, með svonefndu dreifbýlisframlagi, er raforkuverð í dreifbýli enn hærra en raforkuverð í þéttbýli. Frá árinu 2015 hefur dreifbýlisframlagið verið fjármagnað með svonefndu jöfnunargjaldi, sem er lagt á alla almenna raforkunotkun.

*Hluti af arði Landsvirkjunar verði nýttur í niðurgreiðslur*

Þá segir í ályktun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar:

„Til að ná fullri jöfnun raforkuverðs fyrir alla landsmenn er áætlað að þurfi viðbótarframlag sem nemur um 900 milljónum á ári. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að nýta megi hluta af arði af rekstri Landsvirkjunar sem framlag til niðurgreiðslu raforkuverðs.

„Sveitarstjórn telur að nýta megi hluta af arði af rekstri Landsvirkjunar sem framlag til niðurgreiðslu raforkuverðs. Við bendum á að í gegnum tíðina hefur verið rætt um að þegar skuldir Landsvirkjunar hafi verið greiddar niður muni arður af henni nýtast í þágu landsmanna. Það liggur beinast við að sá arður verði nýttur á sviði raforkumála og beinlínis í þágu landsbyggðarinnar, þar sem allar virkjanir Landsvirkjunar standa,“ segir Helgi Kjartansson oddviti.


Helgi Kjartansson.

*Tímabært að íbúar landsbyggðar sitji við sama borð*

„Tímabært er að íbúar hinna dreifðu byggða sitji við sama borð og íbúar í þéttbýli hvað varðar raforkuverð og í raun hálfhjákátlegt að þeir sem búa næst uppsprettu raforkunnar, nærri virkjununum eða undir raflínum sem flytja orkuna á suðvesturhornið, skuli greiða hærra verð fyrir orkuna en þeir sem fjær búa,“ segir í ályktun sveitarstjórnar. /HKr./MHH

Jákvæð umskipti hjá Húsavíkurhöfn:

# Mikil gróska í hvala- og náttúruskoðun

**„Það er oft mjög mikið líf hér við höfnina og þá sérstaklega á sumrin, suma daga liggja skip á öllum hafnarköntum og margt fólk á ferli á hafnarsvæðinu,“ segir Þórir Örn Gunnarsson, hafnarstjóri í Húsavíkurhöfn. Mikil umskipti hafa orðið þar á bæ undanfarin misseri, eftir nokkurt tímabil lágdeyðu fór heldur betur að lifna við.**


Oft er mikið líf við Húsavíkurhöfn, einkum á sumrin, suma daga liggja skip á öllum hafnarköntum og margt fólk á ferli á hafnarsvæðinu.

Þórir Örn segir að ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu hafi vaxið og dafnað undanfarin ár, nú séu til að mynda um 20 farþegabátar sem geri út á hvala- og náttúruskoðun frá höfninni og því fylgi eðliega mikil umsvif og líf. „Það hefur verið mikil gróska í þessari grein og með miklu og góðu markaðsátaki hjá hvalaskoðunarfyrirtækjum og öðrum þeim sem stunda ferðaþjónustu á svæðinu er orðið talsvert um vetrarferðamennsku á svæðinu. Hvalaskoðunarvertíðin er nánast farin að ná saman og það er mjög jákvætt,“ segir hann.

Jákvæð innspýting varð einnig í samfélagið með opnun Sjóbaðanna á Húsavíkurhöfða og styðja þau vel við hótel- og veitingarekstur á Húsavík. „Húsvíkingar eru almennt jákvæðir gagnvart þessari uppbyggingu, auknum umsvifum við höfnina og heimsóknum ferðamanna,“ segir Þórir Örn.

*Heildarskipakomur í ár um 110*

Viðsnúningur hvað höfnina varðar hófst á árinu 2016 þegar uppbygging hófst á Bakka og Þeistareykjum, þá fóru að koma fleiri skip með vörur og búnað vegna hennar. Á sama tíma fjölgaði komum skemmtiferðaskipa til muna. Þau voru á bilinu 3 til 4 á sumri og svipaður fjöldi farmskipa, en í fyrra kom 41 skemmtiferðaskip og 64 farmskip til Húsavíkur. „Við eigum von á að heildarskipakomur til Húsavíkur verði um 110 á þessu ári. Nú eru hafnar reglubundnar skipakomur fyrir PCC á Bakka og Eimskip er einnig með reglulegar strandsiglingar til Húsavíkur allt árið með stórauknum möguleikum fyrir fyrirtæki á svæðinu. Strandsiglingum til Húsavíkur var hætt þegar rekstri Kísiliðjunnar var hætt á sínum tíma og það hafði umtalsverð áhrif á rekstur hafnarinnar og á önnur fyrirtæki á okkar svæði,“ segir Þórir Örn.

Hann segir að rekstur hafnarinnar hafi því gjörbreyst frá því sem áður var, en ekki megi gleyma því að auknum umsvifum fylgi einnig aukinn rekstrarkostnaður. „Kostnaður við uppbyggingu hafnarinnar er umtalsverður og því mikilvægt að bæta um betur og fjölga hafnsæknum verkefnum á svæðinu til að auka tekjur hafnarinnar enn frekar og að nýta iðnaðarsvæðið á Bakka og þá fjárfestingu sem ráðist var í við að byggja það iðnaðarsvæði upp.“

*Sjávarútvegur mikilvægur*

Þórir Örn segir að sjávarútvegur sé mikilvægur á Húsavík, erfiðleikar hafi steðjað að atvinnugreininni þar, líkt og annars staðar á landinu, og fiskibátum fækkað mikið. „Það er þó enn öflugur gangur í stærsta fyrirtækinu hér, GPG, bæði á Húsavík og Raufarhöfn og það eru hér líka nokkrir harðjaxlar sem ekki beygja sig þótt á móti blási í smábátaútgerðinni, þetta eru íslenskir sjómenn sem haga seglum eftir vindi og laga sig að breyttum aðstæður hverju sinni,“ segir hafnarstjórinn. Hann bætir við að löndun sjávarafla auki enn frekar við fjölbreytt lífið við höfnina, en það hafi sýnt sig að ferðamenn hafi mikinn áhuga á að fylgjast með þegar bátar koma að landi. /MÞÞ

can-am | BRP

TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á





**OUTLANDER**
650 FB 6X6
VERÐ ÁN VSK
**2.250.000**.KR
VERÐ MEÐ VSK
**2.790.000**.KR

**MAVERICK**
TRAIL 1000
VERÐ ÁN VSK
**2.411.000**.KR
VERÐ MEÐ VSK
**2.990.000**.KR

**ELLINGSEN**

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

**BRP@ELLINGSEN.IS**

ÍSTEKA

# Tekjumöguleiki - Blóðsöfnun úr fylfullum hryssum

Ísteka óskar eftir samstarfi við bændur um söfnun á blóði úr hryssum.
Miklir tekjumöguleikar fyrir bændur sem eiga eða geta komið sér upp hrossastóði.

Sauðfjárbændur athugið að hér gæti verið tækifæri til að fækka fé og fara í hrossarækt.
Lítill upphafskostnaður.
Ísteka veitir stuðning og ráðgjöf.

**Frekari upplýsingar fást hjá Ísteka í síma 581-4138**
**eða með fyrirspurn á netfangið blodsofnun@isteka.com**

Hjá Ísteka ehf. er unnið við þróun og framleiðslu á próteinlyfjum (biologics) og mælisettum (diagnostic kits) fyrir erlenda markaði. Starfsemin er GMP vottuð og framleiðsluferlar og starfshættir samþykktir af lyfjastofnunum út um allan heim, m.a. af FDA í USA.
Ísteka er á lista Creditinfo um framúrskarandi fyrirtæki.



Eggert Skúlason á veiðislóðum í Heiðarvatni í Mýrdal fyrir skömmu en veiðin byrjaði vel.

# Við höfum fengið flott viðbrögð

**„Já, það eru búnir fjórir þættir og við höfum fengið flott viðbrögð,“ sagði Eggert Skúlason um nýja seríu af Sporðaköstum, sem veiðimenn voru búnir að bíða alltof lengi eftir. Þættirnir eru byrjaðir að rúlla á Stöð 2 og 20 ára bið er á enda.**

„Við förum að mynda í Miðfjörðinn, Hafralónsá, Köldukvísl, Laxá í Dölum, Víðidalsá og Fitjá, Selá og Vesturdalsá. Þetta verða sex þættir,“ sagði Eggert, sem var nýkominn úr Heiðarvatni í Mýrdal með stöngina að vopni. Veiðin gekk flott í túrnum.

Veiðin í Heiðarvatni byrjaði með látum eins og víða í silungnum, fiskurinn er í tökustuði og Sporðaköst-þættirnir eru á þriðjudögum á Stöð 2. Er hægt að hafa það betra?


**Bændablaðið**

**Kemur næst út 29. maí**



**ALHLIÐA VÉLAVERKSTÆÐI**

- Allar almennar vélaviðgerðir
- Almenn renni- og fræsivinna
- Rennum og slípum sveifarása
- Málmsprautum slitfleti, t.d. á tjakkstöngum
- Gerum við loftkælingu bíla
- Almenn suðuvinna
- Plönum hedd
- Tjakkaviðgerðir

**Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!**

KAPP ehf

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is


# Fengum þennan fína urriða á Herdísi


Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com




**„Við erum með sumarbústað við Brókarvatn á Mýrunum, sem við keyptum núna nýlega, fínn staður,“ sagði Sigurður Karlsson er við heyrðum í honum á dögunum.**

„Þegar það hefur verið að detta í logn á kvöldin höfum við verið að kíkja og sjá hvort og hvar fiskur sé að vaka við vatnið.

Þegar veiðin er að byrja á vorin er mjög gott að horfa yfir vatnið og reyna að sjá hvar fiskurinn er að vaka, þetta einfalda ráð hefur hjálpað mér mikið við að finna hvar fiskurinn er.

Síðustu daga hefur allt verið að lifna við vatnið, komin smá fluga og fiskurinn er að koma upp og taka hana. Svo ákváðum við að prófa að veiða og við fengum þennan fína urriða, ca 3 pund, á Herdísi eftir Jón Sig. heitinn. En Herdís er frábær fluga sem ég nota mjög mikið. Hef samt aðallega notað hana í bleikju.

Baltasar, sonur minn, er að verða 6 ára, hann er mjög spenntur fyrir því að veiða og það er stutt í að hann verði kominn á fullt í fluguveiðina. Hann var gríðarlega ánægður með fiskinn, en hans aðalmarkmið var að veiða froska, en það tókst ekki í þetta skiptið,“ sagði Sigurður í lokin.



Baltasar Sigurðsson með flottan urriða úr Brókarvatn í Álftaneshreppi í Mýrarsýslu. Vatnið er dýpst 4 metrar og úr því rennur Brókarlækur í Urriðaá. Í vatninu er aðallega urriði og stærstu fiskarnir geta verið um 3 pund.



Flugan Herdís sem þykir góð.



Gunar Bender að spjalla við Harald Gunnarsson við veiðar í Höfuðhylnum í Elliðaánum. Mynd / María Gunnarsdóttir

# Við erum búnir að fá þrjá fiska

**„Við erum búnir að fá 3 urriða, hann tekur mjög grannt,“ sagði Haraldur Gunnarsson er við hittum hann við Höfuðhylinn í Elliðaánum fyrir skömmu, þar sem hann var að veiða ásamt félaga sínum.**

Vorveiði hefur staðið yfir í ánni og gengið ágætlega, urriðinn hefur verið að gefa sig á fluguna. Það er ágætt að ganga aðeins á urriðann og veiða, hann er grimmur í seiðunum í Elliðaánum. Svo styttist í að laxveiðin byrji þar sem borgarstjórinn og fleiri opna ána 20. júní.

„Þetta er flott æfing fyrir sumarið,“ sagði Haraldur enn fremur og var að hætta veiðum þennan daginn.

„Það virðist vera töluvert af urriða hérna en hann er tregur að taka enda aðeins kólnað,“ sagði veiðimaðurinn og dregur inn fluguna. Veiðifélaginn er hættur þennan daginn.

Í Elliðavatni eru nokkrir að berja vatnið en fiskurinn ekki tökuglaður. Samt hefur verið fín veiði núna í nokkra daga, en það hefur aðeins kólnað og það hefur sitt að segja. Urriðinn verður tregari en útiveran er verulega góð.

# Víða ansi góð silungsveiði

**„Við höfðum aðeins verið að veiða urriðann hérna í Laxá, það gott að grisja hann aðeins,“ sagði Jón Helgi Björnsson á Laxamýri í Aðaldal er við heyrðum aðeins í honum hljóðið, en þau eru mörg vorverkin í sveitinni á þessum tíma árs.**

„Urriðinn er feitur og fallegur sem við höfum verið að veiða,“ sagði Jón Helgi enn fremur.

Silungsveiðin hefur víða verið góð, fiskurinn kemur vel undan vetri þetta árið. Meðalfellsvatn hefur verið að gefa veiði og Elliðavatn flotta veiði.

„Ég er búinn að fá nokkra fiska, urriða,“ sagði veiðimaður sem við hittum við vatnið. Já, urriðinn hefur verið að gefa sig en bleikjunni fækkar og fækkar.

Í Kleifarvatni og Hlíðarvatni í Selvogi hafa veiðimenn verið að fá vel í soðið. Flotta fiska. Silungsveiðin byrjar vel, fiskurinn er vel haldinn og styttist í að veiðin byrji í flestum vötnum landsins.



Björn Gunnar Jónsson með flotta urriða úr Laxá. Mynd / Jón Helgi.

# SUMARTILBOÐ

**10% sumarafsláttur af öllum GARÐHÚSUM** af verðum á heimasíðunni okkar

Einnig eru valin gestahús á sérstöku sumartilboði, sjá nánar á heimasíðunni

www.volundarhus.is

VH/19-01



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

**50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustu-stöðvar Flytjanda.**

**GESTAHÚS og GARÐHÚS** *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

**Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.**

volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslulán · VISA Lán



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is








Notkun nefhjóla tryggir mun hreinna og verðmætara fóður.



Framúrskarandi rakstur og einstök gæði



Einstök ending og frábær fylgni við landið.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Selfoss // Akureyri // Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

# STEKKUR

## Fjölæringar eru fallegir

**Fjölærar jurtir skipa stóran sess í ræktun margra garða og skipta tegundir og afbrigði þúsundum. Blómlitir, hæð og blaðlögun eru óteljandi og möguleikarnir sem bjóðast í útfærslu þeirra eru óendanlegir.**

Við val á fjölærum jurtum skal velja þær út frá hæð, blómlit, blaðlögun og blómgunartíma, auk þess sem taka verður tillit til þess hvort þær þola skugga, í hvernig jarðvegi þær dafna best og hvað þær þurfa mikið rými. Einnig er ráðlagt að velja jurtir sem blómstra á mismunandi tíma svo að garðurinn sé í blóma frá vori fram á haust.

Áður en jurtirnar eru gróðursettar verður að undirbúa beðið vel með því að stinga það upp, losa um og hreinsa moldina og blanda hana með lífrænum áburði niður á 30 til 40 sentímetra dýpi. Ef gróðursetja á jurt sem kýs basískan jarðveg þarf að bæta í hann kalki, til dæmis skeljasandi. Kjósi viðkomandi jurt aftur á móti súran jarðveg þarf að sýra hann með brennisteini eða barrnálum.

Samkvæmt reglunni þarf að skipta og flytja jurtir sem blómstra á haustin að vori, en jurtir sem blómstra á vorin eru fluttar á haustin. Yfirleitt er þó gróðursett að vori hvor flokkurinn sem í hlut á og gefst oftast vel.

Gróðursetja þarf jurtirnar sem fyrst eftir að þær koma í garðinn og passa verður að ræturnar þorni ekki. Varast ber að sól skíni á ræturnar, það þola jurtirnar illa. Einnig þarf að gæta þess að hafa gróðursetningarholurnar víðar svo hægt sé að koma rótunum fyrir án þess að vöðla þeim saman og betra er að klippa af rótunum en að troða þeim niður.

Gæta þarf þess að gróðursetja jurtina í sömu dýpt og hún stóð áður og þjappa jarðveginum hæfilega þétt að henni. Hæfilegt bil á milli jurta er breytilegt eftir fyrirferð þeirra og getur verið frá nokkrum sentímetrum og upp í rúman metra. Ágætt viðmið er að jurtir sem eru 10 til 30 sentímetrar á hæð sé plantað með 15 til 25 sentímetra millibili. 30 til 60 sentímetra háar jurtir þurfa 25 til 60 sentímetra millibil og jurtir sem eru 60 til 100 sentímetra háar verða að hafa 50 til 100 sentímetra millibili eða meira.

Sé jarðvegur í beðinu frjósamur nægja 40 til 50 grömm af alhliða garðáburði á hvern fermetra fyrrihluta sumars og hálfur skammtur í lok júlí. Hnefafylli af lífrænum áburði yfir beði annað hvert ár er einnig til bóta og gott er að raka hann niður.

Þeir sem ekki hafa aðgang að garði geta sett fjölærar plöntur í ker eða potta með gati á botninum, og haft á svölum eða tröppum. Blanda þarf moldina í kerunum með sandi eða vikri og setja möl í botninn svo að hún verði ekki of blaut.

Lágvaxnar tegundir fara betur í kerum en hávaxnar tegundir og auðveldara er að færa kerin til ef plönturnar eru lágar.

Eftir útplöntun þarf að vökva vel. Ef gróðursett er í sterku sólskini eða hvassviðri er gott að skýla jurtinni fyrstu dagana. Blaðmiklar jurtir þurfa meira vatn en blaðminni vegna þess að útgufun úr þeim er meiri. /*VH*

## NYTJAR HAFSINS



Bátar í höfn á Patreksfirði. Mynd / HKr.

# Innsýn í smábátaútgerðina

**Landssamband smábátaeigenda var stofnað 5. desember 1985. Aðalhlutverk félagsins frá upphafi og til dagsins í dag hefur verið hagsmunagæsla fyrir félagsmenn.**



Örn Pálsson.



Á bryggjunni á Sauðárkróki.

Kveikjan að stofnun LS var að koma í veg fyrir stöðvun veiða smábáta eftir að tilteknum afla yrði náð. Aflinn sem átti að miða við var 8.400 tonn. Smábátaeigendur mótmæltu og sögðu að náttúruöflin sæju um að stjórna veiðum þeirra. Það væri nægur hemill, oft og tíðum liðu vikur milli þess að gæfi á sjó. Einnig væru veiðar þeirra takmarkaðar við veiðisvæði stutt frá landi og það væri ekki alltaf á vísan að róa á þau mið. Svo fór að hlustað var á raddir smábátaeigenda, ekki síst þegar bent var á misvægi milli landshluta. Eitt svæði gæti búið við góðar gæftir og fiskgengd á sama tímabili sem allt gengi gegn trillukörlum á öðrum landsvæðum.

LS varð strax áberandi afl í sjávarútvegi og kom á framfæri til stjórnvalda og almennings heildstæðum sjónarmiðum smábátaeigenda. Mikill áhugi vaknaði fyrir smábátaútgerðinni sem sýndi sig best í mikilli fjölgun báta samfara auknum afla hjá þeim. Útgerðarmynstrið sem verið hafði apríl–september breyttist með öflugri bátum og reynslumiklum sjómönnum, sem meðal annars komu af vertíðarbátum til sjálfstæðrar smábátaútgerðar. Einnig höfðu sjómenn og skipstjórar á stærri skipum mikla löngun til að stofna sína eigin útgerð. Þannig byggðist upp hinn harði kjarni sem lagði grunninn að því sem orðið er í dag.

### *Miklar breytingar*

Fjölmargar ástæður lágu á bak við þessar breytingar. Þar vóg kvótasetning allra bata 12 brúttórúmlestir og stærri mjög þungt og frá 1. september 1991 bættust við allir smábátar 6 brúttórúmlestir og stærri. Kvótasetning þessara minni báta leiddi til þess bátum fækkaði um hundruðir á næstu árum. Veiðiheimildir dugðu ekki fyrir þeim kostnaði og tekjum sem þeim var ætlað.

Aðilar stóðu þá frammi fyrir tveimur kostum, að kaupa meiri veiðiheimildir eða að selja hæstbjóðanda útgerðina og þar með veiðiheimildirnar. Síðarnefndi hópurinn varð fjölmennari sem leiddi til áðurnefndrar fækkunar útgerðaraðila. Í þeim hópi voru hins vegar aðilar sem ekki voru tilbúnir að leggja árar í bát. Margir þeirra sáu tækifæri í að kaupa sér smábát minni en 6 brúttórúmlestir og halda áfram útgerð. Þar var enn til staðar ákveðið frjálsræði sem væri álitlegur kostur. Á sama tíma og bátum með veiðiheimildir bundnar í kvótum fækkaði fjölgaði virkum bátum minni en 6 brl. þar sem sóknin var takmörkuð við veiðarfæri – lína og handfæri – og banndögum.

### *Stækkun báta að 15 brt.*

Hugmyndaflug bátasmiða og





Frá Norðurfirði.

hönnuða gerði það að verkum að bátarnir teygðust í allar áttir og brátt var orðinn til öflugur floti báta sem gerður var út allt árið.

Árið 2002 var ákveðið að breyta stærðarmörkum þessara báta og færa hámarksstærð þeirra upp að 15 brúttótonnum. Við þá ákvörðun breyttist margt. Bátarnir gátu fært meiri afla að landi í hverri veiðiferð, betri aðstaða var fyrir frágang á afla og aðbúnað fyrir áhöfn. Auk þessa var nú hægt að sækja lengra út og þar með meiri möguleikar á að veiða fleiri tegundir en þorsk. Þar sem lengst af voru að hámarki tveir í áhöfn voru orðin dæmi um fjóra um borð.

Gagnrýnt var að stækkunin gæti haft í för með sér misvægi milli aðila og veiðiheimildir mundu þjappast saman og útgerðum þar með fækka. Engum átti í raun að koma það á óvart þar sem takmarkanir á hámarkshlutdeild hverrar útgerðar var nokkuð rúm.

Aðilar stærri báta og skipa þar sem veiðiheimildir voru takmarkaðar af kvótum gerðu frá upphafi kröfu um að sú veiðistjórn mundi einnig ná yfir smábáta. Hagsmunasamtök þeirra, LÍÚ sem stofnuð voru 17. janúar 1939 voru gríðarlega öflug og náði krafa þeirra eyrum stjórnvalda. Landssamband smábátaeigenda átti því á brattan að sækja, en með einörðum og markvissum málflutningi urðu stjórnmálamenn tvístígandi. Það olli því að hluti smábátaeigenda var utan afamarkskerfisins (kvóta) fram yfir aldamót eða þar til sóknardagakerfið var aflagt 1. september 2004 og 275 bátar bættust í hóp krókaaflamarksbáta. Tíu bátar kusu þó að halda áfram í tvö ár í viðbót og höfðu þá heimild til handfæraveiða í 18 daga.

***Strandveiðar***

Tæpum fjórum árum síðar var ákveðið að falla frá þeirri ákvörðun að binda sjósókn allra smábáta við kvóta. Strandveiðum var komið á. Þær hófust 28. júní 2009, en bráðabirgðaákvæði um veiðarnar var lögfest 19. júní og ári síðar staðfestar sem ótímabundið ákvæði í lögum um stjórn fiskveiða.

Strandveiðar veita einstaklingum rétt til veiða með handfærum 4 daga í viku, mánudag – fimmtudag mánuðina maí – ágúst. Hver veiðiferð má að hámarki standa yfir í 14 klukkustundir og afli í henni má að hámarki vera 650 þorskígildi sem samsvarar 774 kg af óslægðum þorski. Auk þessara takmarkana er ákveðið heildaraflamagn ætlað til veiðanna og því skipt á fjögur landsvæði á hvern mánuð. Þegar bátar hvers svæðis höfðu náð þeim afla voru veiðar stöðvaðar. Við það myndaðist oft kapp í upphafi hvers mánaðar þannig að sem mest kæmi í hlut hvers og eins.

Alþingi ákvað á síðasta ári að gera breytingar á veiðifyrirkomulaginu til að minnka það kapp sem myndaðist við veiðarnar í upphafi hvers mánaðar, þegar fyrirsjáanlegt væri að aðeins örfáir veiðidagar yrðu í boði. Hið nýja fyrirkomulag sem kom til framkvæmda 2018 byggist á að tryggja hverjum báti 12 veiðidaga í hverjum mánuði. Markmiðið er að auka öryggi við veiðarnar, auka jöfnuð milli svæða og gera strandveiðar meira aðlaðandi. Svo vel þótti takast til að ákvæðið sem gilti aðeins sumarið 2018 var lögfest í apríl síðastliðnum.

Áðurnefndar takmarkanir veiðanna eru þó enn í gildi, en í stað þess að því sem ætlað er til strandveiða sé skipt á fjögur landsvæði eru heimildirnar í einum potti. Verði þær uppurnar áður en fiskveiðiárinu lýkur í lok ágúst, verða strandveiðar stöðvaðar samtímis á öllum svæðum. Til að tryggja að ekki komi til þess var ákveðið að bæta við veiðiheimildir sem ætlaðar eru til strandveiða. Alls er til þeirra ætluð 11.100 tonn af óslægðum botnfiski auk þess 1.000 tonn af ufsa.

***Sveiflur í fjölda báta***

Fjöldi smábáta hefur frá stofnun LS hæst farið yfir tvö þúsund þar sem þeir bjuggu við nokkuð ásættanlegar veiðiheimildir. Hefur nú á síðari árum fækkað mjög í þeim hópi þar sem aðeins 363 höfðu aflahlutdeild og þar með kvóta í botnfiski um síðustu fiskveiðiáramót. Auk þeirra hafa hundruðir báta gert út á leigukvóta, strandveiðar, grásleppuveiðar og nú síðustu ár hefur makríllinn bæst við.

Fiskveiðiárið sem hófst 1. september 2015 er til þessa fengsælasta ár smábátaflotans þegar aflinn var um 93 þúsund tonn.

**Örn Pálsson**
*framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda*

45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið
Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2018. Aldur 12-80 ára.
Lestur Bændablaðsins:
BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI
20,4% á höfuðborgarsvæðinu
45,6% á landsbyggðinni
29,5% landsmanna lesa Bændablaðið
Bændablaðið Hvar auglýsir þú?
Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is
Bændablaðið
Kemur næst út
29. maí

Ertu klár fyrir sumarið?
Eigum örfár vélar til afgriðslu fyrir heyskapinn.
Tryggið ykkur vélar í tíma.
KUHN

Sláttuvélar

GMD 310-FF diskasláttuvél.
Vinnslubreidd 3,10 m

GMD 3511-FF-540 s/n aflúttak.
Miðjuhengd, vinnslureidd 3,50 m

GMD 4011- FF & GMD 4411 FF
Diskasláttuvélar.
Miðjuhengdar. Vinnslubreidd 4,0 og 4,40 m



Fjölfætlur

GF 502
Lyftutend fjölfætla 4 stjörnu. Vinnslubreidd 5,40 m

GF 642
Lyftutend fjölfæta 6 stjörnu. Vinnslubreidd 6,40 m

GF 8712T
Dragtengd fjölfætla 8 stjörnu á vagni. Vinnslubreidd 8,70 m

GF 10812T
Dragtengd fjölfætla 10 sjörnu á vagni. Vinnslubreidd 10,80 m



Múgavélar

GA 5031T
Dragtend einnar stjörnu múgavél.
Vinnslubreidd 5,0 m

GA 7501+
Dragtengd tveggja stjörnu múgavél.
Vinnslubreidd 6,80 – 7,50 m



VÉLFANG - VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is
Frostagötu 2a • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

**Tilnefningar Íslands til Embluverðlaunanna**

## Norrænu Emblu-matarverðlaunin:

# Íslensku tilnefningarnar kynntar

**Norrænu Emblu-matarverðlaunin verða afhent í Hörpu í Reykjavík 1. júní og Bændablaðið kynnir hér þrjár af sjö tilnefningum íslensku dómnefndarinnar. Í næsta blaði sem kemur út 29. maí verða svo hinar fjórar tilnefningarnar kynntar lesendum.**

Athöfnin er haldin á tveggja ára fresti og voru verðlaunin afhent í fyrsta skipti í Kaupmannahöfn í ágúst 2017.

Á öllum Norðurlöndunum bárust nú 320 tilnefningar alls, þar af rúmlega 50 á Íslandi.

*Samstarfsverkefni norrænna bændasamtaka*

Embluverðlaunin eru samstarfsverkefni allra bændasamtaka Norðurlandanna sem eru í NBC, samtökum norrænna bændasamtaka. Norræna ráðherranefndin er einn af bakhjörlum Embluverðlaunanna.

Fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum munu koma saman í lok maí og dómnefndir velja sigurvegarana.

Í dómnefnd Embluverðlaunanna sitja fyrir Íslands hönd þau Guðrún S. Tryggvadóttir, formaður Bændasamtakanna, Brynja Laxdal, verkefnastjóri Matarauðs Íslands og Ólafur Helgi Kristjánsson, matreiðslumeistari á Hótel Sögu. /smh

**Tilnefningarnar eru eftirfarandi:**

- Matvælafrumkvöðull Norðurlanda 2019: **Íslensk hollusta**
- Embluverðlaun fyrir mat fyrir börn og ungmenni 2019: **Matartíminn**
- Matvælaiðnaðarmaður Norðurlanda 2019: **Rjómabúið á Erpsstöðum**
- Miðlun um mat 2019: **Gísli Matthías Auðunsson matreiðslumaður**
- Mataráfangastaður Norðurlanda 2019: **Traustholtshólmi í Þjórsá**
- Embluverðlaun fyrir mat fyrir marga 2019: **Veitingadeild IKEA í Garðabæ**
- Hráefnisframleiðandi Norðurlanda 2019: **Vogabúið í Mývatnssveit**



Guðmundur Egill Ragnarsson matreiðslumeistari og Birgir Reynisson framleiðslustjóri Matartímans. Mynd / smh

## Matartíminn:

# Auka hlut íslenskra búvara í skólamáltíðum

**Matartíminn er verkefni sem Sölufélag Garðyrkjumanna (SFG) rekur með það meðal annars að markmiðið að auka hlut íslenskra afurða á borðum íslenskra barna með áherslu á íslenskt grænmeti, einnig er stór hluti af verkefninu að minnka matarsóun og fækka kolefnisfótsporum.**

Matartíminn notar alltaf íslensk matvæli sé það hægt og til að sporna við matarsóun er grænmeti notað sem ratar ekki í búðirnar, ferskt og grænmeti af bestu gerð, sem þó mögulega uppfyllir ekki útlitsstaðla.

Matartíminn hefur vaxið hratt á undanförnum árum og framleiðir nú mat fyrir fimm þúsund skólabörn og starfsfólk skólanna daglega, en þjónustar einnig heildsölur og veitingastaði.

Matartíminn er starfræktur í höfuðstöðvum SFG að Brúarvogi 2, undir stjórn þeirra Herborgar Svönu Hjelm forstöðumanns og framleiðslustjórans Birgis Reynissonar – en hugmyndin að verkefninu er frá þeim komin. Verkefnið hófst formlega í júní 2017.

Stuðst er við ráðleggingar frá embætti Landlækni þegar matseðlar eru settir saman, þannig að máltíðirnar verði næringarríkar og mataræðið fjölbreytt.

*Að mestu gerður frá grunni*

Matartíminn leggur gríðarlega mikið



Herborg Svana Hjelm. Mynd / Matartíminn

uppúr gæðum hráefnis sem er notað í matargerðina, bæði það sem er í matinn og hvað er í honum. Maturinn sem Matartíminn framleiðir er að mestu leyti framleiddur frá grunni.

„Þetta er í fyrsta lagi viðurkennig á því sem við erum að gera og hvetur okkur til að gera enn betur," segir Herborg.

„Við vorum með þann draum að bjóða börnum og unglingum upp á bestu mögulegu gæði úr nærumhverfinu. Það skiptir svo miklu máli hvað við getum börnunum okkar að borða.

Einnig erum umhverfismál ofarlega í hugum allra í dag. Við erum rosalega stolt af þessari tilnefninu – en Matartíminn samannstendur af flottu starfsfólki með mikla reynslu, þekkingu og menntun – og þetta hvetur okkur til að gera betur og halda áfram þessari vegferð." /smh

## Rjómabúið Erpsstaðir:

# Hefðbundnu íslensku skyri hampað

**Rjómabúið Erpsstaðir í Dölum var stofnað vorið 2009 þegar kúabændurnir á Erpsstöðum hófu að framleiða ís úr mjólkinni sinni. Bændurnir Helga E. Guðmundsdóttir og Þorgrímur Einar Guðbjartsson, sem einnig er mjólkurfræðingur, hafa tekið á móti hópum allt frá fyrstu tíð.**

Árið 2010 hófst framleiðsla á gamaldags hefðbundnu skyri á rjómabúinu og í kjölfarið kom ostaframleiðsla og skyrkonfektsgerð. Samhliða var unnið að því að þróa gestamóttöku sem er þannig hönnuð að bæði er hægt að fylgjast með störfunum í heimavinnslunni og atferli kúanna í fjósinu á sama tíma. Var það þeim Þorgrími og Helgu kappsmál frá byrjun að taka vel á mót gestum og geta eftir fremsta megni frætt þá um íslenskan landbúnað, íslensku kúna og daglegt líf bænda.

Um 15 þúsund ferðamenn sækja Erpsstaði heim ár hvert og er ísinn



Þorgrímur Guðbjartsson. Mynd / smh

vinsælasta varan í sveitaversluninni í gestamóttökunni.

*Skyrstofa Erpsstaða*

Í byrjun apríl 2018 var formleg opnun á Skyrstofu Erpsstaða; sögusýningu, fræðslusetri og skyrbar til heiðurs hinu hefðbundna íslenska skyri. Á skyrbarnum gefst gestum kostur á að smakka slíkt fágætt skyr. Rjómabúið Erpsstaðir er einn fárra aðila í mjólkurvinnslu sem framleiðir slíkt skyr.

„Við reynum að vinna með allt hráefnið og nota íslenskar náttúruafurðir eins og hægt er. Við notum til dæmis aðalbláber, rabarbara, mjaðjurt og fíflahunang sem bragð í ísinn, notum skyrmysuna í drykki og slíkt," segir Þorgrímur. Hann segir að í grófum dráttum megi segja að mjólkurvinnslan sé þannig að fyrst sé mjólkin skilin, rjóminn fari í ísinn, undanrennan í skyr, mysan í drykkinn og hratið úr drykknum í kexið.

„Okkur er það mikill heiður að hljóta þessa tilnefningu og vonum svo sannarlega að við séum verðugir fulltrúar íslenskrar matvælaframleiðslu í keppninni að þessu sinni," segir Þorgrímur. /smh

## Íslensk hollusta:

# Hollustu- og sælkeravörur úr náttúru Íslands

**Fyrirtækið Íslensk hollusta var stofnað árið 2005 af hjónunum Eyjólfi Friðgeirssyni og Bergþóru Einarsdóttur. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í að vinna vörur beint úr náttúrunni og eru fjölmargar vörur nú í vörulínu fyrirtækisins. Allt byrjaði þetta með því að Eyjólfur prófaði sig áfram með eigin tejurtablöndu sem síðan sló í gegn, en hún samanstendur af fjallagrösum, birki og ætihvönn.**

Áður var fyrirtækið þeirra rekið undir nafninu Hollusta úr hafinu, enda var fyrst ætlunin að útfæra vörur úr þara fyrst og fremst. Þrátt fyrir nafnabreytinguna héldu þau áfram að safna þara; stórþara, beltisþara og fjörugrösum - en við bættist ýmiskonar jarðargróði eins og ber og blóðberg í margskonar útfærslum.

Vörur Íslenskrar hollustu hafa margar hverjar notið vinsælda hjá virtum matreiðslumönnum. Meðal annarra hefur hinn kunni veitingastaður Noma í Kaupmannahöfn verið í föstum viðskiptum við fyrirtækið í mörg ár. „Við höfum selt þeim söl, beltisþara og fjallagrös meðal annars," segir Eyjólfur.



Bergþóra og Eyjólfur á matarmarkaði með vörur sínar. Mynd / úr einkasafni

*Þangskeggið sem bragðast eins og jarðsveppur*

„Árið 2015 fórum við að vinna við vöruþróun og markaðssetningu á þangskeggi, sem við köllum Sea Truffles. Þangskeggið er rauðþörungur sem hefur lykt og bragð sem líkist mjög jarðsveppum eða trufflum. Þangskeggið hefur þó sjávarbragð; líkist gjarnan skelfiski og þá nálægt humri. Veitingamenn og kokkar eru út af þessum eiginleikum mjög áhugasamir um þetta til matargerðar. Við erum þegar komin með nokkrar vörur sem við erum að prófa okkur áfram með. Við höfum verið að leita eftir styrkjum til að halda þessari þróun áfram."

*Meira selt til veitingahúsa*

„Ég, og konan mín Bergþóra Einarsdóttir, höfum byggt fyrirtækið upp en erum að eldast. Árið 2016 kom dóttir okkar Ragnheiður Eyjólfsdóttir til starfa hjá Íslenskri hollustu ehf. Hún er menntuð í textílhönnun og hefur mikla og góða reynslu af stjórnun. Með henni kom nýtt líf og kraftur inn í fyrirtækið. Hún hefur góð sambönd í veitingageiranum og hefur lagt áherslu á að þjóna honum betur. Við seljum núna talsvert meira af vörum til veitingahúsa, meðal annars frosin ber, berjasafa, sultur, þurrkuð ber og jurtir eins og blóðberg, birki, ætihvönn, ætihvannarfræ og ætihvannarrót – fyrir utan nokkrar tegundir af þara. Það er sífellt að fjölga þeim jurtum sem við söfnum og erum með. Heildverslunin Garri hefur dreift þessum vörum fyrir okkur í veitingahús," segir Eyjólfur um þróun starfseminnar á síðustu árum.

*Bruggverksmiðja og lífrænt vottað te*

„Í vetur keyptum við og settum upp bruggverksmiðju til að framleiða bjór og vín í. Við – eða aðallega Ragnheiður – erum að þróa vörulínu og erum þegar komin með nokkrar tegundir af bjór, krækiberjavín, nokkra líkjöra meðal annars hrútaberjalikjör sem hefur fengið góðar viðtökur og er núna seldur út á Keflavíkurflugvelli. Við köllum þessa áfengis-vörulínu Og natura. Ein ástæðan fyrir því að við förum út í vínframleiðslu er að undanfarin ár höfum við selt talsvert af hráefni til brugghúsa og vildum koma sjálf með vín með áherslu á íslenskt hráefni."

Íslensk hollusta hefur allt frá byrjun selt jurtate og nýlega tóku þau yfir tefyrirtækið Arctic Mood ehf. sem hefur framleitt og selt lífrænt vottað te. Eyjólfur segir að sú staða gefi færi á að leggja áherslu á að vera með fleiri tegundir af lífrænt vottuðum vörum í framtíðinni.

*Verða með bás í Hörpu*

„Tilnefningin vekur athygli á okkur og er viðurkenning fyrir starf okkar.

Við vorum búin að ákveða að vera með bás með vörunum okkar á Emblu-ráðstefnunni.

Tilnefningin beinir athyglinni að okkur í Hörpu og auðveldar okkur að mynda ný tengsl við fyrirtæki í veitingarekstri og matvælavinnslu á Norðurlöndunum," segir Eyjólfur að lokum. /smh




## Gripaburstar án mótors
## Kynningarverð frá 95.000 kr.

EasySwing®

**Easy Swing gripaburstar fyrir velferð dýranna**

Í samstarfi við Finneasy í Finnlandi býður BYKO nú upp á Easy Swing gripabursta af ýmsum stærðum án mótora. Burstarnir henta gripum allt frá ungum kálfum upp í fullorðin naut. Burstarnir eru smíðaðir með mikið álag í huga. Easy Swing gripaburstarnir eru auðveldir í uppsetningu og kosta mun minna en rafmagnsdrifnir kúaburstar.

**Hafðu samband:**
*bondi@byko.is*



byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

## VÍKURVAGNAR EHF.
## HESTAKERRUR - GRIPAVAGNAR



### HESTAKERRA
*HB 610 - FYRIR 5-6 HESTA*
*VERÐ*
*2.490.000 með vsk.*



### GRIPAFLUTNINGAKERRA
*TA 510 - FYRIR 4-5 HESTA*
*VERÐ - 1.620.000 með vsk.*
*TA 510 – FYRIR 4-5 HESTA MEÐ MILLIGÓLFI*
*VERÐ – 1.895.000 með vsk.*
*TA 510 – FYRIR 5-6 HESTA MEÐ MILLIGÓLFI*
*VERÐ – 1.995.000 með vsk*

*STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI*

*Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík*
*Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is*

## OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR
TIL 7.JÚNÍ

Á heimavistinni búa **330** framhaldsskólanemendur alls staðar að af landinu




Nánari upplýsingar og umsóknir **heimavist.is**

Heimavist MA og VMA

ÍSTEKA

**SELDU HRYSSUR TIL LÍFS**

## Hrossabændur óska eftir hryssum

**Mega vera þriggja til fimmtán vetra**

## Enn hækkað verð!

**Greiðum nú 35.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.**

**Sækjum frítt** á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: **hryssa@isteka.com** eða í síma **581 4138.**

***Geymið auglýsinguna!***

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í *WorldFeng*.

ORKUSTOFNUN

Hefur þú kynnt þér
**Smávirkjanaverkefni**
Orkustofnunar?

- Smærri virkjanir geta verið lyftistöng fyrir bæði bændur og fleiri aðila
- Þær geta stuðlað að auknu orkuöryggi í landinu
- Geta verið svar við orkuskorti víða um land
- Geta tryggt vaxtarmöguleika í dreifðari byggðum landsins

Kynntu þér málið á vef Orkustofnunar:
https://orkustofnun.is/raforka/smavirkjanir/

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík - Sími 569-6000 - www.os.is

FRÉTTASKÝRING

## Bandarísk rannsókn sýnir að stýrt eldi grasfóðraðra jórturdýra sé kolefnishlutlaust og jafnvel kolefnisneikvætt:

# Fullyrðingar um skaðsemi jórturdýra á loftslagið oft á miklum villigötum

– Mögulega gæti verulegur hluti sauðfárbúskapar og nautgriparæktar á Íslandi þegar talist kolefnishlutlaus



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Fullyrðingar um að gróðurhúsaáhrif búfjárstofna á loftslag séu svo alvarleg að best væri að hætta allri neyslu á kjöti virðast ekki standast skoðun. Oftast fylgja engin tölfræðileg gögn slíkum fullyrðingum og aragrúa rannsókna sem vísað er til ber alls ekki saman. Þá gleymist yfirleitt líka að taka inn í reikninginn að metangas, sem oftast er nefnt sem helsti skaðvaldurinn, eyðist í andrúmsloftinu á átta árum og er líka mikilvægt næringarefni örvera í jarðvegi.**

Ein fullyrðingin segir að ein kýr framleiði jafn mikið af gróðurhúsalofttegundum á ári og bíll sem ekið er 50.000 kílómetra. Svo segja aðrir að þegar tré deyr og rotnar losi það jafn mikið af gróðurhúsalofttegundum og bíll sem ekið er 200.000 km. Samkvæmt þessari speki væri þá væntanlega rökrétt að draga þá ályktun að best sé að útrýma öllum kúm á jörðinni og hætta að gróðursetja tré. Þegar farið er að skoða þessi mál í samhengi hlutanna er alveg ljóst að yfirlýsingagleðin er komin langt út yfir öll eðlileg mörk.

### *Grasfóðruð jórturdýr hlutlaus í myndun gróðurhúsalofttegunda*

Í sumum skýrslum og gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda er fullyrt að nautgripir standi fyrir losun á metani ($CH_4$) sem samsvari um 50% af ígildi losunar á koltvísýringi á heimsvísu. Aðrar „vísindalegar“ skýrslur segja 36%, 26%, eða 18% og jafnvel 16%. Í úttekt Swiss Bio Farmer 2017 eru allar þessar fullyrðingar slegnar út af borðinu og bent á þá staðreynd að kýr séu hluti af náttúrulegri hringrás þar sem taka verði inn í dæmið kolefnis- og metanbindingu í jarðvegi og ýmislegt fleira. Þar er m.a. bent á að rannsóknir sýni að mikill fjöldi baktería og örvera í jarðvegi sem kallaðar eru „methanotrophs“ eða „methanophiles“ nærast á metani og séu þannig hluti af þessari hringrás lífs á jörðinni. Slíkar örverur þrífast einmitt best þar sem mikil losun getur verið á metani, eins og í mýrum og í sjó, og spila mjög mikilvæga rullu í þessari líffræðilegu hringrás.

Í ljósi áhrifa örvera á metanlosun búfjár segir í úttekt Swiss Bio Farmer að þar sem kýr lifa og skíta, samsvari losun frá einni kú því sem „methanotrophic bakteríur“ gleypa í sig á 3,4 hekturum gróðurlands. Þannig sé metanlosun frá grasfóðruðum kúm nokkurn veginn í jafnvægi við það sem örverur gleypa í sig. Áhrifin af nautgriparækt á hækkun hitastigs af völdum þess sem nefnt er gróðurhúsaáhrif séu því sáralítil eða engin. Svo ekki sé minnst á þá vísindalegu niðurstöðu að metan brotnar mjög hratt niður í andrúmsloftinu. Gróðurhúsaáhrif metans sem í flestum fullyrðingum eru sögð vera 21-–28 sinnum meiri en koltvísýrings fær vart staðist ef tekið er tillit til þess að meðal líftími metans sem sleppur út í andrúmsloftið er ekki nema 8,4 ár.



Bandarísk rannsókn sýnir að ef nautgripir eru meðhöndlaðir með ákveðnum hætti í öllu ræktunarferlinu geta grasfóðraðir nautgripir verið það sem kallað er kolefnisneikvæðir (carbon-negative) til styttri tíma og kolefnishlutlausir (carbon-neutral) til lengri tíma. Mynd / Civil Eats

### *Kolefnishlutleysi grasfóðraðra nautgripa*

Í maí 2018 voru birtar niðurstöður í tímaritinu Agriculturar Systems, úr fimm ára rannsókn sem stýrt var af teymi vísindamanna frá Michigan ríkisháskólanum í Bandaríkjunum (MSU) og Sambandi ábyrgra vísindamanna (Union of Concerned Scientists - UCS). Þar kom fram að ef nautgripir eru meðhöndlaðir með ákveðnum hætti í öllu ræktunarferlinu geta grasfóðraðir nautgripir verið það sem kallað er kolefnisneikvæðir (carbon-negative) til styttri tíma og kolefnishlutlausir (carbon-neutral) til lengri tíma.

Rannsóknin var leidd af Paige Stanley sem lauk mastersprófi frá MSU 2017 og hefur síðan stundað doktorsnám við Berkeley-háskóla í Kaliforníu. Hann segir að mögulegt sé til lengri tíma að norðurhluti Miðvesturríkja Bandaríkjanna geti með nautgriparækt lagt meira til loftslagsmála en menn hafi áður talið með stýrðri grasbeit (Adaptive Multi-Paddock (AMP) grazing). Hún geti í raun verið liður til að draga úr loftslagsbreytingum.

### *Skipulögð beitarstjórnin vistfræðilega jákvæð*

Ástralski jarðvegsvistfræðingurinn Christien Jones telur að rannsókn vísindamanna hjá MSU sé ómetanleg í umræðunni um hvernig ræktun búfjár geti skipt máli við að draga úr loftslagsbreytingum.

„Rannsóknirnar sýna að það eru klárlega að nást neikvæð gróðurhúsagasáhrif með vel skipulagðri beitarstjórnun (APM) vegna bindingar kolefnis í jarðvegi,“ segir Jones.

„Að auki veitir slík beitarstjórnun ótal öðrum vistkerfum stuðning. Það stuðlar þar með að auknum líffræðilegum fjölbreytileika. Meðal annars getu jarðvegs til að binda í sér vatn, hann verði þolbetri og þessi aðferð bætir stjórnun á landrofi.“ Þar vísar Jones til þess að fjúkandi jarðvegur sé oft talin helsta útflutningsvara Bandaríkjanna.



Forfaðir þeirra nautgripa sem ræktaðir hafa verið er oft talin vera tegund sem hét „aurochs“ og var af villtum stofni evrasíu-uxa. Síðasta dýrið af þessari tegund er talið hafa verið fellt af veiðimanni nærri borginni Varsjá í Póllandi árið 1627.

Með því að ala nautgripi upp allt til slátrunar í stýrði beitarstjórnun væri ekki verið að ala gripina á kornfóðri á seinni hluta uppvaxtartímans í fóðrunarstöðvum eins og nú er gert við 97% nautgripa sem aldir eru til kjötframleiðslu í Bandaríkjunum og víðar um lönd. Þó nú séu einungis 3% gripa grasfóðraðir allan sinn lífsferil, fer slík ræktun vaxandi. Tekjur af lífrænni grasfóðursræktun nautgripa jukust úr 6 milljónum dollara árið 2012 í 89 milljónir dollara árið 2016. Er þetta drifið áfram af aukinni meðvitund neytenda um heilbrigði og dýravelferð.

Þá benda rannsakendur á að mykja frá nautgripunum bæti jarðveginn svo ekki þurfi að beita skordýraeitri eða öðrum áburði eins og gert er m.a. við kornrækt sem nýtt er til fóðrunar. Þá verði betra jafnvægi kolefnis og köfnunarefnis í jarðveginum. Báru vísindamenn þessar aðferðir við gögn úr tveggja ára rannsóknum við eldi nautgripa í fóðrunarstöðvum.

Fjölþætt greining leiddi í ljós verulega minnkun í losun gróðurhúsalofttegunda undir stýrðri beitarstjórn. Ástæðan er m.a. sögð vera að í jarðveginum binst nægur koltvísýringur til að stöðva losun á metangasi.

### *Er íslensk búfjárrækt kolefnishlutlaus?*

Miðað við þessar niðurstöður úr rannsókn MSU og UCS mætti ætla að verulegur hluti sauðfárbúskapar og nautgriparæktar á Íslandi geti þegar talist kolefnishlutlaus.

### *Nautgripir hafa verið í eldi manna í árþúsundir*

Samkvæmt upplýsingum á síðu Department of Animal Science, þá eru til gögn sem sýna að nautgripaeldi hafi verið stundað í Mið-Austurlöndum frá því 6.500 árum fyrir Krist. Sumar heimildir nefna að jafnvel 10.000 svipaðar heimildir finnist um sauðfé, geitur, svín og hunda.

Tilgangur nautgriparæktunar frá upphafi hefur verið margþættur og er svo sums staðar enn. Það er að útvega mat, þ.e. mjólk og kjöt sem og húðir í klæðnað, tjöld, báta og til annarra nota eins og í íslensku handritin. Einnig voru nautgripir notaðir sem vinnudýr til að draga vagna og plóga og er svo víða enn.

Forfaðir þeirra nautgripa sem ræktaðir hafa verið er oft talinn vera tegund sem hét aurochs og var af villtum stofni evrasíu-uxa. Talið er að tegundinni hafi verið útrýmt á Bretlandseyjum á bronsöld, en síðasta dýrið af þessari tegund er talið hafa verið fellt af veiðimanni nærri borginni Varsjá í Póllandi árið 1627. Ekki er þó loku fyrir það skotið að einhverjir gripir af sömu tegund hafi lifað í öðrum heimshlutum eitthvað lengur.

### *Jórturdýrin eru ekki mesti skaðvaldur náttúru og loftslags*

Í þessu samhengi er líka bent á þá athyglisverðu staðreynd að þegar Evrópumenn hófu landnám í Ameríku hafi verið þar fyrir á milli 25–100 milljónir nautgripa af buffalastofni og 100 til 200 milljónir bjóra, en öll þessi dýr voru að losa frá sér metan. Hvíti maðurinn nær útrýmdi þessum dýrum og fór að rækta nautgripi sem eru í dag að talið er nálægt 110 milljónir gripa auk annarra húsdýra. Talið er að nettólosunin þess bústofns í dag sé nokkurn vegin sú sama og var fyrir landnám hvíta mannsins í Ameríku. Það þýðir að verði öllum búfénaði í Ameríku útrýmt og náttúran látin vinna sig upp til fyrra horfs, myndi það engu breyta hvað varðar áhrif á margnefnd gróðurhúsaáhrif.

### *Maðurinn og þéttbýlið er mesta náttúruógnin*

Mestu áhrifin yrðu trúlega ef öllum borgum og mannvirkjum mannsins yrði eytt af yfirborðinu svo graslendi og skógar fengju að vaxa þar óáreitt. Þar með yrði líka skrúfað fyrir óhóflega losun koltvísýrings út í andrúmsloftið vegna raforkuframleiðslu og iðnaðar. Í uppbyggingu borgarsamfélagsins í krafti óhefts peningavalds felst einmitt mesta ósjálfbærnin gagnvart náttúrunni. Þannig má væntanlega færa gild rök fyrir því að höfuðborg Íslands með öllum sínum mannvirkjum og mannlegum athöfnum sé mesta ógnin við náttúru- og loftslag á Íslandi í dag. Vísindamenn eins og doktor Ólafur R. Dýrmundsson hafa bent á að sennilega sé ekkert sveitarfélag í landinu sem hefur eytt jafn miklu votlendi sem ekki verður endurheimt. Þar má nefna alla Sauðhúsamýrina, Vatnsmýrina að mestu leyti, alla Kringlumýri, alla Sogamýrina, alla Laugamýrina, alla Kleppsmýrina og nær alla Fossvogsmýrina svo eitthvað sé nefnt. Síðan eigi bændur að moka ofan í skurði án þess að fyrir liggi viðmiðunarreglur um hvers konar skurði sé hagkvæmast að moka ofan í. Þetta hefur dr. Þorsteinn Guðmundsson jarðvegsfræðingur einnig gagnrýnt og fært fyrir því greinargóð rök í Bændablaðinu.

Ef menn vilja vera samkvæmir sjálfum sér í fullyrðingagleðinni þýðir það væntanlega að best sé að afmá Reykjavík og aðra þéttbýliskjarna á Íslandi af yfirborði jarðar.

Samkvæmt tölum US Emissions Inventory losar úrgangur í landfyllingum, iðnaður, þar með talinn olíuiðnaður og raforkuframleiðsla um 30.000 kílótonn (kt) eða gígagrömm (Gg) af metani út í andrúmsloftið á ári.







Óvistvænar risastórar fóðunarstöðvar eins og þessar eru bein afleiðing af kröfu þéttbýlisbúa um framleiðslu á ódýru kjöti í miklu magni. Þær kalla líka á gríðarega notkun sýklalyfja til að halda dýrunum lifandi fram að slárun og auka vaxtarhraða þeirra.

### *Íslendingar losa 700.000 tonn af $CO_2$ bara við að það borða mat*

Hver einasti maður losar um 2 tonn af koltvísýringi út í andrúmsloftið á ári bara við neyslu á mat, samkvæmt upplýsingum FECYT (Spanish Foundation for Science and Technology) sem byggja á rannsókn Almeríu háskóla (Universidad de Almería -UAL) frá 2010. Þar var miðað við meðalmatarneyslu Spánverja sem er um 881 kílógramm á ári. Það skilar samt innan við 20% af heildarlosun hvers einstaklings á kolefnisígildum. Það þýðir að íslenska þjóðin er að losa ígildi 700.000 tonna af koltvísýringi út í andrúmsloftið árlega bara vegna fæðunnar sem þjóðin borðar.

Ofan á þetta bætist gríðarleg vatnsmengun vegna losunar úrgangsefna líkamans. Þá á eftir að nefna losun á iðragasi sem er um 0,5 til 2 kg á dag, eða að meðaltali um 547 kg á ári á hvern einstakling. Það gerir að meðaltali tæplega 192 þúsund tonn á ári. Þetta gas er talið innihalda allt að 26% metan sem er þá rétt tæplega 50.000 tonn á ári.

Ef notuð eru margfeldisviðmið Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, eða talan 21, þá þýðir það rúmlega 1 milljón tonn af $CO_2$ ígildum á ári. Ekki er þá nærri allt upp talið því eftir er að reikna inn í dæmið allar athafnir manna við ferðalög og kolefnisfótspor vegna framleiðslu á öllum mögulegum búnaði, húsnæði og öðru sem fólk notar sem er verulegt. Er því trúlega varlega áætlað að íslenska þjóðin sé bara í sínu daglega amstri að losa sem svarar 2,5–3 milljónum tonna að $CO_2$ ígildum. Þetta er fyrir utan aðra starfsemi í landinu eins og beina kolefnislosun stóriðju, iðnaðar og útgerðar. Ef leggja ætti ískalt mat á slíkar tölur í umræðunni, lægi væntanlega beinast við að niðurstaðan í exelskjölum sérfræðinga væri að fækka Íslendingum verulega.

### *Fullyrðingar um gróðurhúsaáhrif jórturdýra fjarri veruleikanum*

Í úttekt Swiss Bio Farmer er bent á að samkvæmt viðteknum fræðum og fullyrðingum sé metan talið valda um 20% af gróðurhúsaáhrifunum í andrúmsloftinu. Þá séu öll jórturdýr jarðar talin standa fyrir 20% af allri metanlosun heimsins. Það þýðir að losun jórturdýra er ekki 50%, ekki 28% og ekki 21%, heldur um 4% af heildinni í gróðurhúsaáhrifunum.

Þá er einnig bent á að eldi jórturdýra og nýting graslendis til þess að hjálpa um einum milljarði af fátækasta fólki jarðar við að fá nauðsynlegt prótein samkvæmt tölum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO). Þessi jórturdýr sem eru að stærstum hluta nautgripir hafa, ef marka má úttektina, engin áhrif á myndun gróðurhúsalofttegunda heldur er ræktun þeirra hlutlaus vegna örvera sem lifa á metani.

### *Kröfur fólks um magnframleiðslu á ódýru kjöti valda mengun*

Það er ekki fyrr en eldi nautgripa fer eingöngu fram með korn- og sojabaunagjöf í sérstökum fóðrunarstöðvum (feedlots) verksmiðjubúanna en ekki með grasfóðrun af landi í samræmi við gripafjölda, að vandamál skapast fyrir alvöru. Þá verður til náttúrulegt ójafnvægi, en þetta er fyrst og fremst stundað vegna kröfu mjög svo ósjálfbærra þéttbýlisbúa um ódýrt kjöt. Við slíkar aðstæður rýkur gróðurhúsagildið staðbundið upp vegna losunar nautgripanna á metani.

### *Tvískinnungur og fullkomin hræsni*

Það er þessi krafa um verksmiðjuframleitt kjöt í miklu magni á lágmarksverði sem veldur losun metans sem ekki er í takt við eðlilegt samspil dýra og náttúru. Þetta er fyrst og fremst krafa þéttbýlisbúa í heiminum sem eru orðnir í litlum eða engum tengslum við náttúruna og frumframleiðslu matvæla. Þetta fólk hefur samt gjarnan hæst í umræðunni um loftslagsmál. Það segist líka vera alfarið á móti rekstri verksmiðjubúa, en heimtar á sama tíma ódýran mat sem ekki er hægt að framleiða á annan hátt. Þetta lýsir engu öðru en tvískinnungi og fullkominni hræsni í umræðum um loftslagsmál og náttúruvernd.

Niðurstaðan í umfjöllun Swiss Bio Farmer er að það eru ekki kýrnar, eða önnur jórturdýr, sem eru slæm fyrir umhverfið, heldur mannfólkið sem með aðgerðum sínum og kröfum setur allt jafnvægi úr skorðum. Síðan segir:

*„Ef þú vilt neyta nautakjöts, þá skaltu fullvissa þig um að það sé grasfóðrað.“*

Í kjölfarið er bent á í umfjöllun Swiss Bio Farmer aragrúa fullyrðinga í umræðunni um nautgriparækt, sem séu hreinar rangfærslur sem byggi á fáfræði og talnagögnum sem ekki standist skoðun.

### *Vatnsaflsvirkjanir losa líka metangas*

Það er fleira en skepnur og brennsla á jarðefnaeldsneyti sem veldur losun gróðurhúsalofttegunda. Á vefsíðu Mother Nature Network má t.d. finna grein um losun vatnsaflsvirkjana á metangasi. Eitthvað sem hingað til hefur verið talin hreinasta orka sem til er. Þar getur þó spilað verulega rullu, hvar virkjunin er staðsett á jarðkringlunni, hvort hún er á köldu, tempruðu, eða heittempruðu belti jarðar, eða jafnvel í hitabeltinu. Ástæðan er að þegar stíflur eru byggðar til að mynda uppistöðulón fyrir virkjanir, þá kaffærist svo og svo mikill gróður. Þessi gróður rotnar og myndar metangas. Það losnar ekki endilega strax, heldur getur það safnast upp í botnleðjunni og losnar þá þegar vatnsyfirborð lækkar í lóninu. Vísað er til rannsóknar og greinar frá 2005 sem birt var í tímaritinu Mitigation (Adaptation Strategies for Global Change). Þar var staðan skoðuð í Guruá-Una stíflunni í Pará í Brasilíu. Þar sýndu rannsóknirnar að stíflan var að losa þrisvar og hálfum sinnum meira af metani en orkuver sem framleiddi sama magn af rafmagni með brennslu á olíu.

Önnur rannsókn sem vísað er til og var gerð af doktorsnema í ríkisháskólanum í Washington (Washington State University) árið 2012, sýndi að leðja að baki stíflu orkuvers í Washington losaði 36 sinnum meira af metani en venjulega þegar vatnsstaðan í lóninu var lág.

### *Metan úr freðmýrum norðurslóða einn stærsti áhrifavaldurinn í hlýnun jarðar*

Þá er einnig bent á vaxandi vanda er varðar losun freðmýra á norðurslóðum á metani samfara hlýnandi loftslagi. Í rannsókn sem birt var í maí 2012 í ritinu Nature Geoscience, komust rannsakendur að þeirri niðurstöðu að metan sem sleppur út á norðurslóðum vegna hlýnunar jarðar geti mögulega hraðað hlýnunarferlinu. Þá sé þetta metan einn mesti áhrifavaldurinn í hlýnun loftslags.

### *Um 4% metans sagt koma úr hafinu*

Í enn einni rannsókninni, sem er frá vísindamönnum Genomic Biology stofnun háskólans í Illinois í Bandaríkjunum, segir að 4% af metani í andrúmslofti jarðar komi úr hafinu. Þessi rannsókn var birt í ágúst 2012. Þar er greint frá því að *„Nitrosopumilus maritimus“* örverur framleiði metan í hafinu í flóknu lífefnafræðilegu ferli sem rannsakendur nefna furðuefnafræði, eða „weird chemistry.“ Sögðu þeir þetta vera algjörlega óvænta niðurstöðu af tveim ástæðum. Þar hafi einn rannsakenda verið að leita að vísbendingum sem nýst gætu við gerð nýrra sýklalyfja. Þá hafi þeir komist að því að allar aðrar örverur sem finnast í lofti og vatni og eru þekktar fyrir að framleiða metan þoli ekki súrefni. Nitrosopumilus maritimus-örverurnar kynnu því að vera einhverjar vanmetnustu lífverur á jörðinni og gætu leitt til betri skilnings á náttúrulegu kerfi jarðar og loftslagsbreytingum.

### *Moltugerð þykir góð en veldur líka losun*

Vefrit Mother Nature Network vekur einnig athygli á að sú jákvæða iðja að umbreyta lífrænum úrgangi í mold eða moltu hafi líka sínar neikvæðu hliðar. Í slíku ferli myndist nefnilega talsvert af koltvísýringi og metani sem losni út í andrúmsloftið. Vitnað er í tölur Umhverfisverndarstofnunar Bandaríkjanna (EPA) um að vinnsla á lífrænum úrgangi með þessum hætti hafi aukist í Bandaríkjunum á árunum 1990 til 2010 um 392%. Losun koltvísýrings og metans vegna þeirrar starfsemi hafi aukist í sama hlutfalli. Frá þessari iðju komi samt sem áður lítið í hlutfalli við losun á náttúrulegu gasi, eða um 1%, og miklu minna en ef lífræni úrgangurinn yrði einfaldlega urðaður.

### *Fullyrðingar um skaðsemi búfjárræktar standast ekki*

Samkvæmt framansögðu virðist fátt í þessum fræðum sem styður í raun hástemmdar fullyrðingar um stórskaðlega framleiðslu á kjöti, nema kannski verksmiðjubúskapur í hreinum fóðrunarstöðvum. Í dýraeldi við eðlilegar náttúrulegar aðstæður sér lífræn hringrás um að jafna út áhrifunum af losun á metani frá jórturdýrum og fóðrar um leið nauðsynlegar örverur fyrir lífið á jörðinni. Það er hins vegar mannskepnan sjálf með öllum sínum velmegunarkröfum sem er þarna mesti skaðvaldurinn.



## Regluverk og ríkisafskipti af landbúnaði:

# „Má bjóða yður heimaslátrað svissneskt nautakjöt?“

**Í Sviss er, ólíkt Kúbu, eitt markaðsdrifnasta hagkerfi í heimi. Og hér í Sviss, líkt og á Kúbu þar sem mest allt er bannað, er framleiðsla bónda og sala á afurðunum beint til neytanda svo sannarlega leyfð.**

Samtök framleiðslu- og söluaðila á bændamörkuðum Zürich, sem er stærsta borgin (400 þ. íbúar) í Sviss, voru stofnuð í apríl 1973. Samtökin vinna með stjórnvöldum, lögreglu og Zürich-borg að því takmarki að bjóða sem best upp á bændamarkaði fyrir ekki eingöngu bændurna sjálfa heldur vitanlega einnig neytendur – þ.m.t. veitingastaði og heimili. Þessir aðilar vinna saman að því að setja markaðina upp sem og þjónustu tengda þeim, s.s. heimsendingu á vörum beint af bændamarkaði.

Í hverri viku eru bændamarkaðir á nokkrum stöðum í Zürich-borg. Á bændamörkuðunum má m.a. finna og kaupa beint af bónda heimaræktuð blóm, grænmeti, ávexti, osta, sultur, heimatilbúna drykki, brauð, egg og verkað kjöt af ýmsu tagi. Söluaðilar á þessum mörkuðum eru langoftast litlir framleiðendur innlendra vara, á borð við svissneskar bændafjölskyldur, en einnig má sjá smáa innflutningsaðila á vörum frá öðrum löndum, s.s. Ítalíu og Grikklandi.

Einn þessara bænda er Hans-fjölskyldan sem er einn af fimm seljendum kjötvara á markaðinum í Oerlikonhverfi í Zürich. Hans-fjölskyldan býður upp á nauta- og svínakjöt beint af býli. Þau slátra minni dýrunum sjálf en þar sem þau eru í eldri kantinum (yfir sextugt)



**Heimaslátrað, innpakkað og merkt kjöt frá Hans-fjölskyldunni.** Mynd / ÓM



**Hans-fjölskyldan býður viðskiptavini sína velkomna. „Við færum yður kjöt af okkar eigin býli. Nýskorið og -pakkað. Þurrkað kjöt af nauti og svíni, náttúrlega án fíns salts.“** Mynd / ÓM



**Verð á vörum Hans-fjölskyldunnar. Hún er ein af fimm söluaðilum kjötvara á bændamarkaðinum í Oerlikonhverfi í Zürich.** Mynd / ÓM



**Heimaunnar kjötvörur á útimarkaði í Zürich.** Mynd / ÓM



**Hér eru egg en vörufjölbreytnin á bændamörkuðunum er mjög mikil.**

treysta þau sér ekki til þess að slátra stærri nautgripum sjálf. Þau fá því mann í það verk, sem getur verið að reka slíka þjónustu fyrir marga aðra bændur, nokkurs konar örsláturhús. Hans-fjölskyldan vinnur kjötið sjálf (þurrka, reykja, krydda, o.s.frv., allt eftir vörunni sem þau eru að vinna í það skiptið), pakka því inn, merkja og selja á markaðinum í Zürich. Þau hafa með sér verðlista, líkt og venjan er hjá öllum þeim sem selja á bændamörkuðum Zürich-borgar.

Hans-fjölskyldan er sjálf á staðnum til að selja þér vöruna. Þau svara öllum spurningum þínum á staðnum um uppruna kjötsins, aldur og kyn dýrsins, staðsetningu býlisins og hversu lengi kjötið fékk að hanga (sem eykur meyrni þess) svo dæmi séu tekin. Þetta eykur upplýsingaflæðið til neytandans og gagnsæi framleiðsluferilsins m.v. sé milligönguaðili milli framleiðandans og kaupandans. Þá hagnast Hans-fjölskyldan meira á því að selja sína framleiðslu beint til neytandans m.v. sé milligönguaðili á borð við sláturleyfishafa í milli, því þau leggja meira til virðisaukans að baki framleiðslunni.

Lögregluyfirvöld í Zürich sjá um að framfylgja reglum um gæði og hreinlæti á bændamörkuðunum. Til að fá pláss á mörkuðunum verður þú að fá starfsleyfi hjá lögregluyfirvöldum sem yfirfara getu bóndans til þess að bjóða upp á heilnæma og örugga vöru. Þá er sérstaklega ýtt undir lífrænar vörur sem og vörur úr nærliggjandi héraði. Þá er stuðlað að því að mismunandi framleiðendur, s.s. góð blanda grænmetis-, kjöt- og brauðframleiðenda, séu í boði til að auka aðdráttarafl hvers markaðar.

Svissneskir matarframleiðendur njóta svita síns erfiðis. Þá er ábati neytandans mikill þar sem verð er fullkomlega samkeppnishæft og upplýsingaflæði um uppruna vörunnar með afburðum gott.

Ávinningur samfélagsins í héraði er einnig mikill þar sem framleiðsla, sala og neysla vörunnar helst að stórum hluta innan þess, sem ýtir undir sjálfbærni og styrk hins svæðisbundna hagkerfis.

Óskandi væri að þetta væri í boði, lögum samkvæmt, á Íslandi.

Þetta er grein nr. 2 af fjórum í greinaflokki Sveins og Ólafs Margeirssona um reglur og ríkisafskipti af landbúnaði víða um heim.

*Ólafur Margeirsson, hagfræðingur og bóndasonur*









**Svipmyndir frá bændamörkuðum Zürich-borgar.** Myndir / zuercher-maerkte.ch/

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

## STARF RÁÐGJAFA HJÁ RML

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir ráðgjafa sem gæti sinnt fjölbreyttu ráðgjafar- og þróunarstarfi á sviði landbúnaðar.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

» Starf í ráðgjafateymi RML.
» Þróun og sala á fjölbreyttri ráðgjöf á landsvísu í samstarfi við annað starfsfólk RML.
» Þróunar- og ráðgjafavinna tengd tækniþróun og loftslags- og umhverfismálum í landbúnaði.
» Önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

» Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði raungreina, náttúruvísinda, tækni eða umhverfismála æskileg.
» Reynsla af gagnavinnslu er kostur.
» Þekking á verkefnastjórnun er kostur.
» Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
» Geta til að vinna undir álagi.
» Góðir samskiptahæfileikar.

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga landbúnaði í sínum víðasta skilningi sem hefur metnað og frumkvæði til að vinna að ráðgjafarstarfsemi RML.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 13 starfsstöðvum.

Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins **www.rml.is** þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. maí næstkomandi.**

Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson **klk@rml.is** og Borgar Páll Bragason **bpb@rml.is**

**Bændablaðið** *Smáauglýsingar 56-30-300*

***Næsta blað kemur út 29. maí***

MAST Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu

## Stöndum saman vörð um heilbrigði íslensks búfjár:

# Reglur um flutning yfir varnarlínur

**Matvælastofnun vekur athygli á að strangar reglur gilda um flutning á lifandi jórturdýrum, tækjum og ýmsum varningi yfir varnarlínur. Óheimilt er að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur, nema þegar um er að ræða endurnýjun bústofns vegna niðurskurðar af völdum sjúkdóma og/eða vegna búháttabreytinga og þá einungis með leyfi frá MAST. Sleppi sauðfé yfir varnarlínur skal því slátrað.**

Óheimilt er að sameina hjarðir innan sýktra varnarhólfa nema með leyfi Matvælastofnunar.

Nautgripi og geitur má aðeins flytja til lífs yfir varnarlínur hafi farið fram sérstök rannsókn á heilbrigði þeirra.

### *Reglur um flutning á lifandi sauðfé*

Landinu er skipt upp í 25 varnarsvæði. Vegna ólíkrar sjúkdómastöðu í þessum varnarsvæðum gilda mismunandi reglur um flutninga á lifandi fé frá og innan þessara svæða. Ef riðuveiki er staðfest á bæ er varnarsvæðið talið sýkt í 20 ár frá byrjun áramóta þess árs sem síðasta tilfelli er staðfest. Ósýkt varnarsvæði eru svæði þar sem riða hefur ekki greinst síðastliðin 20 ár. Líflambasölusvæði eru varnarhólf þar sem aldrei hefur greinst riða, og garnaveiki ekki greinst síðastliðin 10 ár.

### *Sýkt svæði*

Þau varnarsvæði sem eru sýkt eru:

- Vatnsneshólf
- Húna- og Skagahólf
- Suðurfjarðahólf
- Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf
- Biskupstungnahólf

Allir flutningar á fé milli hjarða innan þessara svæða og frá þeim (yfir varnarlínur) eru bannaðir. Til að kaupa líffé inn á sýkt varnarsvæði þarf að sækja um leyfi til Matvælastofnunar.

Sé fé flutt án leyfis yfir varnarlínur eða á milli bæja innan sýktra svæða er fénu lógað og getur brotið varðað sekt. Línubrjótum er lógað og sýni tekin til riðurannsókna.

### *Annar flutningur*

Einnig er óheimilt að flytja milli bæja innan sýktra svæða og áhættusvæða hvaðeina, sem getur borið smitefni milli staða, svo sem hey, heyköggla og hálm, húsdýraáburð, túnþökur og gróðurmold nema með leyfi héraðsdýralæknis. Skilyrði fyrir slíku leyfi varðandi hey er að það sé allt í plöstuðum stórböggum eða rúllu og skilyrði fyrir þökur er að þær séu aðeins notaðar á svæðum þar sem sauðfé kemst ekki að.

Þá er óheimilt að flytja ull á milli bæja nema með leyfi héraðsdýralæknis.

**Athugið** að aðilar sem fara milli sóttvarnarsvæða, sýktra svæða, áhættusvæða eða ósýktra svæða, með tækjabúnað til landbúnaðarstarfa, s.s. fjárklippur, markatengur, lyfjadælur og annan tækjabúnað skulu fá leyfi héraðsdýralæknis og vottorð um að fullnægjandi sótthreinsun hafi átt sér stað. Þessi tæki og önnur sem óhreinkast af sauðfé á sýktum svæðum skulu sótthreinsuð samkvæmt fyrirmælum héraðsdýralæknis að lokinni notkun á hverjum stað/jörð.

### *Svæði sýkt að hluta*

Varnarsvæði sem eru svæðisskipt vegna sjúkdómastöðu:

- **Tröllaskagahólf:**
  - Sýkt svæði: Dalvíkurbyggð norðan Hámundarstaða.
  - Ósýkt svæði: Önnur svæði í hólfinu.
- **Landnámshólf:**
  - Sýkt svæði: Sveitarfélögin Ölfus, Hveragerði og Árborg og Grafningur í Grímsnes- og Grafningshreppi.
  - Ósýkt svæði: Önnur svæði í hólfinu.
- **Skjálfandahólf:**
  - Ósýkt svæði: Skútustaðahreppur, Engidalur og Lundarbrekka og bæir þar fyrir sunnan.
  - Sýkt svæði: Önnur svæði í hólfinu.



Fyrir þá hluta hólfanna sem teljast sýktir gilda sömu reglur og fyrir sýktu svæðin, samanber kafla hér að ofan.

### *Garnaveiki*

Aðrar reglur gilda fyrir garnaveiki en í stuttu máli má ekki flytja líffé eða tæki og tól frá garnaveikisvæðum þar sem bólusett er yfir á hrein svæði þar sem ekki er bólusett. Á þeim bæjum þar sem garnaveiki hefur verið staðfest taka í gildi ýmsar hömlur í 10 ár frá síðasta staðfesta tilfelli.

### *Lög og reglur sem um þessi mál gilda*

- Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993
- Reglugerð um útrýmingu á riðuveiki nr. 651/2001
- Reglugerð um flutning líflamba nr. 550/2008
- Auglýsing um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma nr. 88/2018

*Sigrún Bjarnadóttir,*
*dýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma hjá Matvælastofnun*


Fjárgrindur



**Hentugar grindur fyrir sauðburð, fisléttar og meðfærilegar Einfalt að krækja þeim saman**

1,22m á lengd, 1m á hæð og 25mm á þykkt
Eigum einnig til örfáar grindur sem eru 1,83m á lengd

**Verð:**
**1,22m: 8.400kr m/vsk**
**1,83m: 10.800kr m/vsk**

*Það fæst í KB!*

BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI

Egilsholti 1
310 Borgarnesi
Verslun er opin 8-18 á virkum dögum og 10-14 á laugardögum, sími: 430-5500

www.kb.is

*Höfum opnað net-verslun kb.is*



LSB Lífeyrissjóður bænda

**Ársfundur – stjórnarkjör 2019**

**Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda** verður haldinn föstudaginn 28. júní nk. kl. 14 að Stórhöfða 23, 4. hæð, Rvk.

Dagskrá:
- Venjuleg ársfundarstörf.
- Stjórnarkjör skv. samþykktum.
- Önnur mál.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu.

**LSB auglýsir eftir framboðum til setu í stjórn sjóðsins:**
- Eitt sæti í aðalstjórn til fjögurra ára.
- Tvö sæti í varastjórn, annað til tveggja ára og hitt til fjögurra ára.

Þeir sem gefa kost á sér þurfa að fullnægja kröfum um hæfi og hæfni stjórnarmanna skv. lögum nr. 129/1997, reglum FME og samþykktum sjóðsins og vera tilbúnir til að gangast undir hæfismat FME. Framboðsfrestur er til 31. maí 2019.

Upplýsingar um stjórnarkjörið og hvaða gögnum beri að skila vegna framboða til setu í stjórn sjóðsins má sjá á heimasíðu sjóðsins, www.lsb.is.

**Stjórn Lífeyrissjóðs bænda**

**Lífeyrissjóður bænda - Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík**
**Sími 563 1300 - lsb@lsb.is - www.lsb.is**

**Bændablaðið**
*Smáauglýsingar 56-30-300*

**Hagkvæm dekk fyrir alvöru kröfur**

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

**Maxam dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.**

**Gerðu kröfur** — hafðu samband við sölumenn **Bílaþjónustunnar** í síma **464 1122** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.




BÍLAÞJÓNUSTAN EHF
**GARÐARSBRAUT 52** / 640 HÚSAVÍK / **464 1122**



Kristófer Tómasson sveitarstjóri heilsaði upp á Böggu á 100 ára afmælisdegi hennar. Bagga hefur allt sitt líf búið í Steinsholti. Hún hélt lengi heimili með bræðrum sínum, Jóni og Sveini, og rak með þeim myndarbú.
Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

## Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

# Bagga húsfreyja í Steinsholti er orðin 100 ára

**Það var kátt á hjalla á bænum Steinsholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 22. apríl sl. þegar Guðbjörg Eiríksdóttir húsfreyja, alltaf kölluð Bagga, fagnaði 100 ára afmæli sínu.**

Hún er fyrsti íbúinn í Gnúpverjahreppi til að ná þessum aldri svo vitað sé og hún er jafnframt fimmti Íslendingurinn sem nær hundrað ára aldri á þessu ári. Bagga hefur verið hraust alla ævi og alltaf jákvæð og glöð. Systkinin voru sex en eru aðeins tvö á lífi í dag, hún og Margrét, sem er 93 ára og býr í Eystra-Geldingaholti í sömu sveit og Bagga. */MHH*



Myndin er frá frumsýningarkvöldinu, en hana tók Hulda Signý Jóhannesdóttir og er hún birt á vef Húna.

## Leikflokkur Húnaþings vestra:

# Uppsetning á Hárinu þótti athyglisverð áhugasýning

**Dómnefnd Þjóðleikhússins hefur valið sýningu Leikflokks Húnaþings vestra á Hárinu, í leikstjórn Sigurðar Líndal Þórissonar, athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2018–2019. Í áliti dómnefndar segir að sýningin sé unnin af gríðarlegum metnaði og hvergi hafi verið slegið af kröfum við uppfærsluna.**

Leikmynd, búningar og leikgervi, dansar, tónlistarflutningur, lýsing og hljóðblöndun skapa saman sterka heild, segir í áliti dómnefndar. Einnig að stór leikhópur sem skipaður sé hæfileikafólki njóti sín í botn, söngur er sterkur, leikgleði og orka allsráðandi. „Afslappaður leikurinn skilar frásögninni á einlægan og einfaldan máta þannig að húmor og boðskapur verksins komast vel til skila," segir í álitinu.

Þetta er í fyrsta sinn sem sýning Leikflokks Húnaþings vestra er valin áhugasýning ársins og það vakti sérstaka athygli dómnefndar hvað starfsemi leikflokksins er öflug í ár. Önnur sýning leikflokksins kom einnig sterklega til greina við valið, en það er Snædrottingin í leikstjórn Gretu Clough.

Þjóðleikhúsið hefur boðið leikflokknum að koma og sýna Hárið á Stóra sviði Þjóðleikhússins í júní næstkomandi. */MÞÞ*



Samfélagsþing var haldið í Snæfellsstofu í Fljótsdal fyrir skömmu, en það var haldið af Fljótsdalshreppi og var hluti af samfélagsverkefni sem hófst í ágúst í fyrra.

## Vel sótt samfélagsþing haldið í Snæfellsstofu í Fljótsdal:

# Fögur framtíð í Fljótsdal

**Fljótsdalur býr yfir margvíslegum auðlindum og ef byggt er annars vegar á grunni fortíðar og hefðar og hins vegar á styrkleikum og tækifærum á öllum sviðum, verður „fögur framtíð í Fljótsdal". Þetta kom fram á samfélagsþingi sem haldið var í Fljótsdal fyrir skömmu, en það var haldið af Fljótsdalshreppi og var hluti af samfélagsverkefni sem hófst í ágúst í fyrra.**

Skilaboð þingsins verða nýtt til að skilgreina valkosti sveitarfélagsins, við stefnumörkun í margvíslegum málum, s.s. varðandi skipulagsmál, atvinnumál, þjónustu og eflingu samfélagsins. Þingið var haldið í Snæfellsstofu og stóð í tvo daga. Það var ætlað Fljótsdælingum, búsettum og brottfluttum, ásamt þeim sem hafa tengsl og rætur í dalinn, eiga þar hús eða jarðir eða starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum í Fljótsdal. Það gekk eftir, allir þessir hópar áttu fulltrúa á þinginu og fór þátttaka fram úr björtustu vonum, því hátt í 50 manns mættu.

### *Búskapur, matvælavinnsla og kolefnisbinding*

Fyrirkomulag þingsins byggði á alþjóðlegu fundaformi sem kallast Open Space, eða Opið rými. Þingið hófst á því að þeir þátttakendur sem það vildu, gátu stungið upp á málefnum til umræðu, sem síðan voru rædd í minni hópum. Þannig var rætt um 20 ólík mál, sem vörðuðu samfélag, atvinnulíf og umhverfi. Í lok þings var þessum málefnum síðan forgangsraðað. Þar skoraði langhæst málaflokkur sem kallaður var „búskapur, matvælavinnsla og kolefnisbinding". Þar var allt undir, búskapur og landnýting tengd hestum, kindum, skógi, ferðaþjónustu, grænmeti, kornrækt, hreindýrum, villtum jurtum, fuglum, fiskum og orku. Kallað var eftir sameiginlegri aðstöðu til úrvinnslu matvæla og átaki í markaðssetningu og sölu. Þá var rætt um tækifæri og einnig ógnanir sem geta falist í loftslagsbreytingum.

Þátttakendur á þinginu töldu viðburði og félagslíf vera næst mikilvægasta málefnið til eflingar byggðar og samfélags í Fljótsdalshreppi. Þar kom fram mikill áhugi á að gera meira úr mörgum þeirra viðburða sem þegar eru til staðar, en þó að varast að búa aðeins til viðburði fyrir gesti, heldur leggja áherslu á að heimamenn skemmti sér saman. Meðal annars var stungið upp á að búa til handverkshóp.

### *Sýnileiki markaðssetningar*

Rætt var um möguleika tengda virkjunum, bæði heimavirkjunum og orkuauðlindum í stærra samhengi og kallað eftir stefnumótun af hálfu sveitarfélagsins. Þá var lögð áhersla á sýnileika og markaðssetningu Fljótsdals. Af öðrum málum sem þátttakendur töldu mikilvæg, má nefna atvinnu- og verðmætasköpun, náttúruvernd og sjálfbærni, merkingu gönguleiða, bætta aðstöðu við Hengifoss og á fleiri áfangastöðum og hvað mætti gera betur varðandi Vatnajökulsþjóðgarð og þann hluta hálendisins sem tilheyrir sveitarfélaginu. Á þinginu fór fram vönduð greining á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum Fljótsdals og var einnig skoðað hvaða innviðir og þjónusta þyrftu að vera til staðar til að laða að nýja íbúa. Þar var t.d. rætt um húsnæðismál, leik- og grunnskóla, íþróttaaðstöðu, almenningssvæði og öldrunarheimili og varpað fram hugmynd um uppbyggingu byggðakjarna á aðlaðandi stað. Einnig þarf, að mati þátttakenda, að huga að samgöngum, gsm sambandi, útsendingarskilyrðum sjónvarps, sorpmálum og gámasvæði. Þá kom fram að bygging iðnaðarhúsnæðis gæti skapað ýmis tækifæri og bent var á leiðir til að bæta aðstöðu á tjaldsvæði.

### *Sameining við önnur sveitarfélag verði skoðuð*

Hægt væri að gera enn meira úr fræðastarfi og rannsóknum í tengslum við stofnanir og fyrirtæki sem þegar eru starfandi í Fljótsdal og voru viðraðar ýmsar hugmyndir um verkefni og samstarf. Loks var rætt um mannauð og tengsl, s.s. erlend samskipti, tengingu við brottflutta og móttöku nýrra íbúa. Rætt var um kosti og galla sameiningar við önnur sveitarfélög og fólk meðvitað um að ekki sé spurning um hvort, heldur hvenær komi til sameiningar, vegna stefnumörkunar ríkisvalds og talið nauðsynlegt að hreppsnefnd greini mögulegar sviðsmyndir og móti stefnu. Einnig var ýmsum hugleikið hvernig sveitarfélagið gæti stutt við nýsköpun og m.a. nefndir þeir möguleikar að koma á fót stöðugildi við sveitarfélagið og/eða að stofna sprotasjóð.

Umsjón samfélagsþings var í höndum Sigurborgar Kr. Hannesdóttur hjá ILDI, sem nú mun vinna samantekt um skilaboð þingsins, sem síðan fer til frekari úrvinnslu og eftirfylgni hjá samfélagsnefnd og sveitarstjórn.

Á þinginu létu margir ungir Fljótsdælingar að sér kveða og ljóst að hjarta Fljótsdælinga slær fyrir dalinn, jafnvel þeirra sem hleypt hafa heimdraganum. Með þennan kraft fólksins, auðlindir og sterka stöðu sveitarfélagsins, ættu markmið samfélagsverkefnis að nást, enda var því í lok þings gefið nafnið „Fögur framtíð í Fljótsdal". */MÞÞ*


BJB-Mótorstilling býður upp á mikið úrval af öllum tegundum af dekkjum



SAMEINUÐ GÆÐI

Við bjóðum einungis gæða dekk á gæða verði

Mótor stilling BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Púststjónusta BJB Aukin þjónusta

Framúrskarandi fyrirtæki 2018

Flatahrauni 7 | 220 Hafnarfirði | Sími 565 1090 | www.bjb.is




# Er þetta ekki flott?



Til sölu hinar sérstöku súlu-Blæaspir, 2–3 m háar. 30 ára reynsla af þeim hér á landi. Þurfa lítið rými og henta vel sem stakstæð tré.

Einnig hengibirki og vörtubirki frá N-Noregi og ýmsar aðrar öðruvísi plöntur. Alaska aspir 2–3 m (Sælandsaspir, keisaraaspir og iðun). Íslenskt birki 2–3 m.

Nú er góður tími til að planta. Grænt-Land Sími: 860-5570

SIL-ALL 4x4+
FEWER LOSSES, MORE GAINS

## Hvað er SilAll 4x4+?

SilAll 4x4+ er duft sem inniheldur frostþurrkaða mjólkursýrugerla og hvata (ensím) sem brjóta niður tréni. SilAll 4x4 bætir verkun á votverkuðu fóðri (15-65% þurrefni) hvort sem um er að ræða rúllur, stæður eða turna. Duftið kemur í 250g pokum, sem dugar í 50 t af heyi. Efnið er auðleysanlegt í volgu vatni og skömmtun er 2 lítrar í hvert tonn af fóðri.

## Hvað gerir SilAll 4x4?

- SilAll 4x4 smitar hvert gramm af votheyi með einni milljón mjólkursýrugerla, sem keppa við umhverfisgerlana og tryggja einsleita gerjun og betri verkun.
- Hvatarnir brjóta niður fjölsykrunga og auka þannig meltanleika og skapa aukið framboð sykurs fyrir mjólkursýrugerlana.

## Hver er ávinningurinn við að nota SilAll 4x4?

- Vothey meðhöndlað með SilAll 4x4 skilar 4-5% meira þurrefni inná fóðurgang og um 10% hærra AAT gildi vegna þess að verkunin gengur hraðar og óæskileg efnaskipti umhverfisgerla stöðvast fyrr.
- SilAll 4x4 gefur lystugra fóður með hærra næringargildi og aukið geymsluþol.
- Aukið át og betra næringargildi þýðir meiri afurðir, sem gerir SilAll 4x4 mjög mikilvægan og arðbæran þátt í heyverkun metnaðarfullra bænda.

**Dreifingaraðilar:** Dýralæknamiðstöðin ehf Hellu, 487 5141
Bústólpi ehf Akureyri 460 3350
Jötunn Vélar ehf Selfossi 480 0400

# Tilboð!

**Birkitré 2–3 m. á hæð.
Tilboðsverð v. magnkaup,
10 stk., 20 stk., 30 stk. eða fleiri**

**Grænt Land ehf. - Flúðum
Uppl. í síma 860-5570**

# Sígræn tré

**Sitka-greni 1 - 1,5 m.
Stafafura 1 - 2 m.
Takmarkað magn.**

**Grænt Land ehf. - Flúðum
Uppl. í síma 860-5570**

## Lely Center Ísland




HAUGSUGU-DÆLUR

HAUGSUGUHLUTIR
VARAHLUTIR



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



# Skráningar á kynbótasýningar vorsins

## – Fyrstu sýningar verða á Sörlastöðum í Hafnarfirði 20.–24. maí og í Borgarnesi og á Selfossi 27.–31. maí



Halla Eygló Sveinsdóttir
ráðunautur hjá RML
halla@rml.is



**Opnað var á kynbótasýningar vorsins í apríl og var það nánar auglýst á heimasíðu RML. Skráningu lauk 10. maí á fyrstu sýninguna á Sörlastöðum í Hafnarfirði sem fram fer 20.–24. maí. Á morgun, 17. maí, lýkur svo skráningu á sýningar sem fram fara í Borgarnesi og á Selfossi 27.–31. maí.**

Skráning og greiðsla fer fram í gegnum netið á síðunni www.worldfengur.com þar sem valið er „skrá hross á kynbótasýningu". Einnig er hægt að skrá hross til sýningar á heimasíðu RML www.rml.is í gegnum flýtihnapp á forsíðunni. Þar má auk þess finna leiðbeiningar um hvernig eigi að skrá á kynbótasýningu undir kynbótastarf/hrossarækt/kynbótasýningar. Í töflunni hér að neðan má sjá síðasta skráningardag á hverja og eina sýningu en skráningu þarf að vera lokið á miðnætti þess dags.

Ef sýning fyllist lokast sjálfkrafa á sýninguna þó svo skráningarfrestur sé ekki útrunninn. Eigandi/umráðamaður hrossins verður þá að velja aðra sýningu. Til að fá aðstoð er hægt að hringja í síma 516-5000, eða senda tölvupóst á netföngin halla@rml og hross@rml.is.

Við bendum á að utan dagvinnutíma eru starfsmenn RML ekki til staðar til að svara síma eða tölvupósti og því hvetjum við eigendur/umráðamenn til að hafa tímann fyrir sér frekar en hitt þegar kemur að skráningum á sýningarnar.

RML áskilur sér fullan rétt til að fækka dögum á sýningum ef skráningar eru færri en búist er við. Sýning verður ekki haldin nema lágmarksfjöldi skráninga náist sem eru 30 hross. Gerð er undantekning á þessu fyrir sýninguna á Stekkhólma á Fljótsdalshéraði en þar verða að nást 15 skráningar svo sýning verði haldin. Hér að neðan má sjá sýningar vorsins og hvenær er síðasti skráningar- og greiðsludagur.



Allar upplýsingar um röðun niður á daga munu birtast á heimasíðunni www.rml.is, þegar þær eru klárar sem verður nokkrum dögum fyrir sýningu.

### Kynbótasýningar vorsins

| Dags. | Staður | Loka skráningar-og greiðsludagur |
|---|---|---|
| 20.5 - 24.5 | Sörlastaðir Hafnarfirði | Lauk föstudaginn 10. maí |
| 27.5 - 31.5 | Borgarnes | **Föstudagur 17. maí** |
| 27.5 - 31.5 | Brávellir, Selfossi | **Föstudagur 17. maí** |
| 03.6 - 07.6 | Sprettur, Kópavogi | Föstudagur 24. maí |
| 03.6 - 07.6 | Gaddstaðaflatir, Hellu | Föstudagur 24. maí |
| 03.6 - 07.6 | Hólar, Hjaltadal | Föstudagur 24. maí |
| 03.6 - 04.6 | Fljótsdalshérað | Föstudagur 24. maí |
| 11.6 - 14.6 | Sprettur, Kópavogi | Föstudagur 24. maí |
| 11.6 - 14.6 | Gaddstaðaflatir, Hellu | Föstudagur 24. maí |
| 18.6 - 21.6 | Akureyri | Föstudagur 7. júní |

*Sýningargjöld og fleira*

Gjald fyrir fullnaðardóm er 26.000 kr. en fyrir byggingadóm/hæfileikadóm 20.500 kr. Ganga þarf frá greiðslu um leið og hrossið er skráð. Hægt er að greiða með debet- eða kreditkortum, ekki er hægt að greiða með millifærslu. Um leið og hrossið hefur verið skráð birtist það strax inn á viðkomandi sýningu. Ef það gerist ekki er rétt að kanna hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis við skráninguna.

Aðeins þau hross sem hlotið hafa fullnaðardóm á sama sýningarári eru gjaldgeng í einfaldan reiðdóm.

Endurgreiðslur á sýningargjöldum koma því aðeins til greina að látið sé vita um forföll fyrir kl. 16.00 síðasta virka dag fyrir upphaf sýningarviku í síma 516-5000 en einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið hross@rml.is. Endurgreitt er 14.000 kr. fyrir hross sem skráð hefur verið í fullnaðardóm og 11.000 kr. fyrir hross sem hefur verið skráð í sköpulags- eða hæfileikadóm. Slasist hross eftir að sýning hefst er sama hlutfall endurgreitt gegn læknisvottorði.

Endurgreiðslukrafa vegna slasaðra hrossa þarf að hafa borist fyrir 1. júlí. Skipti knapi út hrossi í sýningu og velji að sýna annað hross en það sem skráð er, ber sá hinn sami fulla ábyrgð gagnvart þeim sem greiddi fyrir plássið. Greiðsla fyrir það hross sem skipt var út verður notuð til greiðslu á hrossinu sem kom í staðinn.

*Minnum á eftirfarandi:*

- Ekki er hægt að skrá hryssur eða geldinga til sýningar nema búið sé að taka úr þeim stroksýni til DNA-greiningar og staðfesting á því liggi fyrir í WF.
- Allir stóðhestar verða að vera DNA greindir svo og foreldrar þeirra.
- Úr öllum stóðhestum fimm vetra og eldri þarf að liggja fyrir í WF að búið sé að taka blóðsýni og röntgenmynda vegna spatts.
- Ekki er hægt að skrá hross á kynbótasýningu nema þau séu örmerkt
- Ef örmerki finnst ekki í hrossi sem mætir til dóms ber að örmerkja það á staðnum og taka stroksýni úr nös til DNA-greiningar á ætterni, með þeim kostnaði sem af því hlýst fyrir eiganda/forráðamann. Örmerki og DNA-sýni þurfa ávallt að fylgjast að.



Ekki er hægt að skrá hross til sýningar nema ofantaldar kröfur séu uppfylltar. Hross sem koma inn á sýningu í stað annarra skráðra hrossa og uppfylla ekki þessi skilyrði verður vísað frá sýningu strax hjá mælingarmanni án undantekninga.

Nánari upplýsingar um reglur og annað sem viðkemur kynbótasýningum má finna á heimasíðunni www.rml.is eða hringja í síma 516-5000 hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið hross@rml.is



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# Stóðhestaskýrslur / fyljunarvottorð

**Ágætu stóðhestahaldarar og hryssueigendur. Nú fer í hönd enn eitt spennandi hrossaræktarsumar og mikill fjöldi áhugaverðra stóðhesta í boði fyrir ræktendur.**

Minnt er á þá áhvílandi skyldu að stóðhestahaldarar (umsjónarmaður eða eigandi hests) skili samviskusamlega útfylltum stóðhestaskýrslum til starfsstöðva RML fyrir árslok, 31. desember 2019. Þar komi fram allar hryssur sem voru leiddar undir viðkomandi hesta, hvort heldur sónarskoðun er notuð til að staðfesta fyljun eður ei og hvort sem hryssur reynast fyljaðar eða ekki.

Þá geta hryssueigendur, eða stóðhestahaldarar, einnig tryggt þessa mikilvægu skráningu með því að skila inn vel útfylltum og undirrituðum fyljunarvottorðum sem þjóna sama tilgangi.

Stóðhestaskýrslur má m.a. nálgast á heimasíðu RML, hér: https://www.rml.is/static/files/Hrossaraekt_RML/eydublod/2018/rml-stodhestaskyrsla_vefur-2.pdf

Fyljunarvottorð má nálgast hér: https://www.rml.is/static/files/Hrossaraekt_RML/2017/fyljunarvottord-fosturvisir17v2.pdf

Samkvæmt ákvæðum Reglugerðar um uppruna og ræktun íslenska hestsins nr. 442 / 2011, 5. grein, er óheimilt að nýskrá folöld í upprunaættbókina WorldFeng ef fyljunarskráning móður liggur ekki fyrir, nema til komi ætternisgreining með DNA-sýni.

Við minnum sérstaklega á valpörun í WorldFeng sem er kjörið verkfæri ræktenda til að átta sig á innbyrðis skyldleika hrossa við mismunandi pörunarkosti.

Í því sambandi er vert að hafa í huga, sem almenna leiðbeiningu og varnagla í búfjárrækt, að reiknaður skyldleikaræktarstuðull (táknað sem F%) mögulegs afkvæmis fari ekki yfir 5%. Það er sérstakt og mikilsvert keppikefli í litlum hrossastofni, svo sem íslenski hesturinn er, að viðhalda sem mestum erfðafjölbreytileika og vinna markvisst gegn mikilli innbyrðis skyldleikaaukningu í stofninum. Fjölbreytnin er forsenda alls úrvals og ræktunarstarfs, eldsneytið inn í langa framtíð.

Þá hvetjum við alla þá sem eignast folöld í vor og sumar til að láta örmerkja þau strax, þar er ekki eftir neinu að bíða. Enn fremur að engin ómerkt folöld fylgi mæðrum inn í stóðhestagirðingar. Allir vilja fara með sitt folald heim í lok tímabils, en ekki annarra.

*Hrossaræktarsvið RML*


Stóðhestar á vegum Hrossaræktarsambands Vesturlands

Glæsilegir gæðingar á vegum Hrossaræktarsambands Vesturlands sumarið 2019
Þið getið kynnt ykkur hestana á heimasíðunni www.hrossvest.is



**Organisti frá Horni I**
**Faðir:** Ágústínus frá Melaleiti **Móðir:** Flauta frá Horni I
**Bygging:** 8,39 **Hæfileikar:** 8,94 **Aðaleinkunn:** 8,72
**Notkun:** Fellsöxl, Hvalfirði (15. júlí – 2. september)
**Verð með öllu:** 160.000 kr. með VSK



**Dagfari frá Álfhólum**
**Faðir:** Blysfari frá Fremra-Hálsi **Móðir:** Dagrún frá Álfhólum
**Bygging:** 8,26 **Hæfileikar:** 8,72 **Aðaleinkunn:** 8,49
**Notkun:** Fellsöxl, Hvalfirði (20. júní – 1. ágúst)
**Verð með öllu:** 132.000 kr. með VSK

Staðfestingargjald er 32.000 kr. og er óafturkræft
Hryssueigendur búsettir erlendis, munið að gefa upp tilsjónarmann þegar pantað er.
ATH. Skilmálana. Sjá nánar á heimasíðunni, www.hrossvest.is

Nánari upplýsingar veitir Unnsteinn Snorri Snorrason formaður, unsnsn@gmail.com, gsm 899-4043.
Öll verð eru heildarverð og miðast við fengna hryssu. Ein sónun er innifalin.



Lely Center Ísland



RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ

John Deere, Zetor, Case IH, McCormick, Steyr, Claas, Ford, Fiat, New Holland, Deutz-Fahr, Massey Ferguson

**Reykjavík:** Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



**Stóðhesturinn GLÚMUR frá Dallandi IS2010125110**

**verður til afnota að Hestamiðstöðinni DAL, Mosfellsbæ bæði á húsmáli og fyrra gangmáli í sumar. Eftir 15. júlí tekur Glúmur á móti hryssum í Héraðsdal Skagafirði þar sem hann verður fram á haust.**

Glúmur var efstur í flokki stóðhesta 7 vetra og eldri á Landsmóti í Reykjavík 2018. Glúmur hefur fengið í kynbótadómi 10 níur, eina 9,5, 10 fyrir prúðleika og aðaleinkunn 8.81.

*Faðir hans er Glymur frá Flekkudal og móðir Orka frá Dallandi. Verð kr 150.000 með vsk.*

*Frekari upplýsingar gefa og móttaka pantana er hjá :*
***halldor@dalur.is sími 8962772***
***gunnar@dalur.is sími 8222010***









Motul á Íslandi sími 462-4600 motul@motulisland.is



VALLARBRAUT ER FLUTT Í TRÖNUHRAUN 5 HAFNARFIRÐI

HATTAT







HANN er KOMINN !! 113 HESTÖFL T4110
Með PERKINS mótor og VENDIGÍR
Frábært verð !!!!

Vendigír vinstra megin við stýri
540 540E 1000 snúninga aflúrtak
Gott vinnuumhverfi, frábært útsýni

VALLARBRAUT

www.vallarbraut.is vallarbraut@vallarbraut.is S-8411200 & 8417300

# Í Baskalandi framleiða bændur afbragðsgóða sauðaosta

## – Blikur eru samt á lofti því strangar friðunarreglugerðir ESB eru sagðar vera að útrýma aldagamalli bændamenningu svæðisins

**Hörður Kristjánsson**
hk@bondi.is





Baskaland er fjalllent en afar gróðursælt og náttúrufegurð mikil. Á innfelldu myndinni er þjóðfáni Baska.
Myndir / HKr.

**Sauðfjárbændur í Baskahéruðum Spánar hafa sumir sérhæft sig í mjólkurframleiðslu og ostagerð. Þannig er því varið á Gomiztegi búinu í Arantzazu héraði suðaustur af gömlu hafnarborginni Bilbao.**

Þetta svæði í Cantabria fjöllunum er mjög svo gróðursælt og skógi vaxið nánast upp á fjallatoppa. Tíðindanni Bændablaðsins gafst kostur á að heimsækja þetta svæði í lok apríl, en það er m.a. frægt fyrir sauðfjárrækt og basknesku smalana. Þeir nota hunda af mikilli list við að smala fénu.

Smalar af þessum slóðum eru þekktir víða um heim, enda frumkvöðlar á þessu sviði.

Cantabria fjöll (Cordillera Cantábrica), eru eitt helsta fjallasvæði Spánar. Það teygir sig frá Pyreneafjöllunum og um 300 km leið meðfram norðurströnd Íberíuskagans sem liggur að Cantabria hafi, sem er suðurhluti Biscayflóa. Þá nær það að Galician Massif (Macizo Galaico) fjöllunum í Gallisíu í vestri.

### *Baskneskur smalaskóli*

Á Gomiztegi búinu í Baserria hefur verið rekinn skóli fyrir smala (Gomiztegi Artzain Eskola), en þeim hefur farið ört fækkandi á síðari árum. Árið 1997 horfðu bændur á svæðinu fram á mikinn samdrátt í búskap og fækkun sauðfjár og vildu setja af stað átak til að endurreisa aldagamla frægð basknesku smalanna. Sem innlegg í mótun búskapar á 21. öldinni var ákveðið að setja á fót skóla fyrir smala í Baskalandi. Með aðstoð Francisku-munks, sem réð yfir eignum Gomiztegi búsins, og í samvinnu við stjórn Baskalands tókst að setja skólann á fót. Hefur þetta átak orðið fyrirmynd á öðrum svæðum á Spáni í viðleitni við að endurreisa gömul gildi. Hafa svipaðar leiðir verið farnar í Andalúsíu, Asturias, Katalóníu og Extremadura.

Gomiztegi verkefnið byggir á faglegri þjálfun sérfræðinga sem leggja áherslu á virðingu fyrir dýrunum og í nánu samspili við náttúruna. Þá er líka lögð áhersla á að tvinna saman gamlar hefðir við nútíma aðstæður. Námið sem þar er boðið upp á snýst samt ekki bara um smalamennsku og sauðfjárrækt.

### *Hefur eflt samfélagið verulega*

Þessi starfsemi hefur skilað verulegum árangri og þar hafa 270 nemendur stundað nám á 21 árs ferli skólans. Þar af hafa 180 sauðfjárbændur, eða 65%, haldið áfram að nýta þá félags- og efnahagslegu þekkingu sem þeir öðluðust til að halda áfram búskap og við að sinna ræktun og umhirðu lands á svæðinu.

Um 21% nemanna hafa verið konur sem hafa afsannað þær sögusagnir að við sé að eiga einstaklega karllægt samfélag. Flestir nemendurnir, eða 74%, hafa verið undir þrítugsaldri. Þá hefur meirihluti nemendanna, eða 55%, verið tengdur búskap og með sterk tengsl við sauðfjárrækt. Þá hafa 24 nemendanna frá upphafi komið frá öðrum löndum.



Gomiztegi-sauðfjárbúið í Arantzazu-héraði í Baskalandi. Smalaskólinn Gomiztegi Artzain Eskola er til húsa í hvítu byggingunni, sem er jafnframt heimili bóndans. Fyrir neðan er fjárhús og ostagerð.

### *Einstök þjóð sem reynir að halda í sitt tungumál*

Baskar eru mjög þjóðræknir og hafa verið að reyna að endurvekja kennslu á basknesku sem er einstakt tungumál á heimsvísu og er ekki skylt neinu öðru tungumáli í Evrópu svo vitað sé. Það er nú kennt í skólum í Baskalandi og eru það helst Baskar í dreifbýlinu sem tala hana dagsdaglega. Þetta tungumál var bannað í stjórnartíð Francos, einræðisherra Spánar, ekki síst vegna þeirrar mótstöðu sem Baskar veittu fasistastjórn hans í borgarastríðinu á fjórða áratug síðustu aldar. Var sú andstaða brotin á bak aftur harðri hendi og grimmilegum fjöldamorðum með aðstoð þýskra nasista.



Sauðféð er langrófufé af Latxa-kyni og júgrin benda til að þær geti gefið af sér dágóða mjólk.

### *Byggja upp sérstöðu í ostagerð*

Baskneskir sauðfjárbændur byggja á aldagömlum hefðum, en þeir eiga nú mjög undir högg að sækja. Ein af þeim leiðum sem þeir hafa gripið til sér til bjargar er að búa til sérstöðu í matvælagerð líkt og gert er með ostaframleiðslu bænda á Gomiztegi búinu og víngerð á sumum svæðum.

Í dölum og uppi í fjöllunum á þessu svæði getur snjóað talsvert á vetrum. Af þeim sökum verða bændur að hafa fé í húsum þrjá til fjóra mánuði á ári, ekki ósvipað og á Íslandi. Fjárhúsið á Gomiztegi búinu er mjög veglegt. Á bænum er mjólkurhús, vönduð ostavinnsla og sérstakur ostaklefi þar sem osturinn er látinn þroskast. Þar sem osturinn er unninn úr ógerilsneyddri mjólk, þá má ekki neyta hans fyrr en hann hefur þroskast í að minnsta kosti tvo mánuði. Vinsælasti osturinn á búinu var 6 mánaða gamall.



Bilddælingurinn og fararstjórinn Jón Sigurður Eyjólfsson, sem býr og starfar sem kennari á Spáni, er hér til vinstri ásamt Batis Otaegi, bónda á Gomiztegi-búinu.

### *Framleiða margar gerðir af ostum*

Batis Otaegi, bóndinn á Gomiztegi búinu, segir að þeir hafi reynt ýmislegt við þróun í sinni ostagerð. Þeir hafi m.a. búið til mildreyktan sauðaost sem er afbragðs góður. Þá fari þeir með hluta af framleiðslunni og láti hana þroskast í helli þar í nágrenninu. Umhverfisþættir í hellinum gera það að verkum að bragðið af ostinum verður mjög ólíkt því sem þekkist af öðrum ostum á búinu.

Sauðféð er langrófufé af Latxa kyni og ef ætlunin er að setja lömb á til áframeldis, þá er dindillinn klipptur af. Er það gert til að forðast sýkingar eftir að kindurnar vaxa upp.

Eftir burð eru lömbin færð



Baskneskur smali með sýnikennslu í smalamennsku með hundi.



Bóndinn Batis Otaegi lýsir ostaframleiðslunni fyrir baskneskum fararstjóra og ferðamönnum frá Íslandi.

frá mæðrum sínum sem þá eru mjólkaðar með mjaltavélum og er mjólkin nýtt að einhverju leyti til drykkjar en þó einkum í ostagerð, sem er helsta stolt bænda á þessu svæði.

Lömbum, sem ekki eru sett á, er slátrað þegar þau hafa náð um 12 kílóa fallþunga, sem þætti frekar lítið í samanburði við þyngd íslenskra lamba við slátrun.

Stöðugur straumur ferðamanna er á þetta bú, sem þykir til fyrirmyndar í ostagerðinni auk þess að starfrækja smalaskólann.

### *Erfitt hefur reynst að festa sauðaostagerð í sessi á Íslandi*

Áhugavert er að skoða þetta með hliðsjón af íslenskum sauðfjárbúskap. Einhvern veginn hefur ekki tekist að festa framleiðslu á íslenskum sauðaostum í sessi sem gæti örugglega hjálpað þessari grein.

Framleiðsla sauðaostanna var þó rannsóknarverkefni sem Bændaskólinn á Hvanneyri, Mjólkursamlagið í Búðardal og Osta- og smjörsalan stóðu saman að á tíunda áratug síðustu aldar að frumkvæði Sveins Hallgrímssonar, kennara við Bændaskólann. Á Hvanneyri var gerð tilraun með fráfærur sumarið 1996 og ærnar mjólkaðar. Mjólkin, alls um 1.000 lítrar, var lögð inn í Mjólkursamlagið í Búðardal og voru gerðir ostar úr henni, alls um 480 kg. Komu þeir sauðaostar á markað í febrúar 1997. Lítið hefur þó farið fyrir slíkri framleiðslu síðan og hún ekki náð að festa sig í sessi. Sérstakt átaksverkefni um nýtingu sauðamjólkur var þó í gangi á árunum 2004 til 2010 og tóku nokkrir bændur þátt í því. Bændur í Akurnesi við Hornafjörð mjólkuðu um 50 tvílembur í tvö sumur 2013 og 2014 samkvæmt heimildum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, RML. Þeir fengu tilskilin leyfi til að gera ost úr mjólkinni heima á búinu og sáu sjálfir um söluna. Hlé var svo gert á sauðamjöltum í Akurnesi vegna anna við önnur bústörf en áform um að taka aftur upp þráðinn aftur þegar tími gæfist.

### *Reglugerðir ESB vernda villidýr en eyða aldagamalli menningu*

Það er þó ekki tóm himnasæla að stunda sauðfjárbúskap uppi í fjöllunum í Baskalandi. Otaegi bóndi segir að bændur á þessu svæði horfi nú fram á mikla erfiðleika vegna sérkennilegs regluverks Evrópusambandsins.



Að sjálfsögðu var gestum boðið upp á ostasmakk af framleiðslu Gomiztegi-bænda og Upainberri Txakolina-hvítvín úr héraði frá 2017.

Þarna er búskapurinn rekinn í miðju friðlandi og hafa bændurnir heimild til að stunda þar búskap gegn því að passa upp á friðlandið. Gallinn er bara sá, að sögn Otaegi, að úlfar og villisvín eru þar líka algjörlega friðuð og fjölgar því ört og fyrir þessi dýr eru kindur fyrirtaks bráð. Því treysta bændur sér vart lengur til að vera með sauðfé utandyra vegna ágengni þessara dýra. Sagði hann að af þessum sökum væru bændur að flosna upp og tilneyddir að hætta búskap.

Um leið og búum fækkar verður svo til nýtt vandamál sem er þvert á þau markmið að vernda svæðið. Reglugerðir ESB eru einfaldlega að leiða til verndunar og offjölgunar villidýra, sem drepa allt kvikt sem þau ná sér í til matar. Það þýðir að fuglum og smádýrum fækkar líkt og íslenskir bændur hafa bent á að hafi gerst við friðun refs á Hornströndum. Þá leiða friðunarreglugerðirnar einnig til þess að farið er að fjara undan aldagamalli menningu baskneskra bænda sem þar hafa lifað í sátt og samlyndi við náttúruna.

Batis Otaegi bendir einnig á, að um leið og búskapur leggst af, þá hætti öll umhirða á jörðunum. Tún safna sinu sem verður svo hættulegur eldsmatur þegar eldingum slær niður. Því hafi skógareldar á þessu svæði orðið stöðugt tíðari með tilheyrandi eyðileggingu á friðlandinu. Reglurnar sem áttu að vernda náttúru landsins séu því í raun að stórskaða þessa sömu náttúru.

# Baskaland – Euskadi

**Baskaland heitir Euskal Herria, eða Euskadi á basknesku og País Vasco, eða Vasconia á spænsku, en Pays Basque á frönsku, þaðan sem við þekkjum nafnið. Óformleg höfuðborg Baskalands heitir Vitoria-Gasteiz og er í Álava-héraði, en aðrar stórar borgir eru Bilbao eða Bilbo á basknesku og San Sebastián, sem heitir Donostia á basknesku.**



Baskaland skiptist í raun í sjö héruð Álava, eða Araba-hérað, Biscay, eða Bizkaia-hérað, Gipuzkoa-hérað, Nafarroa Garaia og frönsku héruðin þrjú, Lapurdi, Nafarroa Beherea og Zuberoa.

Í heild er Baskaland 20.947 ferkílómetrar, en suðurhéraðið Nafarroa Garaia, eða Hegoalde, sem er þeirra stærst, er þó ekki alltaf nefnt sem hluti af Baskalandi, enda er það að öllu leyti talið vera innan eiginlegra landamæra Spánar. Þá tilheyrir norðausturhlutinn Frakklandi.

Baskalandi var tryggð ákveðin staða sjálfstjórnarsvæðis í spænsku stjórnarskránni 29. desember 1978 og var gjörningurinn kenndur við bæinn Guernica þar sem er eitt af elstu þingum Evrópu. Var þetta fullgilt í kosningum 25. október 1979. Þar var viðurkennt að Baskalandi tilheyri héruðin Álava, Biscay og Gipuzkoa, sem ná yfir 7.234 ferkílómetra svæði og þar búa um 2,2 milljónir manna.



Baskneska þingið er í borginni Vitoria-Gasteiz þar sem forseti Baska er einnig með aðsetur. Höfuðstöðvar stjórnarinnar eru svo í San Sebastián, en hæstiréttur Baska er með aðsetur í Bilbao.

Bærinn Guernica hefur mikla sérstöðu í sjálfstæðisbaráttu Baska. Þar var upphaf og endir mótspyrnunnar í borgarastríðinu við hersveitir Francos einræðisherra og þýskra nasista. Eru mikilvægir táknrænir fundir stjórnar og þings Baska enn haldnir í þinghúsinu í Guernica sem er jafnframt þinghús Biscay-héraðs.

Nafarroa-hérað eða Navarre var svo veitt sérstök staða innan spænska ríkisins árið 1982.

Baskaland innan landamæra Frakklands kallast einu nafni á spænsku País Vasco francés, en Pays basque français á frönsku og Iparralde eða Norðursvæðið á basknesku. Þar búa um 240.000 Baskar. Að auki búa nær 58 þúsund Baskar í Bandaríkjunum og tæplega 7.000 í Kanada.


Lely Center Ísland





Einungis 19 mánaða gamall

Til sölu GEA Monobox – mjaltaþjónn

Hægri mjaltaþjónn, með sýnatökukassa, blautfóðurdælu,
tveimur fóðurskömmturum og G5 myndavél
Gangsettur nýr í október 2017 – Til afhendingar í byrjun september 2019

Selst óuppsettur
Kaupandi verður að semja við Lífland, umboðsaðila GEA á Íslandi
um uppsetningu og niðurtöku

Upplýsingar gefur Sverrir í síma 896-2866

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

UTAN ÚR HEIMI



Bogdan Belyi fyrir miðri mynd í annarri röð, himinlifandi með bekkjarfélögum sínum í borginni Tiraspol í Transnjestríu, með bók um Ísland, íslenska peninga og Bændablaðið sem hann fékk að gjöf frá íslenskum ferðamönnum sem staddir voru í heimabæ hans fyrir skömmu.

## Tiraspol í Transnjestríu:

# Tíu ára drengur í framandi landi með óbilandi áhuga á Íslandi

## – Datt fyrir tilviljun í lukkupottinn þegar hann komst í kynni við íslenska ferðalanga í heimaborg sinni

**Tíu ára drengur, Bodgan Belyi, frá borginni Tiraspol í landi sem fáir Íslendingar kannast við og heitir Transnjestría, [Transnistria – Pridnestrovian Moldavian Republic] vill ólmur komast í kynni við Íslendinga. Hann hefur af eigin frumkvæði viðað að sér margvíslegum fróðleik um Ísland og hefur sérstakan áhuga á Vestfjörðum.**

Ástæða þess að nafn þessa pilts birtist á síðum Bændablaðsins er að Hinrik Bjarnason, fyrrverandi deildarstjóri innkaupa- og markaðsdeildar Sjónvarpsins, fór fyrir skömmu í ferð með Þorleifi Friðrikssyni sagnfræðingi og fyrirtæki hans, Söguferðum. Var ferðin farin til þessa framandi lands, Transnjestríu, sem fáir hafa heyrt getið en er í raun eins konar sjálfstjórnarsvæði í Moldóvu.

Transnjestría er 4.163 km$^2$ landræma á vinstri bakka árinnar Dniester við austurlandamæri Moldóvu og liggur að Úkraínu. Nafn landsins þýðir; handan Dniester [Trans-Dniestr]. Íbúar eru um 469.000 og höfuðborgin heitir Tiraspol [**Тирасniль**].

Íbúar hafa lýst yfir sjálfstæði þessa svæðis en engar sjálfstæðar



Hinrik Bjarnason fékk afar óvenjulega sögu frá hjúkrunarfræðingi og móður 10 ára drengs sem gaf sig á tal við hann á læknastofu í Tiraspol í Transnjestríu þegar hann var þar að vitja læknis.

þjóðir viðurkennir það í raun sem sjálfstætt ríki. Þó viðurkenndu þrjár þjóðir sjálfstæði Transnjestríu 2. september 1990, en það eru Abkhazia, Artsakh og Suður-Ossetia, sem sjálf njóta ekki viðurkenningar.

Hinrik segir ferðina hafa verið mjög lærdómsríka og áhugaverða, en Þorleifur velur gjarnan að fara með fólk á framandi slóðir. Hefur hann m.a. skrifað bók sem heitir




Transnjestría er ekki stórt land en á svæði sem er þekkt fyrir mjög frjósama gróðurmold. Innfellda myndin er af fána Transnjestríu.



Bogdan Belyi með íslenskum vinum sínum á Hotel Russia í Tiraspol, eða Тирасniль á úkraínsku.

hulduþjóðir Evrópu, þar sem fjallað er um þjóðarbrot sem litla athygli fá í umræðunni. Transnjestría er eitt þeirra.

„Það var farið austur til Moldóvu og farið um það land sem var mjög athyglisvert, ekki síst út frá búskaparlegu sjónarmiði. Við sem lærðum landafræði í skóla minnumst þess að hafa lært um svörtu moldina í Austur-Evrópu og á sléttum þess sem þá voru Sovétríkin. Þarna vorum við einmitt á þeim slóðum,“ segir Hinrik.

„Við vorum þarna í Tiraspol í þrjár nætur og fórum um svæðið í kring sem var mjög eftirminnilegt og ánægjulegt, þrátt fyrir misjafnt veður. Þarna er einstaklega alúðlegt og huggulegt fólk heim að sækja. Veran þarna minnti suma á gömlu Sovétríkin og sáu menn ýmsar bílategundir sem þeir höfðu ekki séð í langan tíma.



Bogdan Belyi hugfanginn að skoða myndir frá Íslandi í síma íslensks ferðamanns og kominn með Bændablaðið í hendur og tvo íslenska peningaseðla að auki.

Það kom svo fyrir mig þann 16. apríl austur í Tiraspol að ég fór að finna til óþæginda í auga. Það ágerðist og þorði ég ekki annað en að fá okkar ágæta leiðsögumann til að fara með mig á klíník sem er hluti af hinu opinbera heilbrigðiskerfi. Það var svolítið með hálfum huga að ég fór í þá ferð, en þar fékk ég þá bestu þjónustu sem hugsast gat. Þarna var öndvegisfólk og þessi ferðamaður frá framandi slóðum norður í höfum fékk fyrirmyndar fyrirgreiðslu. Þarna gerði enginn athugasemd þótt hann væri dreginn fram fyrir alla aðra og afgreiddur með hraði. Vandkvæði augans reyndust þó ekki alvarleg og hurfu á nokkrum dögum.“

### *Ótrúlegur Íslandsáhugi 10 ára drengs*

„Á stofunni hjá augnlækninum voru

nokkrar ungar aðstoðarkonur. Þegar skoðuninni á mér var lokið kom ein af þessum konum til mín og baðst afsökunar á að gera sig heimakomna við mig og sagði: – Þannig er mál með vexti að ég á tíu ára son sem er algjörlega upptekinn af Íslandi. Hann er alltaf að skoða ýmislegt er viðkemur Íslandi, eins og kort. Núna er hann sérstaklega upptekinn af Vestfjörðum og er mikið að velta fyrir sér plássi sem heitir Flateyri.

Ég var alveg gáttaður á þessu erindi, en eftir stutt samtal sagði ég við hana að ég væri þarna í hópi fólks sem væri að skoða sig um og líta á landshagi í hennar landi. Heimsækja fólkið og drekka ykkar ágæta vín og borða ykkar ágæta mat. Við erum hér á Hotel Russia og sonur þinn er velkominn á hótelið ef það væri hægt að tína til einhverja íslenska peninga eða annað sem fólk gæti fært honum frá Íslandi. Nefndi ég við hana tíma sem væri heppilegur.

Nú, ég bjóst ekki við að neitt yrði úr hans heimsókn. Svo vildi til að ég þurfti að bregða mér í burtu af hótelinu á þeim tíma sem ég hafði tiltekið, en þarna voru nokkrir ferðafélagar mínir í anddyrinu.


**Eiríkur Benjamínsson læknir var með í símanum myndir af Geysi í Haukadal gjósa og myndefnið var flutt yfir á síma föðurins. Með þeim á myndinni er Harpa Ágústsdóttir.**

Auðvitað birtist svo pilturinn í fylgd föður síns og áttu þeir mjög góða stund með Íslendingunum. Fékk strákurinn þarna íslenska peninga og ýmsa gripi sem fólk hafði í förum sínum og Þorleifur fararstjóri gaf honum firna fallega íslenska ljósmyndabók. Þá hafði einn haft með sér í þessa ferð sem lestrarefni eintak af Bændablaðinu. Dró hann það fram og afhenti drengnum sem hélt himinlifandi á braut með þennan „feng“ sinn,“ sagði Hinrik.

### *Vill kynnast íslenskum jafnöldrum*

Í framhaldinu komu boð frá föður hans um að strákurinn hafi strax daginn eftir sagt félögum í skólanum sínum frá þessari för sinni til að hitta Íslendinga á Hotel Russia. Vakti það feikna athygli og þeir munir sem hann hafði meðferðis. Var tekin mynd af pilti með skólafélögunum með munina alla, bókina góðu og Bændablaðið. Fylgdi skilaboðum föðurins síðan ósk drengsins um að fá að komast í tengsl og kunningsskap við jafnaldra sína á Íslandi.

Gaman væri ef einhverjir íslenskir krakkar á hans reki hefðu samband við hann og þætti honum þá örugglega fengur í að fá skeyti frá Vestfjörðum og þá ekki síst Flateyri. */HKr.*

Nafn og heimilisfang þessa áhugasama Íslandsvinar er:

**Bogdan Belyi**
**Gogol 82**
**Tiraspol**
**Pridnestrovie**
**R. Moldava 3300**


**Þorleifur Friðriksson, fararstjóri hjá Söguferðum, áritar bók um Ísland sem hann gaf Íslandsvininum Bogdan Belyi. Með þeim á myndinni er faðir Bogdans og á innfelldu myndinni er hann með pabba sínum og litlu systur.**


Söguferðir

**PÓLLAND-KALININGRAD 10. TIL 17. ÁGÚST (7 NÁTTA FERÐ)**

**- Flogið til og frá Gdansk -**

Söguferð um slóðir seinni heimsstyrjaldar. Við förum til Gdansk og Kaliningrad, rekjum sögu Fríborgarinnar Danzig og Austurprússlands, kynnumst samtíð og sögu Königsberg-Kaliningrad.

Við skoðum Mamerki (Mauerwald) aðalstjórnstöð SS á Austurvígstöðvunum og Úlfsgreni Hitlers (Wolfsschanze), Westerplatte og Stutthof.

Að loknum töðugjöldum er þessi ferð kjörin fyrir bændur og búalið og alla hina sem hafa áhuga á sögu 20. aldar. **Verð: 250.000 kr.**

Möguleiki er að framlengja dvöl í Gdansk til 20. ágúst.



**Fararstjóri:**
Þorleifur Friðriksson, sagnfræðingur
**Sími:** 564 30 31 / 611 4797
**Netfang:** soguferdir@soguferdir.is
**Nánari dagskrá:** www. soguferdir.is



# Caterpillar TH3510D skotbómu-lyftari

Landbúnaðarútfærsla

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðartæki skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

- **Hestöfl 142**
- **Lyftigeta 3,5 tonn**
- **Lyftihæð 9,8 m**
- **Keyrsluhraði 40km/klst**
- **Vökvaúrtök og krókur fyrir 12 tonna vagn**

**Gerðu kröfur —** hafðu samband við Snorra í síma **590 5130** eða sendu fyrirspurn á **sa@klettur.is** og kynntu þér þína möguleika.




KLETTUR

**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10** / 104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

LESENDABÁS

# HAFNIÐ ORKUPAKKA ÞRJÚ – elskulegu alþingismenn

**Í Morgunblaðinu 1. maí sl. er athyglisverður leiðari með yfirskriftinni „BYLMINGSHÖGG“. Þar segir frá umsögn, sem Alþýðusamband Íslands sendi utanríkismálanefnd Alþingis. ASÍ varar við samþykkt þingsályktunartillögu utanríkisráðherra á orkupakka 3. Þar segir að ríkisstjórnin hafi lítið gert til að kynna málið fyrir almenningi en gefið loðnar og villandi upplýsingar. Þar segir einnig að ríkisstjórnin hafi ætlað sér að læða málinu í gegn sem smámáli.**

Sagt er, að það sé feigðarflan að stefna að markaðsvæðingu á rafmagni, en tekin yrðu skref í þá átt með samþykkt orkupakka 3 og því sem á eftir kemur. Svo virðist sem ætlun stjórnvalda hafi verið að blekkja saklausan almenning af ásettu ráði – ódrengilegt væri það, ef satt er. Ég trúi því vart, að ASÍ fari með fleipur með þessum yfirlýsingum. Þær eru bylmingshögg á stjórnvöld.


Sigurður Sigurðarson.

***Skref til ófarnaðar***

Elskulegu fulltrúar okkar á Alþingi, og þið aðrir sem hafið hugsað um að styðja þingsályktunartillögu utanríkisráðherra og samþykkja orkupakka 3 á grundvelli aðildar að EES. Ég bið ykkur um að gera það ekki. Ég óttast að það sé skref til ófarnaðar, fyrsta skref til að veikja íslenska stjórn á eigin orku. Hugsið málið betur og lítið til framtíðarinnar, sjáið hvað felst í orkupökkum 4 og 5, sem samþykkja á næst og lítt eða ekki er farið að kynna almenningi ennþá. Þar verður gengið enn lengra í að veikja stjórn Íslendinga á orkumálunum með það takmark að ná henni undir sameiginlega stjórn erlendis. Það er markmið Evrópubandalagsins. Fyrsta skref í þá átt er samþykkt orkupakka þrjú.

***Í nafni allra góðra vætta − ekki troða þessu máli í gegnum Alþingi***

Haldið ekki áfram á sömu braut. Styðjið þá, sem vilja fella þingsályktunartillöguna, frestið þessu máli eða það sem best væri; fáið varanlega undanþágu frá orkupakkanum fyrir Ísland. Það ætti að vera hægt, ef vilji er fyrir hendi og nægilegur bitkraftur í stjórnmálamönnum okkar. Annað væru svik við okkur, sem ekki fáum að kjósa um þetta stórmál. Í nafni allra góðra vætta – ekki troða þessu máli í gegnum Alþingi.

Ég trúi að það verði tekið vel eftir því, hvaða alþingismenn samþykkja orkupakkann, ef til atkvæðagreiðslu kemur. Slíkt samþykki gæti orðið þeim dýrkeypt. Lesið leiðarann og rökin þar og annars staðar gegn samþykkt orkupakkans. Nú er ögurstund.

***Föllum ekki fyrir þessu máli***

Ég heiti á landvættina að styrkja okkur öll til að standast pólitískan og fjárhagslegan þrýsting. Föllum ekki fyrir þessu máli. Hugsið um auðlindir okkar, sem eru í hættu fyrir sölumönnum og niðurrifsöflum, innlendum sem erlendum. Auðlindir okkar eru hreint umhverfi, heilbrigðara búfé og heilnæmari afurðir en annars staðar eru til. Þetta segi ég sem dýralæknir eftir 50 ára starf og baráttu gegn innfluttum smitsjúkdómum í búfé.

Auðlindirnar eru fyrst og fremst orkan í vatnsföllum, jarðhitinn, lífið í sjónum og krafturinn í sjávarföllum, vindurinn, sem knúið getur vindmyllurnar og landið sjálft. Hugsið með kærleik til íbúanna, sem þið megið ekki svíkja og hugsið til föðurlandsins, sem við eigum að mestu leyti óselt ennþá útlendum auðjöfrum, sem margir eru óbundnir af íslenskum lögum og greiða ekki sanngjarna skatta. Stöðvið með lagasetningu allt það sem aflaga fer í þessum efnum.

***Stöndum keik með framtíðinni og börnum okkar***

Við skulum standa keik með framtíðinni, með börnunum okkar, óskoruðu fullveldi landsins og verja lífsgrundvöll okkar af alefli, svo að við getum aðstoðað betur þá sem eiga bágt á Íslandi og þá sem til okkar leita erlendis frá í neyð.

*7. maí 2019,*
***Sigurður Sigurðarson,***
***dýralæknir frá Keldum***

Eftirfarandi kviðlingur verður ásamt lagi á geisladadisk, sem út kemur í haust. Lagið er sungið af þrumubassa frá Akureyri. Þar er vísað til Njálu og draums Flosa á Svínafelli eftir Njálsbrennu.

*Við Lómagnúp stendur hann stafkarlinn gamli og starir út yfir haf.*
*Hann skyggnir þá Evrópubandalagsöldu, sem allt gæti fært hér í kaf.*
*Ótrauður stendur hann áfram á verði og eflir á fullveldið trú,*
*en kuldaleg röddin kallar þá alla, sem kæfðu í skuldum vor bú.*
*Járnstafinn láttu á lend þeirra falla, sem lögðu í rúst okkar bú*
*og læðast að okkur nú.*

# Hluti svars um sjálfbæra landnýtingu

**Í síðasta tölublaði Bændablaðsins gerir Ari Teitsson frændi minn tilraun til að svara spurningu Árna Bragasonar landgræðslustjóra um hvað felist í sjálfbærri landnotkun, eða öllu heldur dregur hann fram eitt atriði sem hann telur ekki felast í sjálfbærni, þ.e. að friða einstaka afréttir fyrir beit.**

Í samtali fyrir skemmstu spurði Árni mig hvort ég gæti skilgreint sjálfbæra landnýtingu og svaraði ég um hæl „já já, ekki málið“ en bætti svo við að ég gæti það hvorki án umhugsunar né í stuttu máli. Það er nefnilega ekki rétt sem Ari skrifar í pistli sínum að hugtakið sjálfbær þróun hafi fyrst komið fram í Brundtland-skýrslunni árið 1987, sama hvað Wikipedia segir. Hugtakið og hugmyndafræðin um sjálfbærni er mun eldri, eða frá því snemma á 18. öld, og er fengin að láni frá skógrækt, þar sem hún hefur verið leiðarstef í skógfræðimenntun í 300 ár. Ef skógfræðingur getur ekki skilgreint sjálfbæra landnotkun, hver getur það þá?

Grunnstefið eins og Ari ritar það, „landnýting sem mætir þörfum þeirra sem nýta landið nú, án þess að skerða möguleika þeirra sem landið munu nýta í framtíðinni“ er í samræmi við upphaflega hugmynd Carls von Carlowitz sem fyrst setti hana á blað fyrir 300 árum. Hún var hagfræðilegs eðlis og fjallaði um það hvernig hægt væri að rækta skóg á ný þar sem skógur hafði verið felldur svo komandi kynslóðir gætu einnig notið gæða skógarins. Hún snerist upphaflega eingöngu um þann hag sem mannkynið gæti haft af skógum, líkt og orðalag Ara um landnotkun. Í millitíðinni hefur hugmyndafræðin hins vegar þróast heilmikið með skrifum og samfélagsumræðu skógfræðinga. Það er ekki von til þess að almenningur fylgist með þróun hugmyndafræði í einni faggrein og því heldur fólk gjarnan að hugmyndafræði sjálfbærni hafi sprottið fullmótuð úr höfði Gro Harlem Brundtland. Það gerði hún að sjálfsögðu ekki.

Án þess að rekja alla söguna, þá fjallar sjálfbærni um aðferðir við nýtingu auðlinda. Hugmyndafræðin samanstendur nú af tugum þátta sem falla undir þrjá meginflokka, hagræna, umhverfislega og félagslega. Voru þessir þættir flestir orðnir til í skógfræði og kenndir


Þröstur Eysteinsson.

verðandi skógfræðingum löngu fyrir 1987. Auðlindanýting telst ekki sjálfbær nema kröfum allra þriggja flokka og þorra undirþátta þeirra sé mætt. Mæta þarf ýmsum kröfum um stöðuga arðsemi eða a.m.k. með reglulegu millibili, nýtingin má ekki skemma eða eyðileggja loft- eða vatnsgæði eða búsvæði lífvera í stórum stíl, samfélagið þarf að vera sátt við nýtinguna og hún má ekki ganga á lífsgæði fólks um of. Á undanförnum 40 árum hefur almenna samfélagsumræðan um sjálfbærni einkum snúist um umhverfisflokkinn og innan hans um flokkun sorps. Það er svo gróf einföldun að hún á í raun varla nokkuð skylt við sjálfbærni í heild.

Innan umhverfisflokksins hefur nýr mælikvarði á sjálfbærni nýtingar bæst við á síðustu áratugum, þ.e. binding koltvísýrings úr andrúmsloftinu og varðveisla kolefnis í skógi, öðrum gróðri og mold. Sem fyrr hefur sú umræða mótast að miklu leyti innan skógræktargeirans og er komin lengst þar vegna órjúfanlegra tengsla skógfræði við sjálfbærni. Þess vegna er öll þessi áhersla á mikilvægi verndar regnskóganna og aukna skógarþekju yfirleitt.

Auðlindin sem um ræðir verður fyrst að vera til og í sæmilegu ástandi til þess að taka megi upp aðferðir sjálfbærni. Hugmyndin er að við sem notum auðlindina nú gerum það á þann hátt að komandi kynslóðir geti það einnig. En hvað ef fyrri kynslóðir hafa gengið svo hart að auðlindinni og gæði hennar rýrnað svo mjög að hún er vart svipur hjá sjón? Hvað ef við sjálf erum þessar „komandi kynslóðir“ og stöndum frammi fyrir auðlind sem búið er að nota upp til agna, ónýtri auðlind í orðsins fyllstu merkingu? Er einu sinni hægt að tala um nokkuð í líkingu við sjálfbæni þegar svo er komið?

Nei, auðvitað ekki. Þegar því sem næst allir skógar eru eyddir, helmingur alls jarðvegs fokinn á haf út og gróðurinn sem eftir er svo rýr og aumur að hann vex varla, þá er of seint í rassinn gripið. Nýting þeirra auðlindaleyfa getur ekki verið sjálfbær. Af henni er engan arð að hafa nema með mikilli meðgjöf, hún veldur áfram skaða á umhverfinu og hún leiðir til félagslegra erfiðleika og fátæktar, sem sjá má á því að fólk yfirgefur dreifbýlið sem aldrei fyrr.

Þegar svo er komið verður að endurheimta auðlindina áður en hægt er að tala um sjálfbæra nýtingu hennar. Í skógrækt felst þróun í átt að sjálfbærni í því að byggja upp skógarauðlind og á meðan verði nýting hennar svo takmörkuð að auðlindin eflist eins og kostur er. Í annarri landnotkun gildir svipað. Byggja þarf upp gróður- og jarðvegsauðlindirnar og á meðan þarf nýting þeirra að vera svo takmörkuð að þær eflist eins og kostur er. Ég endurtek að í þessu felst þróun í átt að sjálfbærni en ekki sjálfbær nýting.

Í nýjum landgræðslulögum er kveðið á um að tryggja skuli að landnýting sé sjálfbær. Svipað ákvæði er í nýjum skógræktarlögum um nýtingu skóga. Hvort tveggja ber að túlka sem svo að það sé vilji löggjafans að unnið skuli að þróun í átt að sjálfbærni í þeim málaflokkum. Innan þess ramma þarf síðan að setja markmið, t.d. um aukið flatarmál skóga eða aukna gróðurþekju á afréttum, og að á meðan sé nýtingin svo takmörkuð að markmiðin náist á ásættanlegum tíma. Í ljósi loftslagsröskunar og þarfarinnar fyrir að binda koltvísýring úr andrúmsloftinu höfum við ekki mikinn tíma. Í sumum tilvikum þarf að takmarka nýtingu svo mikið að hún verði engin.

***Þröstur Eysteinsson***
*skógræktarstjóri*


Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

MAST Matvælastofnun

# Námskeið um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu

Matvælastofnun heldur námskeið fyrir þá sem hafa sótt um aðild að gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu en krafist er að þátttakendur í gæðastýrðri sauðfjárrækt sæki slíkt námskeið. Námskeiðið verður haldið á Akureyri, fimmtudaginn 13. júní næstkomandi.

**Staður og tími:**

Akureyri þann 13. júní í Búgarði, búnaðarsambandi Eyjafjarðar, að Óseyri 2 kl. 09:30–16:30.

Tilkynna þarf þátttöku eigi síðar en föstudaginn 7. júní n.k. í síma 530-4800 eða með tölvupósti á netfangið mast@mast.is. Ekki er um sérstakt námskeiðsgjald að ræða.

**Á námskeiðinu verður m.a.:**

- *farið yfir lagalegan grundvöll gæðastýringar og stjórnsýslu tengdri gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu.*
- *farið ítarlega yfir reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu nr. 511/2018.*
- *rafræn handbók um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu kynnt.*
- *fjallað um landnýtingu og landbótaáætlanir.*
- *farið yfir reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1262/2018.*
- *farið yfir reglugerð um merkingar búfjár nr. 916/2012, með síðari breytingum.*
- *fjallað um fullnægjandi þátttöku í afurðaskýrsluhaldi í sauðfjárrækt, uppbyggingu og grundvallaratriði sem standa þarf skil á.*
- *farið í grundvallaratriði varðandi sauðfjárbúskap.*

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA

## Verkefnastjóri hjá Landssambandi kúabænda

Landssamband kúabænda auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra. Starfið felst í greiningu á íslenskum nautakjötsmarkaði og markaðsfærslu íslenskrar nautakjötsframleiðslu. Skrifstofa Landssambands kúabænda er í Bændahöllinni við Hagatorg í Reykjavík og möguleiki á skrifstofu til umráða þar en starfið er auglýst án búsetuskilyrða. Starfinu gætu fylgt einhver ferðalög ef nánari útfærsla verkefnisins í samráði við stjórn LK krefst þess. Um er að ræða 100% vinnuhlutfall fyrir einn starfsmann í 12-18 mánuðir en skil á lokaskýrslu eru áætluð fyrir lok árs 2020. Vinnutilhögun og vinnutími verður eftir nánara samkomulagi við stjórn.

Verkefnið sem um ræðir snýr meðal annars að greiningu á framleiðslukostnaði og getu, samræmingu í framleiðslu og eftirspurn, úttekt á samkeppnisstöðu íslensks nautakjöts ásamt markaðsyfirferð og úrvinnslu í framsetningu, merkingum, straumum og stefnum þegar kemur að vöruframsetningu og þróun nautakjöts.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Viðeigandi greiningar, markaðsátak og ráðstafanir samkvæmt verklýsingu
- Áætlanagerð, undirbúningur og frágangur
- Upplýsingaöflun og úrvinnsla þeirra með aðgerðum til úrbóta
- Samskipti við og vinna með bændum, ráðunautum, samtökum bænda, ráðuneytum, sláturleyfishöfum, ráðgjöfum og öðrum stofnunum til aðgerða í markaðsmálum
- Samskipti við og upplýsingagjöf til stjórnar og framkvæmdastjóra Landssambands kúabænda m.a. með áfangaskýrslum
- Lokaskýrsla verkefnis og kynningafundir/kynningaefni
- Komið gæti til annarra tilfallandi verkefna í tengslum við starfsumhverfi

**Hæfnikröfur**

- Þekking og reynsla af nautgriparækt eða matvælaiðnaði er kostur
- Einhver þekking á stoðkerfi landbúnaðar, helstu stofnunum og félagskerfi bænda er kostur
- Mjög gott vald á íslensku er nauðsyn, önnur tungumálakunnátta er kostur
- Góð tölvukunnátta er nauðsyn, reynsla af skýrslugerð er kostur
- Viðkomandi þarf að geta sýnt frumkvæði, vera ábyrgur, vandvirkur og talnaglöggur
- Jafnframt að vera jákvæður og hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar veitir:**

Jóhanna María Sigmundsdóttir, framkvæmdarstjóri LK í síma 845-1859 eða gegnum netfangið lk@naut.is
Umsóknir óskast sendar á lk@naut.is og þeim skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.
Umsóknarfrestur er til og með 31.maí 2019.




SVEITASÆLA 2019

Landbúnaðarsýning og bændahátíð þann 17. ágúst í Reiðhöllinni Svaðastaðir Skagafirði. Vélasýning, handverksmarkaður, sölusýning fyrirtækja, afþreying og skemmtidagskrá.

Ef þú vilt tryggja þér borð eða bás á sýningunni endilega hafðu samband við Sigurlaugu Vordísi á netfangið vordisin@gmail.com eða í síma 659-9016.

Gluggar og hurðir fyrir íslenskar aðstæður

Í yfir 20 ár hefur Viking Window AS selt tréglugga og hurðir á Íslandi



Viking
VIKING WINDOW AS

Gluggar og hurðir með eða án álkápu, allir RAL litir í boði að innan og utanverðu
Afhendist glerjað og tilbúið til uppsetningar
Afgreiðslutími 6-10 vikur
Sjá nánar á: viking.ee

Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • aflvelar.is • sala@aflvelar.is
AFLVÉLAR

EYJALIND Varahlutir í VOLVO
- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Lely Center Ísland
TINDAR OG HNÍFAR GOTT ÚRVAL



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300





**Greinakurlari**
15hp bensínmótor fyrir allt að 100mm greinar.

**Bensínhjólbörur**
B&S 7.5 hp mótor með drifi á öllum.

Einnig fyrirliggjandi járn girðingastaurar og 6 strengja net á góðu verði.

Vír og lykkjur ehf
s. 772-3200
viroglykkjur.is

FURÐUVÉLAR & FARARTÆKI



Chetra T40 er stærsta jarðýtan sem framleidd er í Rússlandi og er tæp 65 tonn að þyngd.

# Rússar vel gjaldgengir í framleiðslu á jarðýtum

**Rússar framleiða kannski ekki stærstu jarðýtur í heimi, en samt alveg þokkalegar vélar eins og Chetra T40 sem er þeirra stærsta ýta.**

Rússar selja Chetra til meira en 30 landa í Suður-Ameríku, Mið-Austurlöndum, Suðaustur-Asíu og á heimamarkaði í Rússlandi og í Úkraínu, Kasakstan, Kyrgyzstan og í Úsbekistan.

Chetra er einn af stærstu framleiðendunum í Rússlandi í smíði stórra vinnuvéla. Framleiðir fyrirtækið níu gerðir af jarðýtum frá 150 og upp í 590 hestöfl. Minnsta ýtan er Chetra T6, sem er 9,4 tonn að þyngd.

Vökvakerfið kemur frá evrópskum og amerískum framleiðendum. Vökvaskiptur gírkassi léttir mönnum líka störfin svo ekki þarf nein vöðvastælt heljarmenni til að stjórna þessum gripum. Miðað er við að vélarnar séu líka auðveldar í viðhaldi og einfalt að gera við þær.



Þótt Rússar framleiði þokkalega stórar jarðýtur, þá er samt ekkert sem slær út Komatsu D475D-5E0 frá Japan. Hún er meira en tvöfalt þyngri og kraftmeiri en stærsta ýta Rússa.

### *Vegur nær 65 tonn*

Chetra T40 vegur 64.600 kg með tönn og ripper. Jarðvegsþrýstingur á hefðbundnum 71 sentímetra breiðum beltum er 1,17 kg á fersentímetra sem er heldur minna en Chetra T25 sem er 16 tonnum léttari vél, en hún er líka á 10 sentímetra mjórri beltum.

Chetra T40 er með Cummins QSK19-C650 mótor sem skilar 435 kílówöttum (kW), eða 590 hestöflum.

Lengdin á vélinni er 6.050 millimetrar (6,05 metrar) og breiddin er 3.296 mm, eða 3,2 metrar. Hæðin er 4.250 mm.

### *Pólverjar með svipaða vél*

Mjög sambærileg jarðýta í stærð og gerð er Dressta TD-40E Extra frá fyrirtækinu Liugong Dressta Machinery, sem framleiddar eru í Stalowa Wola verksmiðjunum í Póllandi. Tæki frá þessu fyrirtæki eru seld í Mið-Evrópu undir nafninu Huta Stalowa Wola (HSW). Dressta TD-40E er einnig með Cummins mótor, en heldur kraftminni, eða 515 hestöfl. Hún er samt örlítið stærri en sú rússneska, eða 67,7 tonn og telst vera fimmta stærsta jarðýta í heimi.

Til samanburðar er stærsta ýta heims hin japanska Komatsu D575A-3SD, nær 152 tonn að þyngd og með 1.150 hestafla vél. Hin rússneska Chetra T40 nær því ekki að vera hálfdrættingur á við þennann risa frá Komatsu, hvorki í þyngd né afli.

Stærsta ýta Bandaríkjamanna er Caterpillar D11R, sem er tæp 113 tonn og með 935 hestafla mótor.

*/HKr.*

UTAN ÚR HEIMI



AIRPod 2.0 er þróaður af MDI (www.mdi.lu) og á að leysa úr þörfum fyrir mengunarlaus lítil ökutæki í borgum.

## AIRPod 2.0 á Bandaríkjamarkað:

# Gengur fyrir lofti

**Zero Pollution Motors (ZPM) er ökutækjaframleiðandi í Lúxemborg sem hyggst nú leggja undir sig markað í Bandaríkjunum. Það á gera með sölu á örbílunum AIRPod sem ganga á loftinu einu saman. Þá eru þeir byggðir að hluta úr náttúrulegum líntrefjum.**





AIRPod 2.0 þykir afar framúrstefnulegt farartæki.

Nei, þetta er engin falsfrétt og reyndar hafa ýmsir glímt við að búa til bíla sem ganga fyrir þjöppuðu lofti og engu öðru. Meira að segja á Íslandi hafa verið gerðar slíkar tilraunir fyrir áratugum síðan. Þar var að verki aflraunamaðurinn Reynir Örn Leósson, sem breytti venjulegum bensínknúnum Skoda í loftknúið farartæki. Tata bílaverksmiðjurnar á Indlandi hafa líka fengist við svipað verkefni með framleiðslu á Tata/MDI One Cat.

Upprunann má reyndar rekja til franska fyrirtækisins Motor Development International SA sem skammstafað er MDI. Smíðaði það svonefndan Air Car sem síðar fékk nafnið OneCAT Air Car og var svo endurnefndur OneFlowAIR. Hann var sýndur á New York bílasýningunni í Chrystal Palace sýningarhöllinni 2008 undir skilti sem á stóð „Autiomotive X-Prixe". Stofnandi fyrirtækisins heitir Guy Nègre og var hönnuður upphaflegu aflvélarinnar, en hann lést 24. júní 2016.

AIRPod 2.0, sem er þróaður af MDI (www.mdi.lu), á að leysa úr þörfum fyrir mengunarlaus lítil ökutæki í borgum. Ekki sakar að hönnunin þykir afar framúrstefnuleg og ekki þarf merkilegri búnað en loftþjöppu til að dæla „eldsneyti" á bílinn. Svo á ökutækið að vera ódýrt í innkaupum og rekstri.



MDI AirPod á sýningu 2009.

Ef allt gengur upp er áætlað að hefja framleiðslu nú á vordögum. Er þetta sagður fyrsti bíllinn sem gengur fyrir þrýstilofti sem boðinn er til sölu á almennum markaði í Bandaríkjunum.

MDI hefur sýnt ýmsar gerðir af loftknúnum bílum og má þar nefna MDI AirPod sem sýndur var á bílasýningu í Genf 2009. Þar var einnig sýndur stærri bíll sem kallaður var MDI OneFlowAir. */HKr.*


## Nýr vörubæklingur 2019






Fáið sent frítt eintak með því að hafa samband í síma: 577 1000,

í gegnum facebook eða með tölvupósti á info@khvinnufot.is

Vörubæklingurinn er 80 bls. í A5 broti.

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

LESENDABÁS

# „Að draga rangar ályktanir“

**Talsmaður heildsala, Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda (FA), sakar afurðastöðvar um tvískinnung í afstöðu gegn innflutningi á kjöti þar sem þær flytji inn kjöt og því geti innflutt kjöt ekki verið hættulegt eins og haldið er fram.**


Steinþór Skúlason.

***Þessi ályktun er röng***

Fullyrða má að það sé hagur afurðastöðva og innlends landbúnaðar að Ísland sé sjálfu sér nægt og ekki sé flutt inn kjöt. En svona er staðan ekki. Ísland hefur gert tollasamninga við Evrópusambandið sem leyfir verulegan innflutning á kjöti. Þetta kjöt verður flutt inn hvort sem mönnum líkar betur eða verr.

Afurðastöðvar, margar hverjar, hafa því ákveðið að bjóða í tollkvótana þar sem þær eru í þessum rekstri og hafa kerfi til að meðhöndla innflutt kjöt. En innflutt kjöt er ekki allt eins. Það er mikill munur á lyfjanotkun og aðstæðum til kjötframleiðslu innan Evrópusambandsins, en tollasamningur Íslands við ESB gerir engan greinarmun á því hvaðan kjötið kemur.

Þær afurðastöðvar sem undirritaður þekkir til, stunda ábyrgan innflutning og velja að flytja inn kjöt frá löndum þar sem lyfjanotkun er í lágmarki og því heilnæmara kjöt en hægt væri að kaupa annars staðar innan ESB á lægra verði.

Það er staðreynd sem ekki verður haggað að sýklalyfjaónæmi er ein helsta heilsufarsógnun mannkyns. Átakinu „Öruggur matur“, sem margir innlendir aðilar standa að, er ætlað öðru fremur að vekja athygli á þessari staðreynd og hvetja fólk til að setja matvælaöryggi í fyrsta sæti þegar það kaupir inn. Á næstu árum er mikilvægt að innlend stjórnvöld móti stefnu á þessu sviði og gerðar verði kröfur um hámark lyfjanotkunar gagnvart erlendum aðilum sem hingað vilja flytja kjöt.

Eftir því sem fólk neytir meira af kjöti eða annarri matvöru sem inniheldur sýklalyfjaónæmar bakteríur, þeim mun líklegra er að viðkomandi þrói með sér slíkt ónæmi. Það er því ástæða til að hafa áhyggjur af auknum innflutningi kjöts.

*Steinþór Skúlason,*
*forstjóri Sláturfélags Suðurlands*







BÆKUR & MENNING

# EAST ICELAND – Top Peaks

## – Ensk útgáfa á bókinni 101 Austurland – tindar og toppar

**Bókstafur hefur undanfarna mánuði unnið að endurútgáfu bókarinnar 101 Austurland – tindar og toppar eftir Skúla Júlíusson, í enskri þýðingu Philips Vogler.**


Skúli Júlíusson og gönguskórnir.

Íslenska útgáfan kom út vorið 2016 og hafa selst á þriðja þúsund eintök. Ferðamannastaðir hafa töluvert spurt eftir enskri útgáfu sem hentar erlendum gestum þar sem aðsókn gönguferðafólks fer vaxandi og Ísland er að verða þekktur áfangastaður víða um lönd. Freistar landið ekki síst þeirra sem vilja skoða óspillta náttúru og anda að sér fersku fjallalofti. Á Austurlandi er nóg af slíku og umferð ferðafólks er hófleg miðað við aðra landshluta.

Í bókinni er lýst miserfiðum leiðum á 101 fjall á Austurlandi og gefur höfundur þeim erfiðleikastig frá 1 upp í 5. Við hvert fjall er sýnt kort þar sem leiðin á toppinn er sýnd. Þar eru enn fremur myndir af viðkomandi fjalli og glögg leiðarlýsing. Til að auðvelda fjallgöngufólki ferðina er svonefndur QR-kóði við hvert fjall sem hægt er að skanna með farsíma og finna þannig gps-feril sem vísar fólki rétta leið.

Bókin verður til sölu í bókabúðum og á öllum helstu ferðamannastöðum á Austurlandi og víðar um land. Þá hefur verið spurt eftir henni erlendis meðal gönguferðafólks sem fyrirhuga slík ferðalög um Ísland. Verður að vona að bókin bæti úr sárum skorti á aðgengilegri kynningu á því sem landið hefur að bjóða öllum þeim fjölda sem hyggjast sækja landið heim og njóta hinnar óspilltu og fjölbreyttu náttúru.

Þegar þetta er ritað er verið að leggja lokahönd á útlit bókarinnar og er stefnt að útkomu hennar í júnímánuði næstkomandi.

Í framhaldinu er fyrirhugað að gefa út aðra bók sem lýsir léttari gönguleiðum á Austurlandi og mun hún koma út samtímis á íslensku og ensku.








Morgunn við Avenue des Baobab. Myndir / VH.

# Baobab-breiðstræti




**Vilmundur Hansen**
vilmundur@bondi.is


**Flóra Madagaskar er ólík flóru allra annarra landa í heimi og reyndar svo ólík að þar finnast um 12.000 tegundir plantna og um 83% þeirra eiga sér náttúruleg heimkynni á eyjunni og finnast ekki villtar annars staðar. Af öllum þessum fjölda eru baobab-plönturnar við Avenue des Baobab líklega þekktastar.**

Á Madagaskar finnast yfir 900 tegundir brönugrasa og um 200 tegundir pálma. Ferðamannapálminn er einstakur vegna blævængslaga blaðbygginga en nafnið er tilkomið vegna þess að ferðamenn svöluðu þorsta sínum á vatni sem safnaðist fyrir í pollum í blaðöxlum plöntunnar.

Skógareyðing á Madagaskar er ein sú mesta og alvarlegasta í heiminum og vegna eyðingar náttúrulegra skóga eyðast búsvæði innlendra dýra og plantna. Í kjölfar eyðingar innlendu skóganna hefur víða verið plantað innfluttum tegundum eins og Evrópufuru, sem dafnar vel í landinu, og er nú svo komið að víða er litið á hana sem ágangategund.

Hrísgrjón, maís, sykurreyr, yam, taro og vanilla, sem allt eru innfluttar tegundir, eru helstu nytjajurtir innfæddra. Þrjá fyrstu tegundirnar eru ræktaðar til matar en vanilla er helsta útflutningsvara landsins og fáséð á innanlandsmarkaði. Auk þess sem í landinu er ræktaður fjöldi algengra og framandi ávaxta- og grænmetistegunda.

### *Þykkblöðungar en ekki tré*

Ólíkt því sem margir telja og heitin baobab-tré eða apabrauðstré vísa til flokka grasafræðingar baobab ekki sem tré heldur sem þykkblöðunga, reyndar með allra stærstu þykkblöðungum sem vissulega líkjast trjám í útliti.

Þykkblöðungar eru plöntur sem hafa aðlagast þurrum svæðum Afríku á svipaðan hátt og kaktusar aðlagast eyðimerkurloftslagi Mið-Ameríku. Tvær ættir plantna sem hafa þróast á svipaðan hátt til að aðlagast svipuðum umhverfisaðstæðum í tveimur heimsálfum.

Baobab finnst villt á gresjum landa í Afríku sem liggja sunnan Saharaeyðimerkurinnar, eyjunni Madagaskar og í Ástralíu. Í grein Skarphéðins G. Þórissonar, Baobab – apabrauðstré í Afríku, í bókinni Á sprekamó, sem gefin var út árið 2005 til heiðurs Helga Hallgrímssyni á sjötugsafmæli hans, segir að talið sé að baobab-fræ hafi borist sjóleiðina frá Afríku eða Madagaskar til Ástralíu. Þar hafa afkomendur fræsins eða fræjanna þróast sem sértegund.



Fyrsta baobabið sem ég sá.



Fjandans hippi.

Til skamms tíma töldust tegundir innan ættkvíslarinnar Adansonia, en svo kallast ættkvíslin sem baobab tilheyrir á latínu, vera átta en rannsókn frá 2012 segir tegundirnar vera níu. Sex þeirra, Adansonia grandidieri, A. madagascariensis, A. perrieri, A. rubrostipa A. suarezensis og A. za, eru upprunnar og finnast villtar á Madagaskar og eru fimm þeirra taldar í útrýmingarhættu vegna breytinga á kjörlendi þeirra. Ein tegund, A. gregorii, finnst í Ástralíu. Tegundin A. digitata er algengasta baobab-tegundin á meginlandi Afríku. Árið 2012 var A. kilima greind sem sértegund sem vex í sunnan- og vestanverðri Afríku. Ekki eru allir sammála þessari greiningu og telja að A. kilima sé einungis staðbrigði af A. digitata.

Latnskt heiti ættkvíslarinnar Adansonia er til heiðurs franska náttúrufræðingnum Michel Adamson, sem var uppi 1727 til 1806 og fyrstur manna lýsti A. digitata. Heitið baobad kemur úr arabísku, بابِح وب (būħibāb), og þýðir faðir margra fræja.

### *Risastór vatnstankur*

Stærð og útlit baobab er ólíkt eftir tegundum. Hæð þeirra er frá 5 og upp í 40 metrar og breidd stofnsins

getur náð allt af 47 metrum að ummáli. Baobab-þykkblöðungar vaxa yfirleitt stakir og setja sterkan svip á umhverfið þar sem þeir gnæfa yfir eins og steinrunnir risar.

Plantan fellir smátt og fingurlaga laufið strax að loknu regntímabilinu og stendur lauflaus í allt að níu mánuði á ári. Blóm plöntunnar eru gul eða hvít og með löngum fræflum og frævu og sjá skordýr um frjóvgun þeirra. Aldinin eru talsvert stór og geta náð 1,5 kílóum að þyngd. Að ytra borði eru þau flauelsmjúk viðkomu en að innan full af fræjum og aldinkjöti sem sagt er að sé bragðgott og með sítrónukeim, enda ríkt af C-vítamíni, kolvetnum og steinefnum.

Baobab dafnar best í þurrum og næringarsnauðum jarðvegi enda rótarkerfið bæði djúpt og víðfeðmt og ná ræturnar rúma tvo metra miður og allt að 50 metra út frá plöntunum. Yfir regntímann safna plönturnar í sig gríðarlegu magni af vatni og er talið að þær allra stærstu geti geymt allt að 120 tonn. Að regntímanum liðum eru plönturnar 80% vatn. Baobab er því nánast eins og stór vatnstankur.

Að utan eru plantan með þykkan og fremur sléttan börk. Á sumum plantanna má sjá börkinn í fellingu sem hafa myndast við að plantan leggst eða kýtist saman undan eigin þunga. Einnig eru dæmi þess að plöntur fall hreinlega saman undan eigin þunga. Að innan er stofninn gerður úr trefjakenndum svampvef.

Þar sem baobab skilja ekki eftir sig árhringi er erfitt að segja til um aldur plantanna en annars konar aldursgreiningar benda til að baobab geti náð góðum 3000 ára aldri. Yfirleitt eru elstu baobab-plöntur í dag taldar vera milli 1.400 og 1.800 ára gamlar og þar með elstu dulfrævingar sem vitað er um.

Á meginlandi Afríku er baobab stundum kallað tréfíll vegna stærðarinnar.

### *Avenue des Baobab*

Baobab-breiðstræti er rétt rúma 18 kílómetra utan við borginni Morondava sem er á vesturströnd Madagaskar. Nafn sitt dregur staðurinn af því að moldarþjóðvegur liggur í gegnum svæði með um 25 stórvaxnar baobab-plöntur á báðar hliðar sem allar eru af tegundinni A. grandidieri.

Í heimsókn minni til Madagaskar í apríl síðastliðnum heimsótti ég og samferðafólk mitt Baobab-breiðstræti tvisvar sama daginn. Einu sinni við sólarupprás og aftur við sólsetur og voru báðar heimsóknirnar upplifun sem gleymist seint.

Fáir voru á ferli þegar sólin kom upp og gríðarlega fallegt að horfa á baobab-plönturnar í morgunmistrinu og roðanum.

Seinni part dagsins, eftir að hafa skoðar lemúra í þjóðgarði þar sem meðal annars er að finna rannsóknarstöð Skógræktarinnar á Madagaskar, heimsóttum við tvær allsérstæðar baobab-plöntur af tegundinni A. za sem er að finna í nokkurra kílómetra fjarlægð frá Baobab-breiðstræti. Sérkennilegheit plantnanna er að stofnar þeir hafa snúist saman í vexti og í dag faðma þær hvor aðra. Saga segir að vaxtarlagið sé tákn um ást og drauma tveggja ungmenna sem ekki fengu að eigast.

Undir sólsetur var komið aftur á Baobab-breiðstræti og horft á þessar tignarlegu plöntur umvefjast myrki á meðan sólin settist.

### *Tré á hvolfi*

Til eru nokkrar sögur sem ætlað er að skýra hina sérkennilegu lögun baobab-plöntunar, sem margir segja að líkist tré á hvolfi eða með ræturnar upp í loft.

Í áðurnefndri grein Skarphéðins G. Þórissonar segir að landkönnuðurinn og trúboðinn David Livingstone hafi líkt vexti baobab á meginlandi Afríku við risastóra gulrót sem stæði á haus. Þar segir einnig að eitt sinn hafi baobab-tré verið fagurt en gortað sig mjög af því við önnur tré. Hin trén þoldu það illa og kvörtuðu við guð sem refsaði baobab-trénu með því að snúa fræi þess ætíð öfugt. Í annarri sögu segir að trén hafi ekki viljað standa kyrr og því hafi guð rifið þau upp og rekið öfug ofan í jörðina til að kyrrsetja þau. Afrískir búskmenn trúa að guðinn Thora hafi viljað losna við tréð úr garðinum sínum, rifið það upp með rótum og hent því og að það hafi lent öfugt á jörðinni en haldið áfram að lifa þannig.


**Fáir voru á ferli þegar sólin kom upp og gríðarlega fallegt að horfa á Baobab-plönturnar í morgunmistrinu og morgunsólinni.**


**Höfundur við Adansonia za í faðmlagi.** Mynd / Skarphéðinn G. Þórisson


**Baobab-fræbelgir.**


**Uppeldisbeð fyrir *Adansonia grandidieri*.**


**Innfæddir á leið á markaðinn.**

Sagan segir að þjónar Livingstone, Chunna og Susi, hafi skorið úr honum hjartað og fjarlægt innyflin eftir andlátið og grafið í tinkassa undir baobab skammt frá þeim stað sem hann lést í Tansaníu árið 1873. Áletrun með nafni Livingstone og árið sem hann lést var rist í börkinn og er barkaráletrunin í dag varðveitt á safni í London. Mary, eiginkona Livingstone, mun einnig vera grafin undir baobab en þar sem í dag er Mósambík. Hún lést árið 1762 úr malaríu eftir að hafa elt mann sinn til Afríku í von um að finna hann.

Í Ástralíu segja innfæddir að trjánum rigni af himnum og að efri hlutinn, sem er þyngri, stingist því í jörðina.

### *Litli prinsinn*

Baobab, eða öllu heldur baobab-tré, koma við sögu í bókinni Litli prinsinn eftir Frakkann Antoine de Saint-Exupéry, sem kom fyrst út árið 1943. Í sögunni segir prinsinn frá baobab-trjám sem eru alltaf á mörkum þess að yfirtaka heimaplánetu hans hvað sem hann eyðir miklum tíma í að uppræta þau. Prinsinn segir að það verði að ná trjánum á meðan þau eru ung því að nái þau að vaxa og dafna hafi rætur þeirra skelfileg áhrif á jarðveginn á litlu stjörnunni hans og geti jafnvel klofið hana í tvennt. Prinsinn óskar þess helst að eignast kindur sem geti bitið baobab-tré en hræðist um leið að féð muni einnig bíta þyrnirunnana sem eru rósirnar hans. Sögumaður, sem er brotlentur flugmaður, segir prinsinum að því miður muni sauðfé ekki ráða við fullvaxin baobab-tré þar sem þau séu eins og stórar kirkjur að stærð og reyndar það stór að heil hjörð fíla gæti kannski étið eitt slíkt tré. Litla prinsinum kemur þá til hugar að ef til vill megi stafla upp fílum hver ofan á öðrum og auka þannig fjölda þeirra til að eyða trjánum en áttar sig fljótt á því að best sé að eyða trjánum á meðan þau eru lítil og helst áður en þau spíra.

Ýmsar greiningar hafa verið gerðar á hlutverki baobab-trjánna í sögunni og telja flestir að þau tákni ill öfl eða illar og skaðlegar hugsanir sem verður að uppræta strax áður en þær ná að skjóta rótum. Vert er að geta þess að höfundur bókarinnar var flugmaður í seinni heimsstyrjöldinni og segja sumir að illu baobab-trén í sögunni séu táknmynd nasisma.

### *Baobab-nytjar*

Auk þess sem fuglar gera sér hreiður í greinum baobab-þykkblöðunga hýsa plönturnar heilu vistkerfin sem rúma meðal annars sveppi, leðurblökur, kamelljón, snáka og fjöldann allan af skordýrum.

Mannfólkið nýtir laufblöðin í salat og soðið er sagt að laufið bragðist svipað og spínat og það er nýtt til lækninga. Aldinkjötið er étið beint úr aldininu. Aldinið er soðið í mauk og það notað til að búa til ís sem kallast gelado de múcua. Það er einnig þurrkað og mulið í duft sem er sagt vera fullt af vítamínum. Börkurinn er trefjaríkur og notaður til vefnaðar í reipi, körfur, klæði og höfuðföt.

Fræ A. grandidieri og A. za þykja góð fersk og ristuð og eru stundum pressuð í jurtaolíu. Í Tansaníu eru mulin fræ, A. digitata, blönduð með sykurreyr til að flýta fyrir gerjun við bjórgerð.

Innfæddir í Ástralíu vefja rótartrefjar, A. gregorii, í spotta og nýta aldinið í skrautmuni og fræolíuna í rakakrem. Auk þess sem vinna má litarefni úr plöntunum.

Í títtnefndri grein Skarphéðins S. Þórissonar segir að sum stór baobab séu hol að innan og önnur holuð af mönnum. Rými er nýtt sem geymslur, salerni, heimili, fangelsi, verslanir og veitingahús. Í Sambíu er að finna tré sem getur hýst 40 manns. Því er líka trúað að ekkert geti grandað þeim sem fela sig inni í holu baobab og því konum og börnum troðið í holur í trjánum þegar hætta steðjar að.

### *Gömul baobab drepast vegna veðurfarsbreytinga*

Nokkur af elstu baobab í Afríku hafa drepist síðustu árin. Talið er að trén, sem eru milli 1.100 og 2.500 ára gömul, hafi drepist vegna veðurfarsbreytinga í kjölfar hlýnunar jarðar.

Síðustu tólf ár hafa níu af þrettán elstu plöntunum drepist eða drepist að hluta. Óvenjulegt er að svo mörg gömul baobab drepist á svo skömmum tíma og er talið að ástæða þess séu veðurfarsbreytingar af manna völdum.

Á árunum 2005 til 2017 var safnað upplýsingum um sextíu elstu og stærstu baobab-plöntur í Afríku og þær mældar og skoðaðar í bak og fyrir. Tilgangur rannsóknanna var meðal annars að komast að því hvernig plönturnar ná eins háum eldri og raun ber vitni.

Til þessa hafa baobab-plönturnar staðið af sér aldalangan ágang dýra og lifað af skógarelda og langa þurrka án þess að láta á sjá. Núverandi veðurfarsbreytingar vegna hlýnunar jarða virðist ætla að vera þeim um megn. Baobab gæti því áður en langt er um liðið bæst á minningarlista yfir útdauðar tegundir af mannavöldum.

# Reynslusögur af skógarhöggsvélum

**Fyrir áratug eða svo juku Héraðs- og Austurlandsskógar áherslu á umhirðu ungskóga á Fljótsdalshéraði og umsvif snemmgrisjunar urðu áberandi allt í kringum Lagarfljótið. Víða mátti heyra í keðjusögum. Skógurinn er þarna enn og ef þið hlustið vel heyrist kannski enn í keðjusögum verktakanna þrátt fyrir að nú séu margir komnir með hljóðlátar rafmagnskeðjusagir.**

Eitt vinnuteymanna var skipað þeim Borgþóri Jónssyni, skógarbónda á Hvammi, og Kristjáni Má Magnússyni, skógarbónda á Stóra-Steinsvaði, en báðir hafa þeir umtalsverða þekkingu á stórvirkum vinnuvélum. Á vormánuðum 2014 flutti fyrirtæki Kristjáns, „7, 9, 13 ehf.“, inn skógarhöggsvél af gerðinni Gremo 1050h. Það var gert í samráði við Skógrækt ríkisins og var fyrirséð að umfangsmikil vinna biði nú í skógum sem beðið höfðu grisjunar vegna þess að ekki borgaði sig að vinna verkið með keðjusög. Ári seinna flutti Kristján Már inn útkeyrsluvél af sömu tegund.



Gremo, fyrsta stórvirka skógarhöggsvélin á Íslandi, við grisjun á stórgreinóttri stafafuru. Mynd / Pétur Halldórsson

### *Fyrsta högg Gremo*

Nú eru fimm ár liðin frá því fyrsti skógarreiturinn, lerki í Mjóanesi á Völlum á Fljótsdalshéraði, var grisjaður með Gremo-vélinni. Þar sýndi sig útsjónarsemi skógarhöggsmannsins og tækjalagni vélamannsins. Um ári síðar var Óskar Grönholm ráðinn skógvélamaður til að stýra skógarhöggsvélinni. Óskar lærði í Finnlandi og er eini Íslendingurinn sem lokið hefur námi í skógvélatækni frá viðurkenndum skógtækniskóla. Mælieiningin rúmmetri ($m^3$) er notuð þegar talað er um afköst í grisjun og er átt við samanlagt rúmmál trjábola sem eru felldir. Á fyrsta árinu, 2014, voru sagaðir 1.500 $m^3$ og næstu ár á eftir voru sagaðir um 2.000 $m^3$ ár hvert. Þetta þykja kannski ekki ýkja háar tölur ef miðað er við afköst erlendis en þessir skógarreitir sem hér um ræðir eru vart hæfir til samanburðar við reiti í rótgrónum skógum nágrannalandanna. Auk þess hafa grisjunarverkefnin einungis dugað til vinnu hálft árið eða svo.



Staflað í stæður eftir útkeyrslu á Gremo. Mynd / Hreinn Óskarsson



Gripklippur Sveins Ingimarssonar halda uppi lerkitré. Mynd / Þór Þorfinnsson



Danir grisja sitkagreni í Skorradal á Timberjack skógarhöggsvél. Mynd / Hreinn Óskarsson



Högghaus Sorpu prófaður í Heiðmörk. Mynd / Hreinn Óskarsson

### *Skógarauðlindin dafnar*

Kristján segir reynsluna af skógarhöggsvélinni síðustu fimm ár hafa verið upp og ofan. Tegundir eins og greni, lerki og ösp eru mjög viðráðanlegar en það sama er ekki hægt að segja um stafafuruna.

„Verkefnin hafa verið fjölbreytt en mest hefur þó verið sagað af afleitri stafafuru, við erum að saga um 50 ára gamla skóga og þá var mikið notað af kvæminu Skagway, en það er agalegt kvæmi,“ segir Kristján um blessaða stafafuruna og lýsir henni sem grófgreinóttri og margstofna.

„Á þessum tíma, þegar þau tré sem við erum að saga núna voru gróðursett, voru menn meira að hugsa um lifun en gæði. Nú eru valin betri kvæmi og ég held að skógarbændur séu almennt farnir að sinna skóginum sínum betur með tvítoppaklippingu, uppkvistun og snemmgrisjun.“ Hann nefnir að hann hafi fest kaup á stærri og öflugri fellihaus til að ráða betur við fururnar en sá gamli var sendur til uppgerðar hjá framleiðandanum. Þaðan fékk Kristján þau skilaboð að álíka meðferð á fellihaus hefði sjaldan sést. En skógarnir vaxa sem aldrei fyrr og verkefni fyrir skógarhöggsvélina verða fleiri með hverju árinu. Kristján kveðst því vera bjartsýnn fyrir hönd íslenskrar skógræktar.



Græni drekinn, Menzi Muck A91 4x4 plus, að vinna við brattar aðstæður. Þetta var fyrsta vélin sem talist getur sérhæfð skógarhöggsvél og var flutt inn í október 2006. Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 var stórlega skorið niður í skógrækt og urðu verkefni fyrir „Græna drekann“ fá eftir það. Eigandinn, Guðjón Helgi Ólafsson, neyddist því til að selja vélina úr landi í október 2009. Mynd / Hreinn Óskarsson

### *Reynsla af fleiri skógarhöggsvélum hér á landi*

Fáar stórar skógarhöggsvélar hafa verið notaðar á Íslandi í gegnum tíðina. Þar til Gremo-vél Kristjáns Más kom til sögunnar hafa tvær grisjunarvélar verið reyndar hérlendis. Sú fyrsta sem talist getur sérhæfð skógarhöggsvél, var flutt inn í október 2006 og var í eigu Guðjóns Helga Ólafssonar. Hún bar viðurnefnið „Græni drekinn“ og var af gerðinni Menzi Muck A91 4x4 plus. Hún var mjög lipur og skildi eftir sig mun mjórri vinnubrautir en aðrar vélar gera. Vélin var útbúin fellihaus sem réð vel við greinastórar og kræklóttar furur. Einnig hentaði hún vel í ýmis bústörf sem grafa, meira að segja til gróðursetningar, en hún var búin sérstökum gróðursetningarhaus. Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 var stórlega skorið niður í skógrækt og urðu verkefni fyrir „Græna drekann“ fá eftir það. Guðjón neyddist því til að selja og fór vélin úr landi í október 2009.



Einar Örn Guðsteinsson hefur sinnt grisjunarverkefnum í áratug. Mynd / Þór Þorfinnsson

Það kann að hljóma undarlega en síðar það sama ár var næsta skógarhöggsvél flutt inn. Hún var flutt inn fyrir afmarkað verkefni og var af gerðinni Timberjack 1470. Þetta var dönsk vél og var stýrimaðurinn líka danskur. Verkefnið var greinireitur í Skorradal og var eins konar undanfari að „Elkem-ævintýrinu“. Að verki loknu, eða strax í byrjun næsta árs, var danska grisjunarvélin aftur flutt úr landi. Aldrei áður hefur einn kaupandi keypt svo mikið timbur af Skógræktinni, hvorki fyrr né síðar.

### *Annað vélvætt skógarhögg*

Þótt þessi samantekt fjalli um skógarhöggsvélar má vissulega minnast líka á þá skógarhöggshausa sem keyptir hafa verið til landsins. Þeir eru yfirleitt tengdir við hefðbundnar beltavélar (gröfur). Þrír slíkir hausar hafa verið fluttir inn. Sorpa í Reykjavík flutti þann fyrsta inn árið 2004 til að afgreina tré úr einkagörðum en hann var einnig reyndur við grisjun í Heiðmörk. Hann var að gerðinni Log Max.

Þegar kyndistöð Skógarorku á Hallormsstað var stofnsett, árið 2009, þurfti að vera til brenni fyrir hana. Árin 2008 til 2015 stóð yfir umfangsmesta grisjun sem boðin hefur verið út á Íslandi. Árið 2010 keypti Sveinn Ingimarsson, skógarbóndi á Sturluflöt í Fljótsdal, til landsins grip- og klippikló af gerðinni Pentin Paja og sama ár flutti Einar Örn Guðsteinsson, skógarbóndi á Skeggjastöðum í Fellum, inn fellihaus af gerðinni Keto 51. Árið 2009 voru teknir út 1.000 m3 úr reitnum og í lok verks höfðu þeir samanlagt lokið við grisjun og útkeyrslu á 100 hekturum. Einar hefur allar götur síðan sinnt grisjunarverkefnum, ýmist fyrir Skógræktina á Hallormsstað eða skógarbændur á Héraði, og er þar af nægu að taka. Grisjun hjá Einari er íhlaupavinna og hefur hann verið að saga frá 300 m3–500 m3 á vetri. Auk skógarhöggsins vinnur hann sem verktaki við ýmis önnur verkefni og er sauðfjárbóndi í ofanálag.

### *Fallin spýta*

Þegar skyggnst er til baka má sjá að gengið hefur á ýmsu. Ef ekki væri fyrir framsækna frumkvöðla værum við stutt á veg komin við vélvætt skógarhögg. Skógarnir vaxa og samfélagið, loftslagið og efnahagur þjóðarinnar nýtur góðs af. Aukin vélvædd grisjun hefur í för með sér meira af föllnu timbri.

Viðarvinnslur eru ekki lengur einungis á herðum Skógræktarinnar heldur eru einkaaðilar farnir að áframvinna timbrið og ýmislegt hangir á spýtunni, vítt og breitt um landið. Skógurinn er þarna enn og ef við erum góð að rækta skóg munum við í auknum mæli heyra timbur falla í öllum landshlutum.

*Hlynur Gauti Sigurðsson*
*framkvæmdastjóri*
*Landssamtaka skógareigenda (LSE)*

Unnið á vinnslusvæði Sorpu.






**Sælureitur**

Bjóðum vönduð heilsárshús, hönnuð og framleidd fyrir íslenskar aðstæður sem henta jafnt sem lítil íbúðarhús, sumarhús og til útleigu.

- Vönduð viðarklæðning á veggjum í lit að eigin vali.
- 150mm einangrun í gólfi og veggjum.
- 225mm einangrun í lofti.
- Vandað vinilparket á gólfum.
- 18m² viðarpallur fylgir með.
- **Þetta hús er einnig fáanlegt 35 og 40m².**



Fullbúið 31m² hús með gólfefnum, húsgögnum og palli.

Verð aðeins
kr. **6.990.000**
án vsk (8.667.600 m. vsk)*

Öll húsin eru íslensk hönnun og byggðar í samræmi við íslenskar byggingareglugerðir.

**Náttstaður**

Bjóðum fullbúið 40m² heilsárshús með 2 íbúðum sem hentar mjög vel til útleigu eða sem aðstaða fyrir starfsmenn.



- Vönduð viðarklæðning á veggjum í lit að eigin vali.
- 150mm einangrun í gólfi og veggjum.
- 225mm einangrun í lofti..
- Vandað vinilparket á gólfum.
- Góð hljóðeinangrun á milli herbergja.
- 22m² viðarpallur fylgir með.

Fullbúið hús með gólfefnum, húsgögnum og palli.

Tilboðsverð
kr. **7.980.000**
án vsk (9.895.200 m. vsk)*

Öll húsin eru íslensk hönnun og byggðar í samræmi við íslenskar byggingareglugerðir.

*Öll verð miðast við gengi EUR 133.

JÖTUNN BYGGINGAR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Sími 480 0480 // byggingar@jotunn.is // www.jotunn.is

SULKY

**Vortilboð á áburðardreifurum, pinnatæturum og sáningarvélum.**

Bjóðum **15% afslátt** á síðustu tækjunum frá Sulky þetta vorið.






VÉLAVAL
560 VARMAHLÍÐ
453 8888 - velaval.is




**FLOTFATNAÐUR**
**- fyrir allar aðstæður**



**Frístunda- og atvinnufatnaður frá REGATTA**

**Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna**

ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

i-mop revolutionary cleaning



Bylting í hreinlæti!

i-mop XL - Gólfþvottavél sem auðveldar þrif, sparar tíma og léttir lífið. Hafðu samband og pantaðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki

Sjá nánar á:
i-teamglobal.com

Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • aflvelar.is • sala@aflvelar.is

AFLVÉLAR

**Lely Center Ísland**

# VARAHLUTIR Í DRÁTTARVÉLAR




**Útvegum varahluti í gömlu vélarnar**

**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – vbl.is

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Begónía. Laufblöðin eru oft mjög litrík og sérkennileg.

# Skáblað í garðinn og stofuna

Áhugafólk um pottaplöntur, sem hefur farið mjög fjölgandi undanfarin misseri og ár, þekkir vel til ýmissa afbrigða begónía. Þessar blómríku plöntur bjóða upp á mikið litaúrval og ekki spillir fyrir að laufblöðin eru oft mjög litrík og sérkennileg.

Þau eru ólík blöðum flestra annarra plantna því annar helmingur hvers laufblaðs er stærri en hinn og gefur það plöntunni óvenjulegt útlit. Af þessu útlitseinkenni er íslenska heitið skáblað dregið. Annað sem gerir laufblöðin ólík öðrum algengum plöntum er að hægt er að skera búta af þeim og nota sem græðlinga til fjölgunar. Begónía, eða öllu heldur skáblað, hefur stökka stöngla og blaðstilka sem geta verið nokkuð brothættir og ætti því að meðhöndla þær varlega við umpottun og gróðursetningu.



Gul Begónía.

### Blómríkt garðskrúð

Útibegóníur sem hér fást eru af harðgerðari yrkjahópum en þær sem notaðar eru sem stofublóm. Þær hafa verið í boði á vorin og sumrin í garðplöntustöðvum og blómaverslunum og njóta sífellt meiri vinsælda. Þegar frosthætta er liðin hjá er tilvalið að setja þær í blómaker á valda staði í heimilisgarðinn, til dæmis á veröndina eða hlý blómabeð, þó ekki nauðsynlega þar sem birtan er mest því þetta eru hálfgerðar skuggaplöntur. Litaúrvalið er mikið en mest ber á rauðum, hvítum og bleikum blómum.

Tveir tegundahópar eru algengastir, annars vegar „Elatior“ og hins vegar „Semperflorens“. Sú fyrri verður hávaxnari, með uppréttum blómum og er algengari í ræktun. Hin tegundin er talin harðgerðari í görðum hér og er fremur lágvaxin og ber blómin á hangandi blómstilkum. Báðar gerðirnar fást í mörgum litum, fylltar og einfaldar og eru mikil garðaprýði yfir sumartímann.

Þessar tegundir hafa verið notaðar sem pottaplöntur en reynslan hefur sýnt að þær standa mun lengur í blóma utanhúss, þar sem er svalara en inni og þær verða hraustar og fallegar allt sumarið. Til að svo verði þurfa þær góða gróðurmold, skjól og jafna vökvun, en rætur plantnanna eru fíngerðar og ekki ýkja kröftugar.

### Kóngaskáblað er stofublóm

Sömu tegundir má nota sem stofublóm en þar koma einnig aðrar gerðir við sögu og er meiri áhersla lögð á blaðlögun, blaðstærð og liti þeirra. Hér er aðallega notað kóngaskáblað, sem er samheiti yfir hóp blendinga og fæst í ótal afbrigðum, sérstaklega hvað varðar lit og oft furðulega snúna lögun laufblaðanna. Þau eru líka sérkennilega loðin og hrjúf á neðra borði. Plönturnar þola vel að vera klipptar niður öðru hvoru til að þær viðhaldi fallegri lögun og þéttu vaxtarlagi.

Kóngaskáblað myndar auðveldlega nýja sprota eftir klippingu. Það sem helst er til vandræða er að lofthiti innanhúss er yfirleitt í hærri kantinum, sérstaklega fyrir þær sem eiga að blómstra mikið. Hitastig á milli 15 og 22°C hentar henni best. Loftraki í heimahúsum er einnig í lægri kantinum fyrir þær. Kóngaskáblað ætti ekki að standa í beinni sól nema kannski á veturna. Sé plantan höfð í víðum potti getur hún náð álitlegri stærð, myndað allþykkan jarðstöngul og lifað árum saman. Kóngaskáblað þarf minni áburðargjöf en margar aðrar „grænar“ pottaplöntur og best er ef hún er vökvuð neðan frá, í pottahlífina og umframvatni hellt af henni þegar jarðvegurinn er orðinn rakur.

*Ingólfur Guðnason*, **brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu LBHÍ, Reykjum**



Begóníur með blönduðum litum.

UTAN ÚR HEIMI



Landbúnaðarhúsið er hugmynd austurrísku arkitektahjónanna Chris og Fei Precht þar sem fara saman íbúðir og ræktun á matvælum.

# Landbúnaður færður inn í borgirnar

**Landbúnaðarhúsið eftir austurrísku arkitektastofuna Precht hefur vakið heimsathygli en hugmynd að byggingunni er hugarfóstur hjónanna Chris og Fei Precht sem ventu kvæðu sínu í kross fyrir nokkrum árum og ákváðu að flytja skrifstofu sína úr miðborg Beijing í Kína og upp í fjöllin í Austurríki. Þar hafa þau náð betri tengingu við náttúruna og ekki hvað síst við matvælin sem þau rækta nú sjálf og neyta. Út frá þessum breytta lífsstíl fengu þau hugmyndina að Landbúnaðarhúsinu.**

Hjónin þróuðu mátbyggingarkerfi til að byggja landbúnaðarhúsið sem er ætlað að kanna tengsl fólks við matvælin sem það neytir og með verkefninu vildu þau tengja arkitektúr við landbúnað. Hjónin Chris og Fei Precht eru hugmyndasmiðir að byggingunni en fyrir tveimur árum fluttu þau skrifstofu sína úr miðborg Beijing yfir í fjöllin í Austurríki þar sem þau lifa og starfa í dag. Þau reyna að vera eins sjálfbær og mögulegt er og rækta mest allan mat sjálf til eigin neyslu og kaupa það sem upp á vantar hjá bændum í nágrenninu. Eftir þessa miklu breytingu á lífsstíl hafa þau allt aðra tengingu við mat að eigin sögn og benda til dæmis á að tómatur sem þau rækta hjá sér bragðist allt öðruvísi en tómatur sem búið er að flytja heimshorna á milli. Þar sem þau átta sig á því að þeirra lífsstíll getur ekki hentað öllum þá vilja þau reyna að þróa verkefni sem færir mat aftur til fólks sem býr í borgum og er landbúnaðarhúsið eitt af þeim verkefnum.



Arkitektarnir horfa í kosti þess að byggja landbúnaðarhúsið úr timbri þar sem kolefnisspor við framleiðslu þess er mun minna en til dæmis við framleiðslu á járni og steypu.

### Hringrás og lítil sóun

„Næstu 50 árin verður meiri matar neytt en síðustu 10 þúsund ár til samans og 80 prósent af matnum verður neytt í borgum heimsins. Það er því ljóst að við verðum að finna leið til vistfræðilegra valmöguleika á móti því matvælakerfi sem við lifum við í dag. Hvar og hvenær við ræktum og borðum. Lykilatriði í þessari breytingu verða lífrænn landbúnaður, hrein matvæli, félagsleg uppspretta og „bóndabærinn að borðinu“. Því verður fólk í borgum að geta haft möguleikann á að rækta í það minnsta hluta af því sem það neytir sjálft, þó ekki væri nema til að stytta birgðakeðjuna og að minnka notkun á umbúðum,“ segir Chris og bætir við:

„Landbúnaðarhúsið okkar er, ásamt því að vera íbúðarhúsnæði, rekið áfram af lífrænum líftíma aukaafurða inni í byggingunni en hugmyndin er að þar geti fólk ræktað sjálft eigin matvæli. Byggingar skapa nú þegar mikinn hita sem er hægt að nota einnig til dæmis við ræktun á kartöflum, hnetum og baunum. Vatnskerfi í húsinu hefur síur fyrir regnvatn sem auðgar það með næringarefnum og fer í hringrás aftur inn í gróðurhúsið. Matarsóuninni, sem á sér stað innan byggingarinnar, er hægt að safna saman niðri í kjallara sem breytt er í rotmassa og notað aftur til að rækta meiri mat. Þannig getur landbúnaðarhúsið líka orðið kennslustöð fyrir fólk þar sem það verður ekki lengur hulin ráðgáta hvaðan maturinn kemur og hvernig hann hafnar á diskum þess.“

Landbúnaðarhúsið er byggt úr tré en aðalbygging þess er úr krossuðum lagskiptum timburpanelum sem notaðir eru til að þróa strúktúr mátkerfisins. Líta arkitektarnir á kosti þess að nota timbur sem er nákvæmt í framleiðslu, auðvelt að flytja og setja upp. Einnig þurfi mun minni orku til að framleiða efnið en til dæmis stál eða steypu. */ehg*

LESENDABÁS

# Innflutningur á ófrosnu hráketi og öðru hrámeti

**Góðu alþingismenn og embættismenn! Standið gegn frumvarpi landbúnaðarráðherra um leyfi til innflutnings á ófrosnu hráketi og hrámeti öðru. – Það er í bráð og lengd hættulegt mönnum og dýrum, ef gefið verður eftir.**



Sigurður Sigurðarson.

Ástæðan er sú að íslenskir dýrastofnar hafa verið lengi einangraðir og því varnarlitlir gegn smitefnum, sem ekki hafa borist hingað áður. Margoft hafa áður óþekktir smitsjúkdómar borist til landsins með ógætilegum og óþörfum innflutningi og valdið stórfelldu tjóni og erfiðleikum. Frumvarp ráðherrans um breytingar á lögum um dýrasjúkdóma hefur auk þess í för með sér aukna hættu á innflutningi sýklastofna, sem engin lyf vinna á. Það er hættulegt heilsu manna og dýra.

Viðnámsaðgerðir og varúðarráðstafanir til að draga úr eða koma í veg fyrir slíka hættu hafa fæstar komið að nokkru gagni. Svo mun vera um viðnámsaðgerðir og tryggingar, sem teflt hefur verið fram nú. Þær eru sýnist mér að mestum hluta hjóm eða blekkingaleikur. Menn virðast hrekjast undan þrýstingi hagsmunaafla innanlands og reglum erlendis frá, sem ekki eru heilagar. Þær eiga sumar alls ekki við hér á landi, hægt að mótmæla og verjast og berjast fyrir rétti okkar.

Landbúnaðarráðherra á sjálfur að standa í fararbroddi í vörninni en ekki ýta ábyrgðinni yfir á aðra eins og hann hefur gert. Af hverju er hann að bregðast í stað þess að berjast?

***Dýralæknar virðast láta blekkjast***

Mér virðist að nokkrir dýralæknar, meira segja dýralæknar í hæstu stöðum, séu, svo ótrúlegt sem það er, um það bil að láta blekkjast til fylgis við þetta ógæfulega viðhorf og geti með afstöðu sinni svikið skjólstæðinga okkar, dýrin, og bregðast í vörninni í stað þess að berjast fyrir rétti dýra og landsmanna eins og þeim er skylt. Sjáið að ykkur, góðir kollegar, standið á vakt og bilið ekki. Vörnin er til, ef viljann skortir ekki. Fellið þetta frumvarp.

***Það þarf að standa í fæturna***

Það er hræðsluáróður og ósæmileg ógnun, að fullyrða að óreyndu að spillt verði fyrir sölu á fiski frá Íslandi, ef við samþykkjum ekki þetta mál.

Orkumálin og sala á sjávarafurðunum eru lífsgrunnur okkar nú og í framtíðinni. Svo slæmir eru viðsemjendur okkar ekki og vinir að fornu og nýju, að þeir vilji taka fyrir kverkar okkar. Þeim er skylt að sýna skilning samkvæmt samningum, en til þess má heimavarnarliðið ekki bregðast. Það þarf að standa í fæturna, rökstyðja okkar málstað og berjast fram í rauðan dauðann. Grípið til duglegra varna, stjórnmálamenn og dýralæknar. Herðið bein í nefi. Þar er varla eintómt brjósk.

***Tryggingar dugðu ekki þegar á reyndi***

Meira en hálfa ævina hef ég ásamt fleirum verið að berjast gegn afleiðingum óviturlegra ákvarðana stjórnvalda, m.a. um innflutning af ýmsu tagi, sem allar áttu að hafa bestu tryggingar gegn hugsanlegum hættum en dugðu ekki, þegar á reyndi. Barátta hefur samt skilað árangri. Mörgum innfluttum smitsjúkdómum hefur verið útrýmt á löngum tíma með ærnum kostnaði og fórnum.

Ég hef margra áratuga reynslu í þessum efnum og vil ekki að við þurfum að heyja mörg fleiri stríð af sama tagi. Hver er nauðsyn þess að samþykkja þetta nú?

Hættan blasir við, ef slegið er undan og stjórnvöld sýna kæruleysi við varnir eins og nú virðist vera. Ég hef ekki séð rök fyrir því annað en ótta við illskeyttar hefndaraðgerðir stofnana Evrópubandalagsins, sem hægt er að verjast eins og í Icesave-málinu, ef vilji og staðfesta er fyrir hendi hjá stjórnmálamönnum.

*5, maí 2019*
***Sigurður Sigurðarson***
*dýralæknir frá Keldum*














Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300




Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 29. maí

UTAN ÚR HEIMI



Hitar og þurrkar ollu því að uppskera í Norður-Kóreu var með allra minnsta móti á síðasta ári.

Norður-Kórea:

# Lakasta uppskera í áratug og fæðuskortur í landinu

**Uppskera í Norður-Kóreu hefur verið lítil undanfarinn tíu ár en var með allra minnsta móti á síðasta ári. Talið er að hátt í tíu milljón manns í landinu sem lifi við skort þurfi enn að herða sultarólina.**

Samkvæmt nýlegri skýrslu Sameinuðu þjóðanna segir að viðvarandi matvælaskortur í Norður-Kóreu sé kominn á hættulegt stig og að útlit sé fyrir að íbúar landsins þurfi enn að draga úr neyslu. Talin er hætta á að birgðir í landinu dugi ekki til að framfleyta þjóðinni fram yfir næsta uppskerutíma.

### *Hitar og þurrkar*

Uppskera undanfarin tíu ár hefur verið með lakasta móti og var með afbrigðum léleg á síðasta ári vegna hita og þurrka í landinu. Í skýrslunni segir að skortur á eldsneyti, áburði og varahlutum í landbúnaðartæki hafi einnig letjandi áhrif á möguleika íbúa landsins til að auka uppskeruna. Auk þess sem slæmar aðstæður til geymslu á uppskerunni valdi því að mikið af henni skemmist.

### *Lágmarksskammtur af hrísgrjónum*

Ástandið er talið verst þegar kemur að kornabörnum og ófrískum konum, sem í mörgum tilfellum þjást þegar af næringarskorti og sagt er að stór hluti þjóðarinnar dragi fram lífið á lágmarksskammt af hrísgrjónum frá degi til dags.

Í skýrslunni er mælt með að íbúum Norður-Kóreu verði veitt matvælaaðstoð sem fyrst og að átak verði gert í að vélvæða landbúnað í landinu til að ýta undir aukna matvælaframleiðslu. /VH

Skógareyðing á heimsvísu 2018:

# Milljónir hektara felldir af hitabeltisskógum

**Gervihnattamyndir sýna að milljónir hektara af hitabeltis-regnskógum voru felldir á síðasta ári til þess að ala nautgripi og rækta kakó og olíupálma.**

Mest var skógareyðingin í Brasilíu þar sem skógar á friðlandi og á landi frumbyggja voru felldir ólöglega. Eyðing skóga var einnig gríðarleg í Kongó og Indónesíu.

Góðu fréttirnar eru að gervihnattamyndirnar sýna að skógareyðingin hefur dregist saman miðað við árin 2017 og 2016. Þrátt fyrir það segja fulltrúar Global Forest Watch að ástandið sé grafalvarlegt og að setja verði náttúrulega skóga í gjörgæslu til að sporna við áframhaldandi eyðingu þeirra.



Milljónir hektara af ósnertum frumskógi í hitabeltinu urðu keðju-söginni að bráð á síðasta ári.

Tallið er að alls hafi 3,6 milljónir hektara af ósnertum frumskógi í hitabeltinu orðið keðjusöginni að bráð á síðasta ári. /VH

Léttu þér lífið
PIN CODE ALARM
Sláttu-ROBOT
Husqvarna

MHG VERSLUN
S: 544-4656

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku – *þriðji hluti*

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com



**Hið árlega og þekkta danska fagþing nautgriparæktarinnar var haldið á dögunum og venju samkvæmt voru þar flutt mörg áhugaverð og framsækin erindi og þó svo að mörg þeirra lúti sér í lagi að danskri nautgriparækt eru alltaf margir fyrirlestrar sem eiga ekki síður erindi við alla þá sem stunda nautgriparækt í Evrópu. Fer hér þriðji og síðasti hluti umfjöllunar um þetta þekkta fagþing sem innihélt 68 erindi í 10 ólíkum málstofum.**



Fleiri og fleiri danskir kúabændur nota orðið kyngreint sæði til að bæta reksturinn og geta því valið að fá kvígu til mjólkurframleiðslu frá bestu kúnum og sætt hinar kýrnar með holdanautasæði sem einnig en kyngreint og gefur þá nautkálfsblendinga.

### *7. Vinna á kúabúum*

Þessi málstofa er ný á danska fagþinginu en hún er sérstaklega ætluð erlendu starfsfólki á dönskum kúabúum. Hugmyndin með þessari málstofu er að þarna geti erlent starfsfólk sótt sér sérhæfðan fróðleik sem er sérstaklega sniðinn að hefðbundinni daglegri vinnu á kúabúum eins og t.d. umhirðu kálfa, mjöltum og eftirliti með júgurheilbrigði, beiðslisgreiningu og fleira mætti nefna. Í málstofunni var einnig gerður sérstakur gaumur að því hvernig best sé að samlagast dönsku samfélagi, hvað erlendir borgarar þurfi að læra og skilja varðandi danskt samfélag. Hvernig gott sé að standa að því að læra málið og þar fram eftir götunum. Virkilega gott skref sem þarna var tekið enda er erlent vinnuafl í dönskum landbúnaði afar mikilvægt og framlag þessa góða fólks eitt af því sem heldur þarlendum landbúnaði í fremstu röð.

### *8. Búrekstur*

Í þessari málstofu voru haldin 7 erindi en flest þeirra sneru að málefnum sem sérstaklega varða danskan landbúnað. Það voru þó tvö erindi sem eiga einnig beint erindi til íslenskra bænda og sneri annað þeirra að þeirri staðreynd að rekstur kúabús og rekstur heimilis er oftar en ekki nátengt. Fyrir vikið er heimilið oft undir ef t.d. heilsan brestur eða ef alvarleg slys verða.

Það var ráðgjafarfyrirtækið Centrovice sem fór yfir þessi málefni og var þar m.a. komið inn á það að kúabændur þurfi og eigi að velta því fyrir sér hvernig yrði séð fyrir búrekstrinum t.d. ef hjón skilja, alvarleg slys verða eða ef um jafn hörmulegan atburð og andlát væri að ræða. Þetta sögðu ráðgjafar Centrovice oft erfitt að ræða við bændur enda eru alvarleg áföll oft ansi fjarræn, en vissulega er möguleikinn til staðar og ábyrgðarfullir kúabændur þurfi að vera búnir að gera ráðstafanir sem tryggja bæði búskapinn og heimilið. Í Danmörku er t.d. frekar óalgengt að bændur geri erfðaskrár, nokkuð sem allir í rekstri ættu umsvifalaust að gera. Þá sýnir dönsk reynsla að ef eitthvað alvarlegt kemur upp á, þá fer reksturinn oft á hliðina af því að búrekstur-inn var í raun ekki búinn undir það að lenda í neinu áfalli. Það væru hins vegar til tilfelli þar sem bændurnir hafi gert áætlun sem yrði virkjuð ef eitthvað kæmi upp á og í þeim tilfellum sér mikinn mun á rekstrinum eins og t.d. við skilnað hjóna en ef kaupmáli hefur verið gerður reynist oftast mun auðveldara að halda áfram búrekstri svo dæmi sé tekið.

Hitt erindið var sérlega áhugavert en það sneri að því hvernig bæta megi rekstur kúabúa með því að horfa fyrst og fremst á allt sem flokkast undir sóun á búinu. Þetta getur t.d. verið sóun á tíma, þ.a. léleg nýting dagvinnunnar, sóun á fóðri, aðföngum og margt mætti taka til.

Þetta erindi var flutt af reynslumiklum héraðsráðunautum sem lögðu það til að ef kúabændur hafa raunverulegan áhuga á því að bæta reksturinn hjá sér þá þurfi þeir að horfa alvarlega á allt sviðið sem búreksturinn nær yfir og greina það hvar megi bæta úr. Sérlega gott sé að bera saman sambærileg bú og skoða þannig hvar aðrir eru að standa sig betur, það auðveldi leitina að sóuninni en auðvitað má finna hvar sóun verður líka með því einfaldlega að opna augun fyrir sóuninni.

Þau tóku sem dæmi um sóun mikinn fóðurslæðing eða mikið magn af moði sem sýndi fyrst og fremst að fóðrunin væri röng. Annað dæmi var um uppeldi á kvígum og fyrsta burðaraldur en sumir láta kvígurnar bera fyrsta sinni þegar þær eru 25 mánaða eða eldri. Þetta er hrein og klár sóun enda löngu þekkt að ef þær bera 23–24 mánaða þá skila þær meiri hagnaði á lífsleiðinni en hinar sem bera eldri. Þær þurfi þó að vera vel við vöxt og þroska og það beinir spjótunum að sóun á vaxtargetu kálfa og svona er lengi hægt að halda áfram.

Fleiri dæmi mætti nefna eins og sóun á framleiðslugetu kúa með því að láta þær standa og bíða eftir mjöltum, vinnu bænda við að sækja kýr í mjaltir í mjaltaþjónafjósum og þar fram eftir götunum.

Í Danmörku hafa kúabændur sérlega gott aðgengi að gagnagrunni um eigin búrekstur og geta þeir borið saman ýmsa þætti við önnur kúabú eins og t.d. sæðingar- og burðaraldur, þroska á kvígum og ýmsa fleiri þætti sem hjálpa þeim að ná betri árangri. Í þessum sama gagnagrunni geta bændur séð afar skýrt hvað sóunin kostar þá í raun og veru en oft kemur það bændum á óvart hvað það er í rauninni dýrt að fá dauðfæddan kálf, hvað ótímabær slátrun er í raun kostnaðarsöm, hvað röng fóðrun er í raun dýr eða hvað það kostar í raun að láta kýr standa og bíða eftir einhverju í stað þess að nýta tímann í að éta eða framleiða mjólk. Þessi kostnaður er auðvitað misjafn á milli landa en t.d. í Danmörku er dauðfæddur kálfur metinn sem kostnaður upp á um 40 þúsund íslenskar krónur og hver klukkutími sem við látum kýrnar standa og bíða eftir t.d. mjöltum eða hverju öðru sem er þá tapast 1,5 lítrar af mjólk á hverja kú.

### *9. Heilbrigðismál*

Málstofan um heilbrigðismál í dönskum kúabúskap sneri mikið til að sérstökum málum sem mest varða danska bændur en þó komu nokkur af hinum 7 erindum inn á atriði sem beint má heimfæra á íslenskar aðstæður. Þannig sneri eitt erindið að júgurbólu af völdum E. coli en sumir hafa verið að bólusetja kýrnar gegn þessari vá sem veldur skæðum tilfellum af júgurbólgu og jafnvel dauða. Reynslan frá Danmörku sýnir að bólusetning getur haft jákvæð áhrif og dregið úr áhrifum júgurbólgu vegna E. coli en þó ekki nema að hluta til. Þá mæla danskir dýralæknar með því að bólusetja einungis kýr í áhættuhópi og ekki sóa bólusetningunni á allar kýr.

Í raun er besta ráðið gegn þessu skæða júgurbólgusmiti að breyta vinnubrögðum og bæta þau. E. coli er baktería sem er víða í umhverfinu og það er ástæða fyrir því að sumir bændur ná að halda smitinu algjörlega niðri en aðrir ekki og skýringuna má finna í bústjórninni. Kýr eru t.d. viðkvæmar fyrir þessu smiti þegar afurðasemi þeirra er mest og þær sjálfar á ákveðnu aldursbili ef þær eru þá einnig á sama tíma í neikvæðu orkujafnvægi og jafnvel samhliða með slaka vítamína- og steinefnastöðu. Þá eru kýr í meiri áhættu ef þeirra nánasta umhverfi er óhreint, júgurhárum ekki haldið niðri né halahár klipt.

Afar mikilvæg er að vinnubrögðin séu kórrétt ef kýr veikjast af E. coli og þær á t.d. alltaf að setja í einangrun og þar sem þær missa oft lystina þarf að tryggja vatnsbúskap þeirra með því að dæla í þær vatni og í Danmörku er mælt með allt að 80 lítrum af orkubættu vatni á dag. Þá þarf að snúa kúnni á þriggja tíma fresti og tryggja að hún fái ferskt fóður mörgum sinnum á dag. Auk þess þarf að sjálfsögðu að kalla til dýralækni!

Annað erindi sneri að bættri mjólkurfóðrun smákálfa en þessa aðferð mætti etv. kalla þrepafóðrun og hún hefur nú verið til í rúman áratug. Hefðbundin aðferð í Danmörku, við mjólkurfóðrun Holstein kálfa, er að gefa þeim 5-6 lítra af mjólk í 50-60 daga og draga svo úr magninu niður í ekkert á fimm dögum.

Þrepafóðrunin byggir hins vegar á því að gefa kálfunum frjálst aðgengi að mjólk fyrstu 25 dagana, en draga þá úr magninu um fjórðung á 6 dögum þannig að kálfar sem eru 31 daga gamlir myndu fá u.þ.b. 6 lítra og héldu því magni nokkurnveginn fram að 45 degi er þeir eru vandir af mjólk á fimm dögum. Kálfarnir fengu því einungis mjólk í 50 daga! Rannsókn á þrepafóðrun kálfa sýnir að þeir læra betur að éta og meta fóðurbæti, en hinir sem eru á föstu magni af mjólk, og skilar það sér

beint í bættan vöxt. Í rannsókninni munaði meira en 10 kílóum að jafnaði á lífþunga 90 daga gamallra kálfa eftir því hvorri aðferðinni við mjólkurfóðrun var beitt.

### *10. Þverfagleg málefni*

Þessi málstofa er ný af nálinni á danska fagþinginu en hugsunin á bak við hana er að vera með sérstakan vettvang fyrir efni sem gengur þvert á alla sérhæfingu í búrekstri kúabúa. Að þessu sinni hafði verið safnað saman 10 erindum sem öll sneru með einum eða öðrum hætti að framtíð kúabúskapar og voru umhverfismál ofarlega á baugi í flestum erindum. Að draga úr eða jafnvel eyða að fullu sótspori nautgriparæktar er eitthvað sem horft er til í nánast öllum vestrænum löndum og hafa margir þungar áhyggjur af mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum landbúnaðar. Það kom þó skýrt fram í málstofunni að búgreinin er á hraðleið í rétta átt og hefur verið í mörg ár. Sótspor greinarinnar minnkar nánast dag frá degi með bættri tækni, bættum rekstri, aukinni sérhæfingu og aukinni framleiðni vinnuafls og gripa.

Ein áhugaverð leið sem nefnd var til að draga úr sótspori mjólkurframleiðslunnar er að nota kyngreint sæði á betri kýrnar og kvígurnar og sæða svo aðrar kýr, sem ekki þarf að nota til áframhaldandi ræktkunar, með holdanautasæði. Með því fæðast miklu fleiri nautkálfar sem eru blendingar og henta því betur til kjötframleiðslu, eru hagkvæmari og hafa mun minni áhrif á umhverfið en nautkálfar af mjólkurkúakyni. Svo virðist sem þessi aðferð við ræktun hafi nú náð fótfestu í landinu en talið er að 15% allra búa landsins notist nú við aðferðina og eykst hlutfallið á hverju ári.

Í öðru erindi var fjallað um afurðavinnsluna en stærstu afurðastöðvar Danmerkur í bæði mjólkur- og kjötvinnslu hafa markað sér skýra stefnu um að draga úr umhverfisáhrifum framleiðslunnar. Þannig kom t.d. fram að mjólk sem seld er í dag á vegum afurða-félagsins Arla er mun umhverfisvænni en sambærileg mjólk var fyrir 30 árum. Því sé m.a. að þakka aukinni sérhæfingu kúabúanna sem gerir það að verkum að að á bak við hvert kíló mjólkur er nú 23% minna sótspor en árið 1990. Þá hafi umbúðir breyst mikið á einungis rúmlega 10 árum og áhrif þeirra í dag 18% minna en þau voru árið 2005. Bæði Danish Crown, sem er afurðafélag í slátrun og vinnslu, og Arla stefna að því að árið 2050 verði ekkert sótspor af framleiðslunni, hvorki við frumframleiðsluna hjá bændum landsins né við úrvinnslu eða sölu!

Í dag er gríðarlega mikill munur á milli landa þegar horft er til sótspors mjólkurfram-leiðslunnar og því meiri sem afurðasemin er því minni eru áhrifin á hvert framleitt kíló. Ekki þarf að koma á óvart að lægsta sótsporið, í löndum Evrópusambandsins, er í Danmörku og Svíþjóð enda eru kýrnar í þessum löndum að mjólka með því mesta sem gerist í heiminum. Þau lönd sem eru með hæsta sótsporið eru allt lönd þar sem meðalafurðir kúnna eru lágar og má þar nefna lönd eins og Pólland, Eistland og Búlgaríu.

Hægt er að skoða og hlaða niður öllum erindum af fagþinginu með því að fara inn á upplýsingasíðu danska landbúnaðarins www.landbrugsinfo.dk. Þar þarf svo að velja „Kvæg“ (þ.e. nautgriparækt) og þar undir „Kvægkongressen“.



















# Angus-holdanaut frá NautÍs




Guðmundur Jóhannesson
ábyrgðarmaður í nautgriparækt
mundi@rml.is


**Holdanautakynið Aberdeen Angus kemur upprunalega frá norðausturhluta Skotlands og eru gripirnir yfirleitt svartir og kollóttir. Almennt eru þeir frekar lágvaxnir en þéttbyggðir og kynið er þekkt fyrir góða reynslu við mismunandi loftslagsskilyrði ólíkra landa. Kjötgæði eru rómuð og kjötnýting mjög góð. Aberdeen Angus hentar vel þar sem áhersla er lögð á nýtingu beitar og gróffóðurs og í Noregi er lögð rík áhersla á þessa þætti í ræktunarmarkmiðum. Auk þess er lögð mikil áhersla á góða móðureiginleika, mjólkurlagni og léttan burð, og mikil kjötgæði.**

Við val á fósturvísum til uppsetningar hérlendis var sérstaklega horft til nauta sem gefa góða móðureiginleika til uppbyggingar á Angus-holdanautastofni hérlendis. Feður þeirra nauta sem hér eru kynntir eru tveir, Li's Great Tigre NO74039 og First Boyd fra Li NO74033.

Li's Great Tigre, f. 3. janúar 2011 hjá Steinar Schanke, Marifjøra í Sogndal. Þetta er alhliða kynbótanaut sem gefur tæplega meðalstóra kálfa með léttan burð, bæði hjá kúm og kvígum, móðureiginleikar góðir, sem og framleiðslueiginleikar. Holdfylling er mjög góð.

First Boyd fra Li, f. 15. janúar 2010 hjá Steinar Schanke, Marifjøra í Sogndal. First Boyd gefur létta burði, bæði hjá kúm og kvígum, góða vaxtargetu og mikla átgetu ásamt góðri flokkun sláturgripa. Mæðraeiginleikar dætra hans, þ.e. gangur burðar og mjólkurlagni, er ekki eins góð og hjá dætrum Li's Great Tigre.

Til samanburðar við tölur um vöxt gripa á Stóra-Ármóti má nefna að Aberdeen Angus gripir á uppeldisstöðinni á Staur í Noregi voru að vaxa um 1.292-1.666 g/dag við uppgjör í apríl 2019. Í þeim hópi voru m.a. synir Li's Great Tigre NO74039. Þá má nefna að þau Angus naut sem staðið hafa til boða hérlendis um árabil, Angi 95400, Álfur 95401 og Arður 95402, náðu 966-1.280 g. vexti á dag fyrstu 12 mánuði ævinnar.



## Vísir 18400 - ET (1662742-0001)

Fæddur 30. ágúst 2018 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

| Ætt: | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Li's Great Tigre NO74039 | M. | Letti av Nordstu NO100514 |
| Ff. | Hf El Tigre 28U CA1469322 | Mf. | Dunder av Bognes NO74025 |
| Fm. | Elise fra Li NO30822 | Mm. | Janne av Nordstu NO39302 |
| Fff. | Hf Kodiak CA1274305 | Mff. | Apollo av Nordstu NO74014 |
| Ffm. | Hf Echo CA1274314 | Mfm. | Embla av Bognes NO20230 |
| Fmf. | Betong av Dagrød NO74017 | Mmf. | Hubert av Nordstu NO58979 |
| Fmm. | Signe fra Li NO26111 | Mmm. | Ulla av Nordstu NO20257 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur með sérlega miklar útlögur, bakið breitt og holdfyllt sem og malir. Holdfylling í lærum mikil og góð. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Ákaflega holdmikill og fallegur gripur.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 40 kg. Við vigtun 2. maí 2019 vóg Vísir 418 kg og hafði því vaxið um 1.543 g/dag frá fæðingu. Vísir hefur alla tíð sýnt mikla og góða vaxtargetu.



## Týr 18401 - ET (1662742-0002)

Fæddur 3. september 2018 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

| Ætt: | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Li's Great Tigre NO74039 | M. | Letti av Nordstu NO100514 |
| Ff. | Hf El Tigre 28U CA1469322 | Mf. | Dunder av Bognes NO74025 |
| Fm. | Elise fra Li NO30822 | Mm. | Janne av Nordstu NO39302 |
| Fff. | Hf Kodiak CA1274305 | Mff. | Apollo av Nordstu NO74014 |
| Ffm. | Hf Echo CA1274314 | Mfm. | Embla av Bognes NO20230 |
| Fmf. | Betong av Dagrød NO74017 | Mmf. | Hubert av Nordstu NO58979 |
| Fmm. | Signe fra Li NO26111 | Mmm. | Ulla av Nordstu NO20257 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur með miklar útlögur, bakið breitt og holdfyllt. Holdfylling á mölum og í lærum mikil. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Fallegur gripur með mikla holdfyllingu.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 42 kg. Við vigtun 2. maí 2019 vóg Týr 400 kg og hafði því vaxið um 1.481 g/dag frá fæðingu. Týr hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtargetu.



## Draumur 18402 - ET (1662742-0009)

Fæddur 12. september 2018 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

| Ætt: | | | |
|---|---|---|---|
| F. | First Boyd fra Li NO74033 | M. | Lita av Høystad NO49747 |
| Ff. | Boyd Next Day US15347911 | Mf. | Horgen Erie NO74029 |
| Fm. | Nn. fra Li NO29125 | Mm. | Nn. av Høystad NO32325 |
| Fff. | Boyd N D US13050780 | Mff. | Horgen Bror NO55754 |
| Ffm. | Boyd H. US14384341 | Mfm. | Horgen Soria NO27377 |
| Fmf. | Kronb. Apollo NO55344 | Mmf. | Kronb. Traveler NO74019 |
| Fmm. | Frøya av Li NO18124 | Mmm. | Nn. av Høystad NO29197 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur og útlögumikill með mikla holdfyllingu í baki, mölum og lærum. Malirnar breiðar og ákaflega vel gerðar. Fótstaða ákaflega bein, sterkleg, rétt og gleið. Mjög langvaxinn og vel gerður gripur.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 43 kg. Við vigtun 2. maí 2019 vóg Draumur 436 kg og hafði því vaxið um 1.694 g/dag frá fæðingu. Draumur sýnir greinilega þá miklu og góðu vaxtargetu sem faðir hans er þekktur fyrir.



## Baldur 18403 - ET (1662742-0011)

Fæddur 14. september 2018 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

| Ætt: | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Li's Great Tigre NO74039 | M. | Lara av Høystad NO49943 |
| Ff. | Hf El Tigre 28U CA1469322 | Mf. | Ivar fra Li NO74047 |
| Fm. | Elise fra Li NO30822 | Mm. | Helle av Høystad NO 34418 |
| Fff. | Hf Kodiak CA1274305 | Mff. | Blue & Gray Jackson 90V US15974345 |
| Ffm. | Hf Echo CA1274314 | Mfm. | Nn. fra Li NO29125 |
| Fmf. | Betong av Dagrød NO74017 | Mmf. | Apollo av Nordstu NO74014 |
| Fmm. | Signe fra Li NO26111 | Mmm. | Nn. Av Høystad NO27095 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Ágætlega boldjúpur með miklar útlögur, bakið breitt og holdfyllt. Holdfylling á mölum og í lærum ákaflega mikil. Fótstaða sterkleg, rétt og gleið. Mjög vel gerður og fallegur gripur á velli.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 48 kg. Við vigtun 2. maí 2019 vóg Baldur 348 kg og hafði því vaxið um 1.304 g/dag frá fæðingu. Baldur hefur ætíð sýnt jafngóða og mikla vaxtargetu en var tekinn hálfs mánaðar gamall undan móður sinni. Við það dró úr vexti hans tímabundið.



## Bætir 18404 - ET (1662742-0012)

Fæddur 14. september 2018 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

| Ætt: | | | |
|---|---|---|---|
| F. | Li's Great Tigre NO74039 | M. | Lara av Høystad NO49943 |
| Ff. | Hf El Tigre 28U CA1469322 | Mf. | Ivar fra Li NO74047 |
| Fm. | Elise fra Li NO30822 | Mm. | Helle av Høystad NO 34418 |
| Fff. | Hf Kodiak CA1274305 | Mff. | Blue & Gray Jackson 90V US15974345 |
| Ffm. | Hf Echo CA1274314 | Mfm. | Nn. fra Li NO29125 |
| Fmf. | Betong av Dagrød NO74017 | Mmf. | Apollo av Nordstu NO74014 |
| Fmm. | Signe fra Li NO26111 | Mmm. | Nn. Av Høystad NO27095 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur og útlögumikill með breitt og holdfyllt bak. Malir vel gerðar og holdfylltar, lærahold mikil og góð. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Fallegur og vel gerður gripur.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 47 kg. Við vigtun 2. maí 2019 vóg Bætir 354 kg og hafði því vaxið um 1.335 g/dag frá fæðingu. Bætir hefur frá fæðingu sýnt jafna og góða vaxtargetu en var tekinn hálfs mánaðar gamall undan móður sinni. Við það dró úr vexti hans tímabundið.


45,6% fólks á landsbyggðinni les Bændablaðið

Lestur Bændablaðsins:
20,4%
45,6%
29,5%

Bændablaðið Hvar auglýsir þú?
Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

Bændablaðið
Kemur næst út
29. maí

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# Hreinræktaðir Aberdeen Angus-nautkálfar til sölu

**Eins og áður hefur komið fram fæddust 11 hreinræktaðir Angus kálfar í einangrunarstöðinni á Stóra Ármóti síðastliðið haust og þar af voru 5 naut. Stöðin er í eigu og rekin af Nautgriparæktarmiðstöð Íslands ehf (Nautís) en það félag er að jöfnu í eigu Bændasamtaka Íslands, Landssambands Kúabænda og Búnaðarsambands Suðurlands.**

Nautin hafa vaxið og dafnað vel og er meðal þungaaukning þeirra tæp 1500 g á dag fyrstu 8 mánuðina, en kynningu á hverju nauti fyrir sig má sjá hér í blaðinu. Hugmyndin hefur alltaf verið að taka sæði úr þessum nautum þegar þau hafa aldur til og frysta og selja svo nautin til bænda en nota kvígurnar til að byggja upp hreinræktaðan holdakúastofn á stöðinni. Skv reglugerð þurfa nautin að vera í 9 mánaða einangrun á stöðinni áður en leyfi fæst til að flytja þau til bænda. Þessari einangrun lýkur í byrjun júlí í sumar og þá þarf að taka úr nautunum sýni til staðfestingar á að þau séu laus við alla sjúkdóma. Þegar það liggur fyrir hefst sæðistaka og frysting sæðis. Ef allt gengur að óskum má reikna með að nautin verði tilbúin til afhendingar til nýrra eigenda í lok ágúst eða byrjun september.

*Söluferli nautanna*

Á fundi forsvarsmanna Nautís með holdanautabændum og aðilum úr stjórn LK kom fram að mikilvægt væri að flýta sem kostur er ráðstöfun nautanna svo bændur gætu gert áætlanir um val á undaneldisgripum heima á sínum búum. Til greina komu tvær leiðir við sölu á gripum frá Nautís þ.e. annars vegar opið uppboð og hinsvegar útboð þ.e. að óska eftir skriflegum tilboðum og nú hefur stjórn Nautís ákveðið að fara þá leið, þó með fyrirfram ákveðnu lágmarksverði.

Við samningu á regluverki í kringum þetta ferli var aðallega horft til þess að tryggja dreifingu nautanna til sem flestra aðila svo þau myndu nýtast sem víðast. Stjórn Nautís hefur falið Bændabókhaldi ehf á Selfossi að sjá um framkvæmd útboðsins.

*Hverjir mega bjóða í kálfana?*

Rekstraraðilar í nautgriparækt - bæði einstaklingar og lögaðilar - geta sent inn tilboð uppfylli þeir eftirfarandi skilyrði:

1. Séu skráðir eigendur eða leigjendur lögbýlis og með lögheimili á Íslandi.
2. Stundi nautgriparækt og reki nautgripabú á lögbýlinu með virkt virðisaukaskattsnúmer og starfsemi þeirra falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.
3. Séu þáttakendur í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands og hafi sinnt fullnægjandi skilum á skýrslum fyrir framleiðsluárið 2018, sbr 4 gr. Reglugerðar nr 1261 / 2018.

*Tilboðsferill*

Tilboð verða að berast á þar til gerðu eyðublaði sem aðgengilegt verður á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands (bssl.is) en þeir sem ekki geta nálgast eyðublaðið á þann hátt geta haft samband við skrifstofu BSSL (480-1800) og fengið blaðið sent til sín.

Á eyðublaðinu er tilgreint í hvaða grip eða gripi er verið að gera tilboð en bjóða má í eins marga gripi og hver vill, en tilgreina skal hversu hátt er boðið í hvern þeirra. Ef sami aðili sendir inn fleiri en eitt tilboð gildir nýjasta tilboðið, en hver tilboðsgjafi getur bara haft eitt gilt tilboð í hvern grip. Lágmarksboð í hvern grip er 800.000 kr – áttahundruð þúsund kr - og verða lægri tilboð ekki tekin gild. Tilboðið á þar til gerðu eyðublaði þarf að senda í ábyrgðarpósti á:

*Nautgriparæktarmiðstöð Íslands, Pósthólf 35, 802 Selfoss*

Tilboðið þarf að vera póstlagt í síðasta lagi föstudaginn 31. maí 2019 en tilboðin verða síðan opnuð og unnið úr þeim þriðjudaginn 11. júní 2019.

*Ráðstöfun nautanna eftir opnun tilboða*

1. Fyrst skal ganga úr skugga um að tilboð sem borist hafa séu gild þ.e. þau uppfylli öll þau skilyrði sem sett hafa verið.
2. Komi jöfn hæstu tilboð í einhvern grip frá tveimur eða fleiri aðilum skal hlutkesti ráða í hvaða röð tilboðin raðast.
3. Gengið skal frá sölu nautanna á þann hátt að fyrst er tekin fyrir sá gripur sem hæst er boðið í, þá sá sem næst hæst er boðið í og svo koll af kolli. Komi jafn hátt boð í tvo eða fleiri gripi skal hlutkesti ráða um röð þeirra nauta við sölu.
4. Hver tilboðsgjafi getur einungis fengið keyptan einn grip. Ef sami aðili á hæsta boð í fleiri en einn grip skal hann velja hvaða tilboði hann vill halda og dettur hann þá út sem tilboðsgjafi í önnur naut.
5. Kaupandi skal ganga frá greiðslu fyrir nautið inn á bankareikning Nautís í síðasta lagi 13 júní 2019. Litið er á greiðslu á þessum tímapunkti sem fyrirframgreiðslu en nautin verða áfram í eigu og á ábyrgð Nautís fram að afhendingardegi.
6. Sé ekki greitt inn á banka á réttum tíma fellur tilboðið úr gildi og sá sem átti næst hæsta boð í viðkomandi naut fær kaupréttinn. Hafi sá aðili þegar fengið keyptan annan grip getur hann valið hvorn gripinn hann vill taka. Við svona breytingar á einum grip getur því kaupréttur breyst á fleiri nautum.
7. Ef gripur stenst ekki dýralæknisskoðun varðandi almennt heilsufar eða sæðisgæði að lokinni sæðistöku fellur sá gripur út úr sölumeðferð og fær kaupandi þá endurgreitt kaupverð. Þetta hefur þó ekki áhrif á röð tilboða eða kauprétt á öðrum nautum.
8. Berist ekki gilt tilboð í einn eða fleiri af gripunum mun stjórn Nautís ákveða hvernig með þá gripi verður farið í framhaldinu.
9.

*Fh. hönd stjórnar Nautgriparæktarmiðstöðvar Íslands*
***Sveinn Sigurmundsson***
*framkvæmdastjóri*





Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook



VÉLABÁSINN

# Hjólað í vinnuna



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Halldór V. Geirsson á hjólinu góða, nýbúinn að klára 18 holur. Myndir / HLJ

**Nú stendur yfir átakið Hjólað í vinnuna, dagana 8. til 28. maí, sem Íþrótta- og ólympíusamband Íslands hefur staðið fyrir síðan 2003. Fyrsta árið stóð þessi keppnisleikur í 5 daga og voru liðin það ár 71 og hjóluðu samtals 16 hringi kringum landið. Metfjöldi keppendaliða var árið 2011, þegar 694 lið tóku þátt og hjóluðu samtals 620 hringi í kringum landið á 15 dögum. Árið 2010 tók undirritaður þátt með því að prófa þrjú ný hjól og bar saman við eitt gamalt, árgerð 1939. Nýju hjólin voru fengin hjá reiðhjólaversluninni Erninum, en gamla hjólið er mitt.**

Skemmst er frá því að segja að ég var ekki í neinu formi til að hjóla og átti í stökustu vandræðum með að klára hverja ferð fyrir sig. Í ár eru dagarnir í keppnisátakinu 20 talsins og hafa aldrei verið svona margir. Ekki stendur til hjá mér að taka þátt í ár enda er ástandið á mínum skrokk síst betra í dag, níu árum eftir að ég prófaði síðast reiðhjól, að hjóla undir eigin afli tel ég mig ekki máttugan, en nú er komið mikið af rafmagnshjólum sem hjálpa orkulitlum mönnum eins og mér og gæti ég vel hugsað mér að prófa svona „reiðhjól“.

### *Starfsmenn Orkuveitunnar duglegir að hjóla*

Næsta hús við vinnustað minn er hús Orkuveitunnar, mikið af farartækjum Orkuveitunnar eru vistvæn, rafmagnsbílar, metanbílar og vetnisbílar. Starfsfólk Orkuveitunnar eru margir og mikill hluti þeirra koma allt árið í öllum veðrum um mislangan veg til vinnu hjólandi. Hjólin þeirra eru líka mismunandi, allt frá mótorhjólum niður í hefðbundin reiðhjól.

Mjög margir starfsmenn Orkuveitunnar eru á rafmagnshjólum og þessi rafmagnshjól þeirra eru ekkert venjuleg og fannst mér full ástæða að taka nokkra þeirra tali og kynna mér betur hjólamenninguna þeirra. Í sameiningu hafa starfsmennirnir hjálpast að við innflutning á hjólunum sem flest koma frá Kína.



Hjólið sem mér var boðið að prófa og ég kýs að kalla „Fat-bike“.

### *Vel hugsað um hjólandi starfsmenn Orkuveitunnar*

Þeim starfsmönnum Orkuveitunnar, sem ekki eiga reiðhjól eða rafmagnshjól, býðst lán hjá Orkuveitunni sem er allt að 150.000 og kallast „Samgöngulán“. Endurgreiðsla lánsins er þannig að dregin eru 7.000 kr. mánaðarlega af launum þeirra, en ef starfsmaðurinn mætir alltaf á hjólinu til vinnu og stimplar sig inn í læsta hjólageymslu starfsmanna, fær starfsmaðurinn bónus á launin sín sem kallast „Samgöngustyrkur“ og er að upphæð 7.000 mánaðarlega. Þetta gerir það að í raun fær starfsmaðurinn 7.000 króna launauppbót mánaðarlega til að borga af láninu 7.000 krónur. Sniðugt lán sem mætti vera hjá fleiri lánastofnunum.

Aðstaða fyrir hjólin er mjög góð hjá Orkuveitunni, lokuð geymsla fyrir verðmæt hjólin, viðgerðaraðstaða og þvottaðstaða eru við hlið hjólageymslunnar og allir geta hlaðið rafmagnshjólin sín meðan þeir vinna.



Hjólageymslan hjá Orkuveitunni. Lengst til hægri er viðgerðaraðstaðan og til vinstri full og læst hjólageymslan.

### *Golfhjól á um 300.000*

Halldór V. Geirsson á „rafmagnsvespu“ sem lítur út eins og ofvaxið hlaupahjól með sæti. Hann býr í vesturbæ Kópavogs og hjólar á rafmagnsvespunni sinni daglega til vinnu. Halldór, sem flestir kalla „Dós“, segist vera fljótari eftir reiðhjólastígunum á rafmagnsvespunni í vinnuna úr vesturbæ Kópavogs heldur en á bíl.

Hjólreiðastígakerfið og göngustígar á minni leið til og frá vinnu eru mjög hentug, bein og fín tiltölulega fljótfarin leið. Hún er um 10 km hvor leið, sem tekur um 10 mín. að fara á hjólinu, en sé farin sama leið á bíl tekur það um fimm mínútum lengri tíma á mesta annatíma. Halldór notar þetta sama hjól sem „golfbíl“, eða öllu heldur golfhjól. Er festing fyrir golfpokann á vinstri hliðinni. Þegar er stoppað virkar botninn á golfpokanum í raun sem standari á hjólinu. Golfvöllurinn skemmist heldur ekkert af standaranum fyrir vikið.

### *Belgmikil dekk með mikla fjöðrun*

Þórður Jakobsson og Hörður Eyþórsson nota hjól sem kölluð eru „Fat-bike“ reiðhjól með venjulegum fótstigum og rafmagnsmótor sem hjálpar, en dekkin eru mjög belgmikil.

Hörður hjólaði í allan vetur til og frá vinnu ef ekki var hálka þar sem eð hann á ekki nagladekk.

Þórður notaði hjólið í öllum veðrum í allan vetur enda á vel negldum dekkjum, með góð ljós á hjólinu. Hann var líka áberandi vel klæddur í sýnileikafatnaði og var hreint aðdáunarvert að sjá eljuna í honum í öllu þessu dæmigerða misjafna íslenska veðri. Persónulega fannst mér Þórður bera af í sýnileika af hjólandi starfsmönnum Orkuveitunnar sem hjóluðu framhjá mínum vinnustað á leið í og úr vinnu.

Mér bauðst að prófa svona „Fat-bike“ eins og Þórður og Hörður eiga. Það kom mér á óvart hversu krafturinn í rafmagnsmótornum var mikill og einnig hvað það virtist lítið mál að fara upp á kantsteina og holur án þess að finna mikið fyrir því. Eftir þessa litlu prufu væri ég alveg til í að eiga eitt svona hjól til að leika mér á.



Alla daga er hjólageymslan hjá Orkuveitunni svona full.



Alls staðar eru hjól á öllum lausum rýmum í bílageymslunni.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Aukin ökuréttindi, lærdómur sem kemur öllum vel



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Daginn eftir 17 ára afmælið mitt fékk ég bílpróf, prófið var á bíl sem mátti hlaða allt að 5.000 kg og á fólksflutningabíl með farþega upp að 16 án gjaldtöku. Hingað til hefur þetta dugað, vinnubíllinn tómur er um 8 tonn og má ekki hlaða hann meira en 5 tonn, en einstaka sinnum þarf að keyra inn og út af verkstæðinu þar sem ég vinn við stærri rútur og bíla en mín réttindi leyfðu.**

Bílprófin breyttust þann 1.1. 1997 fyrir hefðbundin réttindi til að aka bíl (réttindi B), í að bíllinn mátti með hleðslu aldrei vera þyngri en 3.500 kg og farþegafjöldinn hámark 8. Samkvæmt þessu þá voru synir mínir tveir ekki með mikil ökuréttindi. Fyrir um ári síðan fórum við feðgar að skoða tíma og staði til að auka ökuréttindi okkar og ekkert virtist henta vegna árekstra við vinnu, en Ökuskóli Austurlands var til í að sníða námskeið sem hentaði okkur.

### *Réttindi A-B-BE-C-CE-D-DE*

Eftir tvær helgar og nokkur kvöld fyrr í vetur á námskeiðum í umferðarfræði, skyndihjálp og vélfræði var komið að því að fara austur á Egilsstaði og klára námið á „vertíðarhraða.0148“ eftir vikudvöl í skólatörn frá 8.00 til 22–23.00 á kvöldin.

Allt gekk upp og allir þrír náðu réttindunum sem stefnt var á, stóð að vísu tæpt hjá gamla manninum sem náði að krækja sér í sömu villuna í öllum þrem verklegu prófunum. Það var fyrir að halda vitlaust um stýrið, ávani sem erfitt er að venja sig af.



Páll Sigvaldason, SLF, leigir Ökuskóla Austurlands ökutæki og verð ég að segja að mér fanst rútan næstum of flott fyrir ökukennslu. Myndir / HLJ



Skyndihjálp er bæði bókleg og verkleg, hér kannar kennarinn ástand eldri sonarins.

### *Nám sem ætti að gagnast öllum*

Stéttarfélög styrkja nám til aukinna ökuréttinda þannig að þetta nám er ekki endilega svo dýrt (Efling veitir allt að 300.000 og VR 390.000 svo eitthvað sé nefnt).

Námskráin fyrir aukin réttindi er býsna fjölbreytt, þegar maður renndi yfir hana fyrirfram fannst mér sem að 16 tíma námskeið í skyndihjálp væri full mikið (hafði ekki hugsað mér að verða skurðlæknir), en það sem maður lærði í skyndihjálpinni var tími sem ég sé ekki eftir og hefði alveg mín vegna mátt vera lengri.

Nafnið umferðarfræði fannst mér ekki hljóma vel, en þarna er farið nánast yfir allt sem hugsanlega kemur umferð við, reglugerðir til hópferða og leigubílaakstur, umhverfismál, hleðslufræði og margt fleira er kennt og farið ítarlega yfir. Nám sem er svo fræðandi að hvetja mætti menn til að fara í svona nám.

### *Furðulegar reglur um kennslu við að læra á rútu*

Ljúka þarf ákveðið mörgum ökutímum á hvert próf sem tekið er við mismunandi aðstæður. Ein er sú regla sem er hreint óútskýranleg og spurði ég bæði ökukennarann og prófdómarann út í hana, en hvorugur gat gefið mér svar sem ég sætti mig við. Þannig er að sá sem tekur rútupróf verður að keyra að lágmarki tvær kennslustundir á Akureyri eða í Reykjavík (hringtorg og umferðarljós). Einhvers konar regla sem er svo gömul að enginn man hvenær hún var sett. Fyrir mér er þetta það sem mundi kallast „landsbyggðarnið“, eitthvað sem mætti breyta svo að nemendur á Austurlandi og annars staðar á landinu þurfi ekki að keyra hundruð kílómetra til þess eins að keyra í hringtorgi og stoppa á rauðu ljósi.





Hér vantar alla öryggishugsun. Svona frágangur á farmi á hvergi að sjást.

### *Eftir aukin ökuréttindi sér maður umferðina öðruvísi*

Allir náðum við réttindum þeim sem við fórum í upphafi í að ná, þetta var erfitt, en þegar fór að hilla undir lok námskeiðsins var greinilegt að strákarnir ætluðu sér að skora hærra en gamli maðurinn. Það fór svo að yngri strákurinn „rústaði“ þessu, en ég og eldri strákurinn deildum silfrinu.

Á heimleiðinni horfðum við mikið á stóru bílana. Horfðum á umferðina meira frá sjónarhorni þess að aka stórum bílum á mismunandi vegum og vorum við fljótir að sjá óásættanlega hleðslu á grjótbílnum sem við tókum fram úr á Skeiðarársandi.

Á leiðinni heim ræddum við um námskeiðið og vorum við sammála um að allir hefðu gott af því að fara á svona námskeið.

BRIGGS & STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR




**Á bænum Kornsá búa Harpa Birgisdóttir og Birgir Þór Haraldsson. Þau tóku við búskap af foreldrum Hörpu vorið 2017.**

**Býli:** Kornsá.

**Staðsett í sveit:** Í Vatnsdal, fegurstu og veðursælustu …

**Ábúendur:** Harpa Birgisdóttir og Birgir Þór Haraldsson.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við erum tvö með tvo fjárhunda, Kappa og Lottu.

**Stærð jarðar?** 650 ha.

**Gerð bús?** Sauðfjárbú.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 600 kindur og 30 hross.





**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Það er árstíðabundið eins og gengur og gerist á sauðfjárbúum. Harpa fer til vinnu á Blönduósi en hún starfar sem ráðunautur hjá RML.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Ætli okkur finnist ekki skemmtilegast í sauðburði og fjárragi á haustin. Engin sérstök bústörf leiðinleg en alltaf leiðinlegt þegar vélar bila og skepnur veikjast.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Með svipuðu sniði, vonandi meiri afurðir og betri hross.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Við teljum að þeir sem þar starfi standi sig vel og teljum mikilvægt að allir bændur óháð búgreinum standi saman.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vel.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Með því að halda á lofti hreinleika íslenskra búvara og þeirra aðstæðna sem við framleiðum við.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Skyr.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Lambalæri.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Við fengum lambhrút undan Ösp 13-326 og Klett frá Borgarfelli fyrir þremur dögum, það var mjög gaman.

MATARKRÓKURINN

# Sushi-pitsa og vegan kasjúhnetuís



Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari







**Sumir eru óöruggir í að rúlla sushi-rúllur eða maki. Þess vegna er góð tilbreyting að gera sushi-pitsu og það er líka auðvelt.**

Sushi hrísgrjón eru styttri hrísgrjón en þessi venjulegu og verða klístruð sem gerir það auðveldara að halda sushi-inu saman. Þau eru tilvalin fyrir pitsubotn með ýmsu áleggi að austurlenskum sið.

## Hrísgrjóna sushi-botn

- 2 bollar sushi hrísgrjón
- 2 bollar kalt vatn
- ½ bolli hrísgrjónaedik
- 2 msk. sykur
- 1 msk. salt
- 4 tsk. matarolía
- ½ avókadó, sneiðar
- ½ flak lax, þunnt skorið
- ¼ agúrka
- 2 msk. sneiddur graslaukur
- ½ msk. kavíar eða annað til skrauts
- ½ tsk. svört sesamfræ

*Aðferð*

1. Setjið hrísgrjón í fínt sigti og skál með köldu vatni í þrjú skipti, hrærið kröftuglega og lyftið sigtinu upp þar til allt vatn hefur runnið af. Skolið vel á milli. Þetta er gert til að skola burt óþarfa sterkju.
2. Leggið hrísgrjónin í mælda vatnið í uppskriftinni, látið suðuna koma upp frekar hratt. Dragið hita niður í lágmark með loki og látið malla í 15 mínútur. Takið af hitanum og látið standa í tíu mínútur.
3. Blandið hrísgrjónaediki, salti og sykri saman í skál. Hrærið þar til sykur og salt eru leyst upp. Setjið út á heit hrísgrjónin og blandið varlega saman við sleikju. Látið standa í tíu mínútur.
4. Skiptið hrísgrjónablöndunni í fjórar kúlur, á stykki af nori-þara eða á smjörpappír, fletjið hvern bolta í sentimetra þykkt.
5. Hellið fjórum teskeiðum af olíu á pönnu sem er miðlungsheit. Steikið á einni hliðinni, þar til grjónin eru stökk og léttgullin, í um 2 mínútur. Gerið það svo sama á hina hliðina.
6. Færið grjónin yfir á skurðbretti og skerið hverja sushi-pitsu í fjórðung. Skreytið með avókadó, gúrku, laxi og graslauk. Toppið með kavíar eða því meðlæti sem á að nota og stráið sesamfræjum yfir og framreiðið með wasabi-aioli.

## Wasabi-aioli

- 1 eggjarauða
- 1 tsk. Dijon-sinnep
- 1 bolli góð bragðlítil olía
- 2 tsk. wasabi duft
- 2 msk. hrísgrjónaedik

Í meðalstórri skál er eggjarauðan þeytt (eða notið tilbúið majónes) kryddið með sinnepi. Hrærið stöðugt á meðan hellt er hægt, þar til blandan er orðin þykk. Hrærið í wasabi-dufti og hrísgrjónaediki saman við til bragðbætingar.

## Vegan kasjúhnetuís eða -jógúrt



